**MARGRÉT JÓHANNSDÓTTIR**

*Tekur þátt í maraþoni í London*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**IÐNAÐARBLAÐ**

*Sérhæfð framleiðsla eykur verðmæti*

Sérblað um íslenskan iðnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. mars 2006 — 72. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# KB banki tekur 43 milljarða króna lán

**KB banki fékk um fjórum sinnum hagstæðari kjör á sambankaláni í Evrópu en með útgáfu skuldabréfa. Bankinn hefur lokið yfir þriðjungi af endurfjármögnunarþörf ársins. Í nýrri skýrslu Morgan Stanley er ekki mælt með bankanum.**

**VIÐSKIPTI** Skrifað verður í vikunni undir sambankalán í Evrópu til Kaupþings banka að upphæð allt að 500 milljónir evra, um 43 milljarðar króna. 27 bankar taka þátt í láninu, en millibankalánamarkaður er einn valkosta í fjármögnun banka við hlið skuldabréfaútgáfu.

Sambankalánið er annars vegar til þriggja og hins vegar til fimm ára og kjörin sem bankanum bjóðast sögð afar hagstæð, 17,5 og 23,5 punktum yfir Euribor, millibankavöxtum í Evrópu. Til samanburðar segir Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Fjárstýringar KB banka, að ávöxtunarkrafa fimm ára skuldabréfa hafi verið 70 til 80 punktum yfir Euribor.

Í gær kom út ný skýrsla þar sem fjárfestingarbankinn Morgan Stanley mælir ekki með KB banka sem fjárfestingarkosti á skuldabréfamarkaði og greinir þar á milli hans og hinna bankanna tveggja. Guðni segir erfiðara með fjármögnun á skuldabréfamarkaði að sinni og telur að í kjörunum sem þar bjóðast endurspeglist neikvæð skrif greiningardeilda að undanförnu. Heldur kveður þó við jákvæðari tón í skýrslu Morgan Stanley.

„Augljóst var að markaðurinn fór á flótta um leið og Merrill Lynch gaf út sína skýrslu og eins þegar Fitch breytti lánshæfishorfum ríkisins," segir hann en telur bankann vel settan hvað varðar frekari fjármögnun. Hann segir bankann hafa tímann fyrir sér, gjalddagar séu ekki fyrr en með haustinu og uppi séu áætlanir um útgáfu skuldabréfa bæði í Bandaríkjunum og Asíu, auk þess sem bankinn eigi líka 8,7 milljarða í auðseljanlegum eignum, ef í harðbakkann slær. „En við fengum góðar móttökur í sambankaláninu. Kjörin eru góð og endurspegla traust á Kaupþingi banka á evrópskum bankamarkaði," hann. Heildarendurfjármögnun bankans á árinu nemur um 1,3 milljörðum evra, fyrir utan endurfjármögnun bankanna FIH og Singer og Friedlander, en þeir bankar sjá um sína endurfjármögnun sjálfir.

Sjá síðu 12 / - óká



TF-LÍF ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR Í VIÐHALDI Í fyrsta sinn er aðeins unnið á dagvöktum við viðhald á þyrlum Landhelgisgæslunnar. Flugvirkjarnir mæta klukkan átta og eru farnir klukkan fjögur. Rekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar segir árangur þess tvíþættan. Flugvirkjar þurfi að sýna nákvæmni við störf og yfirvinna því óhentug auk þess sem peningar sparist. Jón Erlendsson flugvirki stóð vaktina í gær. Viðgerðin er tæplega hálfnuð en minni þyrla Gæslunnar er til reiðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óánægja kraumar hjá starfsfólki í Hafnarfirði vegna kjaramála:

# Forstöðumenn segja upp

**STARFSMANNAMÁL** „Það eru fjórir forstöðumenn félagsmiðstöðva búnir að segja upp og hugsanlega eru fleiri uppsagnir á leiðinni," segir Árni Guðmundsson, æskulýðsfulltrúi í Hafnarfirði, en átta félagsmiðstöðvar eru þar í bæ. Uppsagnirnar taka gildi 1. mars.

Einn þeirra sem sagt hafa upp er Ólafur Þór Ólafsson. „Það er tvennt sem veldur óánægju okkar og það er í fyrsta lagi hversu lengi hefur tekið að vinna starfsmatið sem verkalýðsfélögin og sveitarfélögin hafa verið að vinna að. Við erum búnir að heyra það nokkuð lengi að þeirri vinnu sé að ljúka en nú eru menn búnir að fá nóg. Svo þykir okkur starf okkar ekki vera metið sem skyldi og eru sömu störf til dæmis í Reykjavík mun betur launuð."

Árni segir að sá munur geti verið um 50 til 60 þúsund krónur á mánuði.



ÓLAFUR ÞÓR ÓLAFSSON FORSTÖÐUMAÐUR

„En í raun þarf ekki að leita svo langt til að fá staðfestingu á þessu vanmati bæjaryfirvalda," heldur Ólafur Þór áfram, „ég gæti fært mig um stofu og unnið fyrir sama vinnuveitanda en aðeins með annan titil og hækkað þannig grunnlaun mín hátt í tuttugu prósent. Eins er til dæmi um aðstoðarforstöðumann hjá Hafnarfjarðarbæ sem hætti störfum og fór að vinna almenn störf hjá bænum og hækkaði í launum við það. Mér finnst að bæjarvöld í Hafnarfirði ættu að hafa meiri metnað og reyna að tryggja það að starfsmenn þeirra séu í fremstu röð þegar kemur að kjaramálum eins og raunin var fyrir nokkrum árum. En það er af sem áður var," bætir Ólafur Þór við. - jse



BYSSUMAÐUR Lögregla stendur vörð við dómshúsið þar sem réttað er í máli Zacarias Moussaoui. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöld yfir Moussaoui:

## Frestað vegna saksóknara

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur dómari frestaði réttarhöldum yfir al-Kaída manninum Zacarias Moussaoui í gær, eftir að upp komst að saksóknarar hefðu gefið nokkrum vitnum leiðbeiningar um hvernig þau skyldu svara og haga sér í vitnastólnum.

Dómarinn ætlar sér að athuga hvort þessi afskipti saksóknaranna verði til þess að möguleg dauðarefsing verði afnumin í málinu gegn Moussaoui, en hann er eini maðurinn sem ákærður hefur verið í tengslum við hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin í september 2001. - smk

Úrvalsvísitalan hríðfellur:

## Tíu prósenta lækkun í mars

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan lækkaði um 3,8 prósent í gær og fór niður fyrir sex þúsund stig í fyrsta skipti í tvo mánuði. Þarf að leita aftur til október árið 2004 til að finna eins mikla lækkun á einum degi.

Frá byrjun mars hefur Úrvalsvísitalan lækkað um 9,6 prósent eða um 630 stig. Jafnframt veiktist krónan um 1,7 prósent og hefur ekki verið veikari síðan í september árið 2004.

Hlutabréf í fjármálafyrirtækjunum lækkuðu mest og féll KB banki um 5,7 prósent, Landsbankinn um 4,9 prósent og Glitnir um 4,2 prósent. Mest lækkuðu bréf í FL Group, um 6,7 prósent. Velta gærdagsins á hlutabréfamarkaði var 12.758 milljónir króna og var gríðarlegur fjöldi viðskipta á bak við hana. - eþa

### Spenningur í loftinu



Tökur á kvikmyndinni Mýrinni eftir Arnald Indriðason hefjast í næstu viku. Persónur myndarinnar eru bæði skrautlegar og skemmtilegar.

FÓLK 26

### Ráðgjöf og ábyrgð



Fréttamenn mikla ábyrgð í þessu flókna þjóðfélagi sem við búum í, segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 18

### Forgengilegar náttúrumyndir



Myndlistarkonan Mireya Samper hefur opnað sýningu í galleríinu Hún á Skólavörðustíg. Þar sýnir hún ljóðrænar myndir um náttúruna.

MENNING 37

### Aftur á ferðina



Handknattleikskappinn Alexander Petersson er búinn að jafna sig eftir slæmt kjálkabrot á EM í Sviss og byrjaður að æfa. Hann stefnir á að spila með Grosswallstadt eftir tvær til þrjár vikur.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** - Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt, en þó 5-10 m/s á Vestfjörðum. Bjartviðri norðan og austan til og skýjað á landinu sunnan og vestanverðu. Hiti 1-6 stig í dag, svalast norðaustan til.

VEÐUR 4

*Við höfum líka skipt um nafn*

*...og erum flutt*

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14 • Sími: 551 4680




1+7=1

ÍSLANDSBANKI OG 7 DÓTTURFYRIRTÆKI OG STARFSSTÖÐVAR SAMEINAST UNDIR EINU NAFNI

GLITNIR



## SPURNING DAGSINS

*Guðjón Ólafur, færðu ekki bara að sitja á breska þinginu?*

„Ég færi létt með að bæta því á mig. Ég ræði þetta við Blair."

Það er í nógu að snúast hjá Guðjóni Ólafi Jónssyni en hann er orðinn þingmaður eftir að Árni Magnússon sagði af sér. Guðjón stundar nám í Skotlandi samhliða þingmennskunni.

Flutt rænulaus á sjúkrabörum út af dansleik á Selfossi:

# Gæti hafa verið byrlað eitur

**LÖGREGLA** Lögreglan rannsakar hvort ungri konu um tvítugt hafi verið byrlað eitur og henni nauðgað á afviknum stað þar sem dansleikur var haldinn á Selfossi aðfaranótt laugardags. Konan var flutt rænulaus á sjúkrabörum út af dansleiknum og með sjúkrabíl á Neyðarmóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Lögreglan vill ekki greina ítarlega frá rannsókn málsins þar sem henni er ekki lokið. Hún segir manninn, sem er á svipuðu reki og konan, hafa verið handtekinn um morguninn eftir ábendingar starfsfólks skemmtistaðarins. Hann hafi virst allsgáður en lyfjaniðurstöður hafi ekki borist sem staðfesti það. Maðurinn sé sá eini sem liggi undir grun og skoðað verði hvort ungu konunni hafi verið byrlað eitur eða hvort hún hafi verið ofurölvi.

Konan hefur ekki kært manninn heldur rannsakar lögreglan málið vegna tilkynningar starfsfólksins. Hún hefur ekki fengið staðfest hvort maðurinn misnotaði konuna. Þau þekktust ekki.

Maðurinn hefur ekki komið við sögu lögreglu áður. **- gag**



**FRÁ SELFOSSI** Lögreglan hefur ekki lokið rannsókn máls konu sem flutt var á Neyðarmóttöku Landspítalans eftir dansleik á föstudagskvöldið. Tildrögin liggja ekki fyrir.

Baugsmál í tvennu lagi:

## Dæmt verður á morgun

**BAUGSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur kveður upp dóm á morgun um ákæruliðina átta í Baugsmálinu sem voru til aðalmeðferðar seint í febrúar. Þetta hefur verið tilkynnt málsaðilum.

Settur saksóknari hefur nú eftir helgina farið yfir trúverðugleika tölvugagna með matsmönnum. Skýrslur hafa verið teknar af einstaklingum hjá embætti lögreglustjóra vegna málsins, meðal annars af Jóni Gerald Sullenberger sem nú hefur réttarstöðu sakbornings en ekki vitnis. Saksóknari hefur ekki ákveðið hvort ákært verður aftur á grundvelli ákæruliðanna sem vísað var frá dómi. **- jh**



**FLUGVÉL STERLING** Danska félagið er í eigu FL Group.

Flugfélagið Sterling:

## Missir stóran kúnna til SAS

**DANMÖRK** Ein stærsta ferðaskrifstofa Danmerkur, Star tour, hefur gert samning við flugfélagið SAS um að flytja tvö hundruð þúsund farþega næstu tvö ár.

Star tour-ferðaskrifstofan er í dag stærsti viðskiptavinur flugfélagsins Sterling í leiguflugi, samkvæmt frétt Berlingske tidende í gær. Samningurinn við SAS tekur gildi í haust og er talinn vera virði 350 til 400 milljóna danskra króna. Sterling er í eigu FL Group. **- ks**

Ný könnun í Danmörku:

## Fylgi Þjóðarflokksins vex

**DANMÖRK** Fylgi við danska Þjóðarflokkinn heldur áfram að aukast samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Mælist það nú rúm sautján prósent og er fylgisaukningin rakin til uppþotsins í kjölfar birtingar Jótlandspóstsins á teikningunum af Múhameð spámanni.

Stefna Þjóðarflokksins í málefnum innflytjenda gengur lengra en annarra flokka á danska þinginu.

Fylgi jafnaðarmanna heldur áfram að minnka en flokkur Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra bætir lítillega við sig. **- ks**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Einn tekinn ölvaður** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði einn ökumann á sunnudagskvöldið vegna gruns um ölvun við akstur. Sá grunur reyndist á rökum reistur og má ökumaðurinn búast við ökuleyfissviptingu.

# Angi glæpasamtaka í Austur-Evrópu

**Lithái var í síðustu viku stöðvaður á Keflavíkurflugvelli með tvær flöskur af vökva sem ætlaður var til framleiðslu fíkniefna. Dósent í lyfjafræði segir auðvelt að verða sér úti um leiðbeiningar um fullvinnslu á amfetamíni.**

**FÍKNIEFNI** Lithái á þrítugsaldri var fyrir skömmu tekinn með vökva í léttvínsflöskum, sem grunur leikur á að hafi verið ætlaður til framleiðslu á amfetamíni.

Maðurinn var að koma frá London þegar hann var stöðvaður með flöskurnar við hefðbundið eftirlit á Keflavíkurflugvelli.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir margt benda til þess að málin sem upp hafa komið hér á landi í tengslum við ferðir Litháa hingað til lands séu angi af skipulagðri glæpastarfsemi sem eigi rætur sínar í Austur-Evrópu. „Það eru grunsamlega mörg fíkniefnamál sem upp hafa komið hér á landi er tengjast ferðum Litháa hingað til lands. Það er vart hægt að draga aðra ályktun en að þessi mál séu hluti af umfangsmikilli alþjóðlegri glæpastarfsemi."

Maðurinn sem tekinn var í síðustu viku var með liðlega þrjá lítra af vökva sem líklegt þykir að hafi verið ætlaður til amfetamínframleiðslu.

Tveir Litháar til viðbótar, sem eru enn í haldi lögreglu, voru stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli í byrjun febrúar. Rúmlega sex lítrar af vökva sem ætlaðir voru til framleiðslu á amfetamíni hafa verið gerðir upptækir.



**LÖGREGLAN Í LITHÁEN AÐ STÖRFUM** Þrátt fyrir sífellt umfangsmeiri aðgerðir lögreglunnar í Litháen gagnvart skipulagðri glæpastarfsemi fæst lítið við hana ráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líklegt má telja að andvirði efnanna sem hægt er að vinna úr vökvanum nemi tugum milljóna króna.

Jakob L. Kristinsson, dósent í lyfjafræði við Háskóla Íslands, segir það ekki erfitt að verða sér úti um leiðbeiningar um það hvernig eigi að búa til amfetamín, þar sem upplýsingar um það séu aðgengilegar á veraldarvefnum. „Það þarf lágmarksþekkingu í efnafræði, auk reynslu af tilraunavinnu, til þess að geta unnið með þau áhöld sem þarf til þess að búa til amfetamín. Í sjálfu sér geta allir gert þetta en efnin sem notuð eru til amfetamínvinnslu eru eftirlitsskyld og þess vegna dýru verði keypt."

Litháarnir þrír eru nú í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni en samkvæmt gæsluvarðhaldsúrskurði rennur varðhaldið út seinna í þessum mánuði.

Starfsmaður alþjóðalögreglunnar Interpol, í höfuðstöðvum lögreglunnar í Lyon í Frakklandi, gat ekki veitt upplýsingar um umfang fíkniefnamisferla sem rakin eru til Austur-Evrópu, þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gær. Hann staðfesti þó að mikinn fjölda fíkniefnamála í norðanverðri Evrópu mætti rekja til austur-evrópskra glæpasamtaka sem stýrðu fíkniefnamörkuðum af mikilli hörku.

**magnush@frettabladid.is**



**JÓHANN R. BENEDIKTSSON** Telur líklegt að síendurtekin fíkniefnamál Litháa hér á landi tengist alþjóðlegri glæpastarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**SLYSSTAÐURINN** Áreksturinn var harður eins og sést á fólksbílnum. Ökumaður hans var fluttur á gjörgæslu en ökumann rútunnar sakaði ekki.

Harður árekstur á Sæbraut:

## Einn fluttur á gjörgæslu

**SLYS** Alvarlegt umferðarslys átti sér stað á gatnamótum Sæbrautar og Súðavogar fyrir hádegi í gær þegar fólksbíll og rútubifreið rákust á með þeim afleiðingum að ökumaður fólksbílsins slasaðist illa.

Var hann fluttur á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss, þar sem hann gekkst undir aðgerð skömmu síðar. Gekk hún vel og var líðan mannsins eftir atvikum í gærkvöldi. Var hann ekki talinn í lífshættu. **- aöe**

Réttarhöld hefjast í dag:

## Fimm ákærðir vegna banaslyss

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð hefst í dag í máli ríkissaksóknara gegn fimm mönnum sem ákærðir hafa verið vegna vinnuslyssins sem varð í Hafrahvammsgljúfri við Kárahnjúka 15. mars 2004, með þeim afleiðingum að maður á fertugsaldri lést.

Maðurinn sem lést var að merkja fyrir borun við bergvegg í gljúfrinu þegar grjót hrundi úr bergveggnum með fyrrnefndum afleiðingum.

Réttarhöldin fara fram í Héraðsdómi Austurlands. **- mh**


FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi



**Ný og endurbætt ensk-íslensk/ íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi er komin út.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

***Kynningarverð: 8.800 kr.***

ORÐABÓKAÚTGÁFAN


Slobodan Milosevic sendi rússneskum yfirvöldum bréf á föstudaginn:

# Vildi læknishjálp í Moskvu

**BELGRAD, AP** Vangaveltur um dánarorsök Slobodans Milosevic taka á sig ýmsar myndir. Á sunnudaginn sýndi Zdenko Tomanovic, lögfræðilegur ráðgjafi Milosevic, fjölmiðlum sex síðna bréf sem Milosevic skrifaði til rússneskra stjórnvalda á föstudaginn.

Í þessu bréfi, sem rússneska utanríkisráðuneytið staðfesti að hefði borist þangað á sunnudag, kvartar Milosevic undan því að fá ekki fullnægjandi læknismeðferð í Haag og óskar eftir því að fá að gangast undir meðferð í Moskvu.

Hollenskur eiturefnafræðingur, Donald Uges að nafni, skýrði síðan frá því í gær að fyrr á þessu ári hefði hann fundið leifar af lyfinu Rifampicin í blóði Slobodans Milosevic. Uges segir að Rifampicin sé lyf sem „auki virkni lifrarinnar" og geti valdið því að önnur lyf, sem Milosevic hafi tekið við hjartakvillum sínum, hafi eyðst fljótt.

Milosevic var 64 ára gamall og þjáðist bæði af of háum blóðþrýstingi og hjartavöðvastækkun. Krufning leiddi í ljós að hann hefði látist af völdum hjartaáfalls, en nokkrir dagar líða þangað til vitað verður hvaða efni voru í líkama hans við andlátið. Sjá síðu 16 **- gb**



**ZDENKO TOMANOVIC** Lögfræðilegur ráðgjafi Milosevic sýnir fjölmiðlum bréfið sem forsetinn fyrrverandi skrifaði rússneskum stjórnvöldum daginn fyrir andlát sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Allt

## í einu korti

e² Vildarkort – Nýtt VISA kreditkort sem sameinar alla kosti Vildarkorts Icelandair og e-kortsins.

- Vildarpunktar og endurgreiðsla – allt í sömu færslunni
- Viðbótarvildarpunktar hjá yfir 100 samstarfsaðilum
- Viðbótarendurgreiðsla hjá yfir 200 samstarfsaðilum ásamt veglegum sértilboðum

**Sæktu um e² Vildarkortið á www.e2.is**



ENDURGREIÐSLA VILDARPUNKTAR




spron

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

e² Vildarkort

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,5 | 71,84 |
| Sterlingspund | 123,43 | 124,03 |
| Evra | 85,25 | 85,73 |
| Dönsk króna | 11,426 | 11,492 |
| Norsk króna | 10,684 | 10,746 |
| Sænsk króna | 9,09 | 9,144 |
| Japanskt jen | 0,601 | 0,6046 |
| SDR | 102,31 | 102,91 |

*Gengisvísitala krónunnar*

119,6527

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eitt stærsta fíkniefnamál sem upp hefur komið á Litla-Hrauni:

# Fangi tekinn með eiturlyf

**FÍKNIEFNAMÁL** „Þetta virtist vera um hundrað grömm af hassi og töluvert magn amfetamíns en lögregla þarf að rannsaka efnin áður en gengið er úr skugga um það," segir Kristján Stefánsson, forstöðumaður fangelsisins að Litla-Hrauni.

Fangaverðir fundu efnin við leit á fanga sem var að koma úr dagsleyfi fyrir helgina en magnið er að sögn Kristjáns það mesta sem tekið hefur verið við eftirlit í fangelsinu í langan tíma. „Ég hef ekki nákvæmar tölulegar upplýsingar um það en það liggur fyrir að þetta er það mesta í mjög langan tíma."

Að sögn Valtýs Sigurðssonar, forstöðumanns Fangelsismálastofnunar, stendur ekki til að breyta dagsleyfum fanga vegna þessa atviks jafnvel þó magnið hafi verið mikið. „Mér vitandi hefur þetta ekki gerst annars staðar og við munum ekki endurskoða dagsleyfin í ljósi þessa. Þau eru mörgum svo mikilvæg og reynslan af þeim góð svo það gerum við ekki. Þeir sem þau fá vita hvað verður séu þau misnotuð og það er afar sjaldan sem svo er enda vita menn að þeir geta verið teknir í tékk hvenær sem er og það er sjaldgæft að það finnist eitthvað." - aöe



**FANGELSIÐ AÐ LITLA-HRAUNI** Fangi á leið inn eftir dagsleyfi reyndi að smygla hundrað grömmum af hassi og töluverðu magni amfetamíns með sér inn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vatnalagafrumvarpið:

## Skoða nýjar upplýsingar

**STJÓRNMÁL** Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, segir að upplýst hafi verið á fundi iðnaðarnefndar Alþingis í gær að íslensk stjórnvöld hafi þegar í nóvember síðastliðnum gert fyrirvara um vatnatilskipun Evrópusambandsins. Stjórnarandstæðingar krefjast nú svigrúms til þess að kynna sér málið og tengsl þess við vatnalagafrumvarpið.

Kolbrún telur að eitt af markmiðum stjórnvalda með vatnalagafrumvarpinu sé að tryggja ríkið gagnvart skaðabótakröfum landeigenda vegna Kárahnjúkavirkjunar. - jh

Forsætisráðherra Svíþjóðar:

## Flokksformaður í tíu ár

**SVÍÞJÓÐ** Á morgun, 15. mars, hefur Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, verið formaður jafnaðarmanna í tíu ár og þriðjudaginn 21. mars hefur hann verið forsætisráðherra í tíu ár. Persson hefur stundum verið kallaður „Sá sem ákveður".



GÖRAN PERSSON

Vefútgáfa Dagens Nyheter greindi frá því í gær að Persson fengi háar einkunnir í ríkismálum og þjóðhagfræði í forsætisráðherratíð sinni en mun lægri einkunnir hvað varðar framtíðarsýn og hugmyndafræðilegan skýrleika. - ghs

Dugguvogur 10:

## Framkvæmdir stöðvaðar

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmenn byggingafulltrúaembættisins í Reykjavík hafa látið stöðva framkvæmdir við innréttingu íbúða og skrifstofa á efri hæðinni að Dugguvogi 10 í Reykjavík þar sem leyfi hefur ekki verið veitt fyrir framkvæmdunum.

Fréttablaðið hefur greint frá því að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafi heimsótt Dugguvoginn til að kanna hvort útlendingarnir sem þar starfa hafi tilskilin leyfi. Lögregla var svo kölluð á staðinn og er talið líklegt að málið fari í kæruferli. Málið snertir ekki fyrirtækið á jarðhæð hússins. - ghs

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Harður árekstur við Akranes** Tveir slösuðust í árekstri vörubíls og fólksbíls á þjóðvegi 51 skammt frá Akranesi í gær. Voru þeir fluttir til Reykjavíkur en meiðsl þeirra reyndust ekki lífshættuleg.

# Forstjóri og ráðherrar hunsuðu varnaðarorðin

**Fyrir tveimur árum varaði öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna dómsmálaráðherra, forsætisráðherra og fyrrum forstjóra Landhelgisgæslunnar við áhrifum fjárskortsins á flugöryggi gæslunnar. Á hana var ekki hlustað. Tæknistjóri flugdeildar Gæslunnar segir flugrekstur og fjárskort banvæna blöndu.**

**ÖRYGGISMÁL** Dómsmálaráðherra, fyrrverandi forsætisráðherra og fyrrverandi forstjóri Landhelgisgæslunnar fengu allir bréf frá Öryggisnefnd íslenskra atvinnuflugmanna veturinn 2004 þar sem hún varaði við þeim áhrifum sem fjárskortur væri farinn að hafa á öryggismál í flugrekstri Gæslunnar. Formaður nefndarinnar, Jakob Ólafsson, segir stöðuna óbreytta nú einu og hálfu ári síðar.

Jakob var flugöryggisfulltrúi Gæslunnar veturinn 2004 og sagði af sér þar sem hann óttaðist aðsteðjandi hættu í rekstrinum yrði ekki horfið frá niðurskurði sem viðgengist hefði um margra ára skeið. Tafist hefði að senda varahluti út til eðlilegs viðhalds auk þess sem gengið hefði stórlega á varahlutalager flugdeildarinnar vegna fjárskorts.

„Ég hef ekki orðið var við að stjórnvöld hafi brugðist við varnaðarorðum okkar," segir Jakob. Fyrrum forstjóri Gæslunnar sem og núverandi, Georg Lárusson, dragi úr því að hætta steðji að starfsmönnunum. Staðan sé þó greinilega ekki góð þar sem tæknistjóri flugdeildar Landhelgisgæslunnar, Oddur Garðarsson, segi upp störfum. Hann treysti sér ekki til að ábyrgjast flugöryggi vélanna fyrir það fé sem til þess er ætlað.

Oddur hefur óskað eftir því að starfa sem flugvirki hjá Gæslunni í stað þess að vera tæknistjóri. „Flugrekstur og fjárskortur er banvænn kokteill," segir Oddur. Hann vilji hvorki bera ábyrgð á því að fara fram úr fjárheimildum né skerða flugöryggi starfsfélaga sinna þar sem hvort tveggja sé lögbrot.

Sólmundur Jónsson, rekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar, segir reksturinn í járnum. Þannig eigi það hugsanlega að vera hjá ríkisfyrirtækjum en kostnaðarhækkanir hafi ekki verið bættar upp milli síðustu ára. Þær nemi nokkrum tugum milljóna, en Gæslan fái 1.200 milljónir í rekstrarfé á ári.

Í fyrsta sinn er aðeins unnið að viðhaldi þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, á dagvinnutíma. Um fimmtán hundruð vinnustundir þarf fyrir þrjú þúsund flugtíma skoðunina. Um sjö hundruð er lokið og er áætlað að þyrlan verði flughæf 7. apríl. Sólmundur segir að auk þess að spara peninga krefjist verkið nákvæmni og því ekki ákjósanlegt að hafa tæknimenn í mikilli yfirvinnu. Minni þyrla Gæslunnar sé til reiðu. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagðist á blaðamannafundi í gær hyggjast bregðast við fjárhagsvanda Gæslunnar, en útlistaði ekki nákvæmlega hvernig það yrði gert. gag@frettabladid.is



**Á TOPPI TF-LÍF** Flugvirkinn Jón Erlendsson athugar handbragðið á toppi þyrlunnar.

**VIÐGERÐ Á ÞYRLU LANDHELGISGÆSLUNNAR** Flugkostur Landhelgisgæslunnar er tíu, tuttugu og þrjátíu ára gamall. Fokker-flugvélin er elst og verður skipt út á næsta ári. Þessi vél, TF-LÍF, er yngst og er í viðhaldsskoðun sem er hálfnuð og verður vélin tilbúin um 7. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**16. MARS - Gvendardagur**

Samkvæmt gamalli þjóðtrú skiptir miklu máli hvernig veðrið er þann 16. mars en það er á fimmtudaginn. Sá dagur er dánardagur Guðmundar góða Arasonar Hólabiskups og nefnist Gvendardagur. Þjóðtrúin segir: Því verra veður þann dag, þeim mun betra vor. Það eru indælishorfur fyrir fimmtudaginn. **Ætli vorið verði því hart og kalt??**

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg suðaustlæg átt og skýjað. Hiti 3-5 stig í dag

*um hádegi »*




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C hálfskýjað | París | 9°C heiðskírt | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Osló | -3°C hálfskýjað | Berlín | -1°C hálfskýjað | Mílano | 9°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | - 1°C alskýjað | Frankfurt | 2°C hálfskýjað | New York | 13°C skúrir |
| Helsinki | - 4°C alskýjað | Madríd | 20°C hálfskýjað | San Francisco | 13°C skúrir |
| London | 7°C hálfskýjað | Barcelona | 14°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 27°C skúrir |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.





FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# GÓÐ ÁVÖXTUN







Árið 2005 var gott ár fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn. Virk eignastýring sjóðsins skilaði sjóðfélögum hærri ávöxtun en fjárfestingarstefna hans segir til um.

## Traust staða tryggingadeildar

Staða tryggingadeildar er traust, en eignir umfram áfallnar skuldbindingar voru 24,0% og eignir umfram heildarskuldbindingar voru 7,3%. Greining eigna og skuldbindinga sjóðsins (e. Asset liability) undirstrikar jafnframt sterka stöðu tryggingadeildar, en þar kemur m.a. fram að 99,9% líkur eru á því að réttindi verði ekki skert á næstu fimm árum.[1]

1) Greining og niðurstaða er háð gefnum forsendum um ávöxtun, áhættu eignaflokka sem og óbreyttu regluverki lífeyrissjóða.

## Árangurs- og áhættumælikvarðar

| Árangurs- og áhættumælikvarðar | Frjálsi 1 | Frjálsi 2 | Tryggingadeild |
|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun 2005 (Markaðsvirði) | 15,6% | 8,1% | 17,5%* |
| Ávöxtun umfram vísitölu | 4,5% | 1,1% | 4,3% |
| Áhætta (staðalfrávik) | 4,2% | 2,9% | 4,2% |
| Árangurshlutfall (Information Ratio) | 2,9 | 0,8 | 3,0 |
| Sharpe hlutfall | 2,3 | 0,8 | 2,3 |

## Meginniðurstöður ársreiknings

*í milljónum króna*

| **Efnahagsreikningur 31.12.2005** | | |
|---|---|---|
| Eignir: | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 22.965 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 16.048 |
| Veðlán | | 194 |
| Verðtryggður innlánsreikningur | | 4.194 |
| | Fjárfestingar alls | 43.402 |
| Kröfur | | 267 |
| Aðrar eignir | | 1.432 |
| **Eignir samtals** | | **45.101** |
| Skuldir | | (264) |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | **44.837** |

| **Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2005** | |
|---|---|
| Iðgjöld | 4.094 |
| Lífeyrir | (403) |
| Fjárfestingartekjur | 5.723 |
| Fjárfestingargjöld | (164) |
| Rekstrarkostnaður | (70) |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **9.179** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | 35.658 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **44.837** |

| **Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2005** | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 1.413 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | 24,0% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | 1.658 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | 7,3% |

| **Kennitölur** | |
|---|---|
| 1) Eignir í ísl.kr | 70,1% |
| 1) Eignir í erl.mynt | 29,9% |
| Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu | 9.830 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 32.961 |
| 2) Fjöldi lífeyrisþega | 326 |

1) Ekki er tekið tillit til gjaldeyrisáhættuvarna.
2) Meðaltal lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

## Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 4. apríl nk. kl. 17.15 á Grand hótel, Sigtúni 38.

Dagskrá
1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kjör endurskoðanda
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á heimasíðu KB banka og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum KB banka að Borgartúni 19 tveimur vikum fyrir ársfund. Stjórn sjóðsins vill hvetja sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum „Uppbygging lífeyrissjóða" í árlegri keppni á vegum tímaritsins IPE (Investment & Pension Europe).



Nánari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn hjá lífeyrisráðgjöfum í síma 444 7000 eða á kblifeyrir.is.

KB BANKI

* Skuldabréf gerð upp á kaupkröfu.

ENNEMM / SÍA




## KJÖRKASSINN

*Var rétt af Íslandsbanka að skipta um nafn?*

| | |
|---|---|
| Já | 72 % |
| Nei | 28% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Styðurðu nýtt frumvarp um vatnalög?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Samstarfsmaður Saddam Hussein játar fyrir dómi:

# Fyrirskipaði aftökur á sjíum

**ÍRAK, AP** Réttarhöldin yfir Saddam Hussein og sjö meðákærðum tóku óvænta stefnu í gær þegar einn hinna ákærðu, Awad Hamed al-Bandar, viðurkenndi að hafa fyrirskipað aftöku 148 sjíamúslima í Dujail árið 1982. Al-Bandar var yfirmaður byltingardómstólsins í Írak á valdatíð Saddams og sögðu verjendur aftökurnar réttlætanlegar vegna meints banatilræðis sjíanna við þáverandi leiðtoga Íraks, Saddam, en skotið var á bílalest hans er hún ók í gegnum Dujail. Jafnframt fullyrti al-Bandar að hinir látnu hefðu allir fengið réttláta meðferð fyrir dómstólum.

Mennirnir átta eru ákærðir fyrir að bera ábyrgð á fjöldamorðinu í Dujail, sem og ólöglega fangelsun og pyntingar á fjölda annarra. Verði þeir fundnir sekir geta þeir átt von á dauðadómi fyrir aðild sína að morðunum.

Saksóknarar hafa sýnt fram á að um tíu börn voru meðal hinna 148 sem teknir voru af lífi, og hafa eftirlifandi sjíar borið vitni um hroðalegar pyntingar í fangelsi sem þeim var varpað í eftir banatilræðið. **- smk**



**RÉTTARHÖLD** Awad al-Bandar viðurkenndi í gær að hafa fyrirskipað aftökur á 148 sjíamúslimum árið 1982. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skrúfaði frá brunahönum:

# Vatnsforðinn kláraðist

**LÖGREGLUMÁL** Skrúfað var frá þremur brunahönum á Akranesi um helgina, með þeim afleiðingum að vatnsforði slökkviliðsins kláraðist. Brunahanarnir voru úr alfaraleið og því hafði enginn tekið eftir því að skrúfað hafði verið frá þeim.

Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni á Akranesi þurfti sá sem skrúfaði frá vatninu að hafa töluvert fyrir því, þar sem stóran skiptilykil þarf til þess að skrúfa frá vatninu. Ef kviknað hefði í eftir að vatnsbirgðirnar kláruðust hefði mikil hætta getað skapast.

Málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Akranesi. **- mh**


STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

**Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundavallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í tölvu.**

- Stillingar stafrænna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).
**Næsta kvöldnámskeið hefst 20. mars og lýkur 29. mars.**
**Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld kl. 18 - 21.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is




**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Meiri samstaða er nú en var milli fjármálastofnana og aðila að ná samkomulagi, ekki síst vegna aðstæðna sem skapast hafa í atvinnulífinu." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Boðar breytingar á Íbúðalánasjóði

**Forsætisráðherra vill gera Íbúðalánasjóð að heildsölubanka og segir aukna samstöðu um málið. Hann hefur beðið Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra um að hraða málinu vegna aðstæðna í efnahagslífinu.**

**EFNAHAGSMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur falið Jóni Kristjánssyni félagsmálaráðherra að hraða breytingum á Íbúðalánasjóði. „Ég hef falið félagsmálaráðherra að hraða sem mest undirbúningi á breytingum á starfsemi Íbúðalánasjóðs sem miða að því að laga hana að breyttum aðstæðum á íbúðalánamarkaðnum. Þar hafa menn sérstaklega horft til þess að breyta honum í heildsölubanka en það er jafnframt nauðsynlegt að þessi breyting verði ekki til þess að breyta í neinu því jafnræði sem er meðal landsmanna til þess að taka lán til íbúðabygginga," sagði Halldór á fundi með blaða- og fréttamönnum í gær.

Fram kom í máli hans að undanfarna daga hefðu farið fram viðræður aðila um breytingar á Íbúðalánasjóði. „Meiri samstaða er nú en var milli fjármálastofnana og aðila um að ná samkomulagi, ekki síst vegna aðstæðna sem skapast hafa í atvinnulífinu."

Árni Magnússon, fráfarandi félagsmálaráðherra, efaðist um það fyrr í vetur að breytingar yrðu gerðar á sjóðnum á yfirstandandi þingi. Í byrjun janúar lýsti hann því yfir að efnt yrði til víðtæks samráðs við samtök bankastofnana og lífeyrissjóða, aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa neytenda og fleiri aðila um stefnu í húsnæðismálum. Eitt síðasta verk hans í ráðuneytinu var að skipa verkstjórn yfir slíka vinnu.

Halldór segir enga stefnubreytingu hafa orðið um málefni Íbúðalánasjóðs með brotthvarfi Árna úr ráðuneytinu og enginn ágreiningur hafi verið milli þeirra um málið.

Halldór sagði að bankarnir hefðu komið hratt inn á íbúðalánamarkaðinn 2004 og yfirboðið Íbúðalánasjóð. „Bankarnir ætla að sýna meiri varkárni en verið hefur og er það vel. Umsvif á íbúðamarkaði eru minnkandi en íbúðaverðið hefur haldið uppi verðbólgunni. Allt bendir til þess að þessu sé að linna og ekki veitir af vegna þess að gengið hefur verið að breytast."

Aðspurður neitaði Halldór því að skýringar á ótryggu efnahagsástandi mætti rekja til pólitískrar ákvörðunar um að veita prósenta íbúðalán og síðan innreiðar bankanna á húsnæðislánamarkaðinn. „Þetta var ekki sprenging en þetta gerðist hraðar en við gátum séð fyrir," sagði Halldór.

johannh@frettabladid.is

Erfiðleikum háð að reka minnsta gjaldmiðilinn:

# Hærri vextir með lítilli krónu

**EFNAHAGSMÁL** „Það verður alltaf erfiðleikum bundið að reka lítinn gjaldmiðil," segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra varðandi umræður um möguleika Íslands á aðild að evrópska myntbandalaginu. Hann segir að íslensk heimili og íslensk fyrirtæki gjaldi fyrir smæð gjaldmiðilsins með hærri vöxtum. „Það er ekkert nema gott um það að segja að þessi mál séu rædd í fullri einlægni og hreinskilni og menn reyni að gera sér grein fyrir því hvernig eigi að bregðast við. Ef menn vilja þá bregðast við," segir Halldór.



Hann bendir á að evran sé gjaldmiðill á innri markaði Evrópusambandsins, sem Ísland eigi aðild að í krafti EES-samningsins. Þeim samningi vilji Evrópusambandið ekki breyta. „Það er mjög miður vegna þess að með því er ekki hægt að laga hann að þeim breytingum sem verða í Evrópu. Lagalega er ekkert því til fyrirstöðu - og það hefur verið farið margoft í gegnum það - að Ísland eins og aðrar þjóðir geti ekki verið aðili að evrópska myntbandalaginu."

Halldór bendir á að forystumenn í íslensku atvinnulífi sækist eftir því að verða aðilar að myntbandalaginu án aðildar að sambandinu. „Ég hef ekkert á móti því að þetta sé rætt," segir Halldór. **- jh**





ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS OGV 31680 03/2006

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða skepna prýðir þjóðfána Venesúela?*

2 *Hver tekur sæti Árna Magnússonar á þingi?*

3 *Hver sigraði í Formúlu 1 um helgina?*

SVÖR Á BLS. 34

Iðnaðarráðherra segir álver á höfuðborgarsvæðinu ekki njóta sérsamninga eins og álver á landsbyggðinni:

# Ríkið mismuni ekki fyrirtækjum

**VIÐSKIPTI** Ríkið mismunar ekki fyrirtækjum í landinu með samningum við álfyrirtæki, segir Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þeir séu samþykktir af Eftirlitsstofnun EFTA þar sem starfsemin sé á landsbyggðinni.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

„Heimilt er að styrkja fyrirtæki í ákveðinni starfsemi á landsbyggðinni. Svo vill til að sum þessara álfyrirtækja eru þar og hafa því gert ívilnandi samninga við stjórnvöld,“ segir Valgerður. Hún hafnar fullyrðingu Samtaka iðnaðarins um að stjórnvöld hafi ekki tekið ráðum þeirra um hvernig bregðast megi við flótta hátæknifyrirtækja úr landinu.

„Við erum langt komin með tillögur að úrbótum og sumar hafa þegar verið kynntar sem frumvörp í ríkisstjórn. Þar má til dæmis nefna ráð þeirra um samlagshlutafélög.“

Valgerður fylgdist með fréttum af Marel, sem segir útséð með frekari uppbyggingu á landinu vegna efnahagsástandsins.



**ÚR ÁLVERINU Í STRAUMSVÍK** Álver á höfuðborgarsvæðinu njóta ekki sérsamninga eins og þau sem eru úti á landi. Hátæknifyrirtæki sem byggðu upp á landsbyggðinni gætu notið sérréttinda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún segir að fyrirtækið fengi fyrirgreiðslu starfaði það á landsbyggðinni og Eftirlitsstofnunin samþykkti það. Hún bendir á að álfyrirtæki sem starfi á suðvesturhorninu, í Straumsvík og Helguvík, njóti ekki sérsamninga. **- gag**



**FRÁ REYKJANESBÆ** Nýtt afl í stjórnmálum á Suðurnesjum hefur litið dagsins ljós. Forsvarsmenn segja stjórnvöld ótrúverðug í sínu starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveitarstjórnarkosningar:

## Nýtt framboð í Reykjanesbæ

**REYKJANESBÆR** Hafin er undirbúningsvinna fyrir nýtt framboð í Reykjanesbæ fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Nýja framboðið ber nafnið Reykjanesbæjarlistinn.

Eitt af baráttumálum listans er að setja þrýsting á núverandi bæjaryfirvöld um aukna atvinnuuppbyggingu á Reykjanesi. Þeir sem standa að framboðinu segja stefnu bæjaryfirvalda um byggingu íbúðahúsnæðis fyrir allt að 5.000 manns ekki ganga upp nema að til komi atvinna sem tryggi afkomu einstaklinga til frambúðar og að núverandi stjórnvöld séu ótrúverðug í sínu starfi. **-shá**



**FYRIRLESTUR Í ODDA** Fullt var út að dyrum á fyrirlestri dr. Michael Rubin í Odda í Háskóla Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fyrirlesari í Odda kærður til lögreglu

**Hópur Íslendinga hefur lagt fram kæru á hendur bandarískum menntamanni sem er hér á landi á vegum Bandaríska sendiráðsins. Telja Íslendingarnir að dr. Michael Rubin hafi átt þátt í að undirbúa ólöglegt árásarstríð á Írak árið 2003.**

**STRÍÐIÐ Í ÍRAK** Bandarískur menntamaður, dr. Michael Rubin, var í gær kærður fyrir lögreglunni í Reykjavík fyrir meinta aðild að alþjóðaglæpum. Kæran var lögð fram „vegna rökstudds gruns um aðild hans að samsæri um að undirbúa ólöglegt og saknæmt árásarstríð gegn Írak árið 2003“. Árásarstríð og þjóðarmorð eru alvarlegustu alþjóðaglæpirnir.

Mið-Austurlandasérfræðingurinn Rubin er einn af ráðgjöfum Bandaríkjastjórnar og starfaði hann frá 2002 til 2004 sem ráðgjafi innan varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Kærendur telja sig hafa rökstuddar heimildir fyrir því að hann hafi unnið að undirbúningi innrásarinnar í Írak.

Rubin kom hingað til lands á vegum bandaríska sendiráðsins og um hádegi hélt hann fyrirlestur í Háskóla Íslands um rökin fyrir innrás Bandaríkjanna í Írak og hernaðaríhlutun þeirra í Mið-Austurlöndum. Fullt var út að dyrum í stofu 101 í Odda á fyrirlestrinum, sem bar h bin um ástandið í Mið-Austurlöndum og aðkomu Bandaríkjanna þar að. Benti hann á að Bandaríkjastjórn sætti ásökunum hvort sem hún hefði afskipti af málum þar eður ei. „Svo við verðum bara að gera það sem okkur þykir réttast,“ sagði Rubin, en tekið var fram í upphafi fyrirlestrarins að skoðanirnar sem kæmu fram í ræðu Rubins væru hans eigin, en ekki Bandaríkjastjórnar.

Hörð gagnrýni á stefnu og aðgerðir Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum kom fram í spurningum og umræðum eftir fundinn, en fyrir hann hafði hópur háskólanema haldið friðsamleg mótmæli í Odda. „Michael Rubin ... tók ... þátt í öflun og framsetningu gagna til að stuðla að árásarstríði á Írak,“ segir í dreifibréfi sem Elías Davíðsson tók saman og var dreift á fundinum undir yfirskriftinni: „Svolitlar upplýsingar um meinta aðild dr. Michael Rubin að alþjóðaglæpum (sem Morgunblaðið fjallar ekki um).“ Elías var jafnframt sá sem lagði fram kæruna, en nöfn þeirra sem skrifa undir hana verða birt síðar. Kærendur hafa krafist þess að Rubin verði handtekinn, yfirheyrður og, ef ástæða þykir til, lögsóttur vegna aðildar sinnar að Íraksstríðinu. Kæran er birt á vefsíðunni www.fridur.is.

**smk@frettabladid.is**



**ANNA LINDH**

Morðrannsókn Önnu Lindh:

## Kostaði 137 milljónir

**SVÍÞJÓÐ** Rannsóknin á morðinu á Önnu Lindh, þáverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar, kostaði fimmtán milljónir sænskra króna eða sem nemur 137 milljónum íslenskra króna. Þetta jafngildir því að 27 lögreglumenn hafi sinnt rannsókninni í eitt ár.

Dýrasta morðrannsóknin í Svíþjóð, og kannski öllum heiminum, er rannsóknin á morðinu á Olof Palme. Palme-rannsóknin hefur fram að þessu kostað 350 milljónir sænskra króna, sem jafngildir 3.200 milljónum íslenskra króna. **- ghs**

Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

## Meistaranám í Evrópufræðum

**MENNTAMÁL** Viðskiptaháskólinn á Bifröst hlaut nýlega sérstaka viðurkenningu og fjárstyrk frá Evrópusambandinu. Styrkurinn rennur til meistaranáms í Evrópufræðum en aðeins þær menntastofnanir sem eru í fremstu röð í fræðigreininni hljóta slíka viðurkenningu.

Faglegur bakhjarl meistaranámsins er nýstofnað Evrópufræðasetur við skólann sem starfrækt er í nánum tengslum við samtök atvinnulífs og launþega. Einnig er gott samstarf við fjölda háskóla, fræðasetra, fyrirtækja og stofnana sem sinna evrópsku samstarfi erlendis. **- shá**



**FRÁ HÓLMAVÍK** Séð yfir gamla bæjarhluta Hólmavíkur.

Hólmavík og Broddanes:

## Verða í sama sveitarfélagi

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meira en áttatíu prósent studdu sameiningu Hólmavíkur- og Broddaneshrepps. Hreppirnir verða sameinaðir í vor og kosið um nafn í næstu sveitarstjórnarkosningum.

Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri Hólmavíkurhrepps, segir marga heimamenn horfa til nafnsins Hólmavíkur en sjálf hrífist hún af nafninu Strandir, því geti allir samsamað sér. Hverjar tillögurnar verða komi í ljós.

Ásdís segir sameininguna ekki breyta miklu frá því sem nú er þar sem samvinna milli sveitarfélaganna sé mikil. Sameiningin sé í raun formsatriði.

Kjörsókn var tæp 42 prósent í Hólmavíkurhreppi, en rúm 55 í Broddaneshreppi. Um 80 prósent samþykktu. **- gag**



**FJÖR** Kínverskar konur skemmta sér í Disneylandi í Hong Kong. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umsjónarmaður hjá Þjóðleikhúsinu segir unnið að bættu aðgengi fatlaðra:

# Fötluð komst ekki á Litla svið

**AÐGENGI** „Ég ætlaði að panta miða á leikritið Eldhús eftir máli þar sem Svava Jakobsdóttir er í sérstöku uppáhaldi hjá mér en um leið og ég nefndi það að ég væri í hjólastól var mér sagt í miðasölunni að aðgengið byði ekki upp á það,“ segir Ingibjörg Sigfúsdóttir. Hún er í hjólastól vegna MS-sjúkdómsins.

Sýningin er haldin á Smíðaverkstæðinu í Þjóðleikhúsinu. „Þetta voru töluverð vonbrigði þar sem ég komst þarna fyrir nokkrum árum,“ bætir hún við.

„Við erum að gera skurk í þessum málum og í maí verður hægðarleikur einn fyrir hvern sem er að koma á allar okkar sýningar,“ segir Ásdís Þórhallsdóttir, umsjónarmaður Smíðaverkstæðisins.



**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ** Aðgengið er ekki viðunandi um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ingibjörg ætlaði að fara á sýninguna í síðasta mánuði en síðan þá hefur þegar verið sett ein lyfta við Smíðaverkstæðið, sem auðveldar aðeins aðgengið.

„Þá verður búið að snúa salnum svo að áhorfendasalurinn verður sömu megin og aðgengið og lyftur og skábrautir greiða leið þangað. Reyndar gerum við allt sem við getum svo að allir geta komið á sýningar hjá okkur við þessar aðstæður. Ég veit ekki af hverju þessum gesti var vísað frá. Við höfum hér kröftuga menn sem lyfta fólki í hjólastólum og látum jafnvel fylgdarmenn hafa frímiða þannig að þessi gestur er velkominn hingað og við munum sjá til þess að hún geti notið sýningarinnar,“ segir Ásdís að lokum. **- jse**

Disneyland í Hong Kong:

## Troðfullt í skemmtigarði

**HONG KONG, AP** Svo mikil aðsókn er í Disneyland í Hong Kong að þörf er á nýjum Disney-skemmtigarði í Kína, að sögn þarlendra ferðamálayfirvalda.

Kínverska þjóðin telur nú yfir 1,3 milljarða og virðast fjölmargir Kínverjar afar hrifnir af Disneygarðinum í Hong Kong sem var opnaður í september. Ráðamenn garðsins voru gagnrýndir harðlega eftir nýárshátíðina í janúar, þegar vísa þurfti hundruðum manna frá troðfullum garðinum. **- smk**

## TAÍVAN

**Mótmæli** Fylgismenn sameiningar Taívans við Kína mótmæltu því um helgina að nefnd um sameiningu ríkjanna hefur verið lögð niður. Telja þeir að með því séu taívönsk stjórnvöld að lýsa því yfir að sjálfstæðisbaráttan haldi áfram. Stjórnvöld í Peking viðurkenna ekki sjálfstæði Taívans.




ENNEMM / SÍA / NM20390



**INDVERSK LITADÝRÐ** Í Indlandi héldu hindúar í gær hátíð litanna, sem er vorfagnaður. Helgir menn mála sig þá í skrautlegum litum eins og til dæmis þessir kátu karlar í borginni Varanasi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maður á þrítugsaldri ákærður fyrir hættulega líkamsárás á veitingastað:

# Sló til manns með bjórglasi

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri sló annan mann með bjórglasi á skemmtistaðnum Players, þannig að glasið brotnaði á andliti hans.

Hann sagðist hafa slegið til hins í sjálfsvörn, nýbúinn að kaupa bjórinn þegar sparkað var í hann og hann kýldur á vinstra gagnauga.

Við árásina skaddaðist ákærandi á auga. Fyrir réttinum í gær lýsti hann því að hann sæi tvöfalt með öðru auga og ætti erfitt með að ná fókus. Hann hefði farið í tvær augnaðgerðir og ætti eina eftir. Sagði hann skaðann há honum í vinnu.

Hann lýsir atburðinum þannig að hann hafi farið á barinn með félaga sínum. Ákærði hafi staðið þar fyrir og ásakað hann um að hafa sparkað í sig. Upp úr því hafi átök brotist út. Við glashöggið hafi hann vankast og dottið. Árásarmaðurinn hafi stokkið á hann og látið höggin dynja á honum. Ákærði sagðist einnig hafa verið blár og marinn eftir barninginn en ekki leitað læknis. Vinir mannanna báru vitni fyrir réttinum og studdu málstað þeirra.

Ríkissaksóknari krefst sex mánaða fangelsisdóms yfir ákærða þar sem líkamsárásin hafi verið sérlega hættuleg og að hann greiði tæplega 1,8 milljónir í skaðabætur. - gag



**Á PLAYERS** Fjölmargir sækja skemmtistaðinn og voru dyraverðir fljótir á vettvang þegar maður var sleginn í andlit með bjórglasi. Málið er fyrir héraðsdómi.

Kynlífsfræðsla læknanema:

# Yfir 200 heimsóknir

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknanemar fara í yfir 200 heimsóknir á þessu ári í menntaskóla til að fræða ungmenni um kynlíf. Er þetta sjálfboðaverkefni sem hófst árið 1999. Upphaflega miðaðist kynfræðslan við kynsjúkdóma. Verkefnið hefur stækkað jafnt og þétt og segja aðstandendur árangur þess vera góðan.

Markmiðið er að nálgast ungmennin sem jafningja og fá þau til að taka þátt í tímanum og í umræðum. Reynt er að hafa fyrirkomulagið á fræðslunni eins ólíkt fyrirlestri og kostur er en talið er að þessar nálgunaraðferðir hafi mikið um góðan árangur að segja. - jóa



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Jóhann F. Þórhallsson, varaoddviti Fljótsdalshrepps, og Helgi Gíslason, formaður stjórnar Gunnarsstofnunar, undirrita samninginn.

Samningur undirritaður:

## Grýlusögur sem afþreying

**MENNING** Gunnarsstofnun og Fljótsdalshreppur hafa undirritað þjónustusamning sem felur í sér að stofnunin tekur að sér tiltekin verkefni á sviði menningar- og ferðaþjónustu fyrir sveitarfélagið.

Sérstaklega er tiltekið í samningnum að stofnunin annist þróunarverkefni sem snýst um að nýta Grýlusögur og Grýlukvæði til að skapa fjölbreytta afþreyingu fyrir ferðamenn í Fljótsdal.

Fljótsdalshreppur greiðir Gunnarsstofnun tvær milljónir á ári fyrir vinnu við verkefnin og nær samingurinn til ársloka 2007. - fb

Sameining á Ströndum:

## Tveir hreppar í eina sæng

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Íbúar Broddaneshrepps og Hólmavíkurhrepps samþykktu sameiningu hreppanna á laugardag. Kosningaþáttaka var dræm; aðeins 42 prósent í Hólmavíkurhreppi og 55,4 prósent í Broddaneshreppi en um áttatíu prósent atkvæða féllu sameiningunni í vil.

Íbúar í nýjum hreppi verða 500 talsins þegar sameiningin tekur gildi 27. maí næstkomandi. - rsr

# Árni boðar skattfríðindi í nýsköpun og þróun

**Skattfrjáls þátttaka lífeyrissjóða í nýsköpunarverkefnum verður aukin að boði fjármálaráðherra. Árafjöldi sem nýsköpunarfyrirtæki eru undanþegin venjulegum virðisaukaskattsgreiðslum fer úr sex árum í tólf.**

**NÝSKÖPUN** Með breytingum sem fjármálaráðherra gerði í gær á reglugerð um virðisaukaskatt er fyrirtækjum í nýsköpun og þróunarvinnu gefinn kostur á að fá virðisaukaskatt endurgreiddan í allt að tólf ár í stað sex eins og áður var.



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Sem sjávarútvegsráðherra lagði Árni áherslu á þróunar- og rannsóknarstarf.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að þetta eigi að koma sér vel fyrir nýsköpunarfyrirtæki sem byggi á nýrri vísinda- og tækniþekkingu þar sem þróunartími sé í mörgum tilvikum mun lengri en sex ár og tekjur aukist ekki fyrr en eftir þann tíma.

Í rauninni er verið að fresta innheimtu virðisaukaskatts af fyrirtækjum í nýsköpun og þróun. Árni segir að samhliða því að lengja tímann í tólf ár verði fyrirtækjum í þessum flokki gefinn kostur á allt að tuttugu ára greiðslufresti í stað tíu ára til þess að standa skil á innskatti af vaxandi fasteignum. Þessa breytingu verður að gera með breytingu á lögum, segir Árni, en frumvarp um þetta var lagt fram á Alþingi í gær.

Fjármálaráðherra boðar einnig breytingar sem stuðla eiga meðal annars að auknini þátttöku lífeyrissjóða í að fjármagna nýsköpunarverkefni. Þeir geta eftirleiðis lagt fé í svonefnd samlagshlutafélög sem ekki teljast sjálfstæðir skattgreiðendur. „Það hefur verið áhugi á að gera breytingar á þessu félagaformi þess efnis að samlagshlutafélög skuli ekki teljast sjálfstæðir skattaðilar nema þess sé sérstaklega óskað... Skattlagning á hagnað samlagshlutafélags fer fram hjá sjálfum eigendum og lífeyrissjóðirnir geta þá áfram notið síns skattfrelsis innan samlagshlutafélagsins.“ Árni segir að lífeyrissjóðir verði áfram skattfrjálsir varðandi þá starfsemi sem þeim er heimilt að stunda samkvæmt lögum um lífeyrissjóði frá 1997.

Árni greindi einnig frá skipun nefndar sem falið hefur verið að leggja mat á reynslu annarra þjóða af því að veita fyrirtækjum sem stunda rannsóknir, nýsköpun og þróun ríkisstyrki í formi sértækra skattaívilnana.

Um hátæknifyrirtæki sagði Árni að vandi þeirra væri misjafn. Hátt gengi krónunnar reyndist þeim verst sem væru með tekjur í erlendri mynt en vandi þeirra sem ekki væru farin að afla mikilla tekna í erlendri mynt gæti verið af öðrum toga. johannh@frettabladid.is



**PRIMEX Á SIGLUFIRÐI** Primex hóf starfsemi árið 1997. Það er dæmigert nýsköpunar- og þróunarfyrirtæki á sviði líftækni í sjávarútvegi og nýtur hugsanlega breytinganna.


VEFSMÍÐI

**Vefsíðugerð 2**

Námskeið ætlað þeim fjölmörgu sem lokið hafa smíði fyrstu vefsíðu sinnar hvort heldur í FrontPage eða Dreamweaver forritunum. Hentar einnig vel þeim sem hafa lokið grunnnámskeiðum í vefsíðugerð en vilja halda áfram og auka við þekkingu sína og færni.
Vefsíðugerðarforritið Dreamweaver MX 2004 er notað á þessu námskeiði og farið verður í helstu þætti HTML kóðunar, Javascript og CSS.

Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans **www.tsk.is**
Lengd námskeiðs 31 std
Verð kr. 39.000,-



Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 18 - 21.30. Kennsla hefst 20. mars og lýkur 5. apríl.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


Undirskriftasöfnun á Akureyri gegn tillögu að nýju aðalskipulagi:

# Vilja verslun á íþróttasvæðinu

**SKIPULAG** Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélags Akureyrar, hefur hrundið af stað undirskriftasöfnun þar sem skorað er á bæjaryfirvöld á Akureyri að heimila uppbyggingu verslunar og þjónustu á íþróttavallarsvæðinu við Akureyrarvöll. Um 400 kjósendur á Akureyri hafa ritað nöfn sín á undirskriftalistann en Ragnar segist ætla að safna 500 undirskriftum áður en bæjaryfirvöldum verður afhentur listinn í vikunni.

Samkvæmt tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Akureyri er eingöngu gert ráð fyrir íbúðabyggð og opnum svæðum á íþróttavallarsvæðinu en frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út á föstudaginn.

„Mér finnst bæjaryfirvöld ekki vera að sýna framsýni þegar lokað er fyrir víðtæka notkun á svæðinu og tenginu á milli miðbæjarins og Glerártorgs. Ég vil halda þeim möguleika opnum að þarna geti risið blönduð byggð með verslunum, þjónustufyrirtækjum, opnum svæðum og íbúðarhúsnæði. Slík notkun yrði nýjum miðbæ til framdráttar líkt og að var stefnt með verkefninu Akureyri í öndvegi,“ segir Ragnar.- kk



**MEÐ UNDIRSKRIFTALISTANN** Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélags Akureyrar, ætlar að safna 500 undirskriftum frá kjósendum á Akureyri sem vilja að ekki verði lokað á þann möguleika að verslun og þjónusta verði byggð upp við Akureyrarvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Það er óþarfi að bíða eftir Bauhaus







## Gerðu góð kaup STRAX í Múrbúðinni.

### Verðsamanburður = þinn hagur.

- ☑ Málningarvörur
- ☑ Múrvörur
- ☑ Parket og flísar
- ☑ Festingavörur
- ☑ Vélar og verkfæri
- ☑ Þéttiefni ofl.







**Neytandi, finnst þér hafa verið næg samkeppni í sölu á byggingavörum?**

**Með því að beina viðskiptum til okkar nýtur þú hagstæðara verðs og tryggir aukna samkeppni í verslun með byggingavörur.**

**Hvort skiptir þig meira máli; tilboð, afsláttarprósenta eða endanlegt verð?**




**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is





Norðlenska á Akureyri semur við Landsbankann um endurfjármögnun:

# Góðar framtíðarhorfur



SAMNINGURINN HANDSALAÐUR Árni Magnússon, fjármálastjóri Norðlenska, Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, og Helgi Teitur Helgason og Birgir Björn Svavarsson, útibússtjórar Landsbankans á Akureyri.

**VIÐSKIPTI** Norðlenska á Akureyri hefur samið við Landsbankann um endurfjármögnun birgða- og rekstrarlána og um fjármögnun á nýbyggingu sem hýsa mun skrifstofur félagsins á Akureyri og aðstöðu starfsmanna. Helgi Teitur Helgason, útibússtjóri Landsbankans á Akureyri, segir mikil umskipti til hins betra hafa orðið í rekstri Norðlenska og Landsbankinn hafi mikla trú á á framtíðaráformum félagsins.

Norðlenska er stærsti sláturleyfishafi landsins og hefur jafnt og þétt verið að styrkja stöðu sína á kjötmarkaði. Heildarmagn kjöts úr slátrun hjá Norðlenska á síðastliðnu ári var 3.850 tonn en auk þess keypti félagið um 600 tonn frá öðrum sláturleyfishöfum.

Stefnt er á að framkvæmdir hefjist næsta haust við allt að 600 fermetra nýbyggingu á lóð Norðlenska á Akureyri. Byggingin verður á tveimur hæðum; mötuneyti starfsmanna og búningsaðstaða á jarðhæð og skrifstofur á efri hæð. **- kk**

# Viðbrögð við áhættu bankanna yfirdrifin

**Morgan Stanley hafnar hugmyndum sem settar hafa verið fram um kerfislæga áhættu í íslensku bönkunum. Bankinn segir fjárfesta hafa brugðist of hart við áhættu bankanna. Mælt er með Glitni og Landsbanka, en ekki KB banka.**

**VIÐSKIPTI** Í nýrri skýrslu fjárfestingarbankans Morgan Stanley segir að fjárfestar hafi brugðist of hart við áhættu íslensku bankanna og ættu að gera á þeim meiri greinarmun. Morgan Stanley hafnar hugmyndum um kerfislæga áhættu íslensku bankanna.

„Við erum ekki þeirrar skoðunar að í vændum sé bankakrísa á Íslandi,“ segir greiningardeild bankans. Í skýrslu hennar eru settar á svið aðstæður með fimmtíu prósenta hruni í Kauphöll Íslands og veikingu krónunnar um þrjátíu prósent þannig að skrúfist alveg fyrir innkomu bankanna af hlutabréfum. Fjármögnun bankanna yrði að mati deildarinnar viðunandi áfram auk þess sem þeir hefðu áfram tekjur af hefðbundinni bankastarfsemi. Þá segir að bankarnir kæmu óskaddaðir út úr verðfalli hlutabréfa með tilliti til krosseignarhalds.



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON Forstjóri KB banka segir áhættu bankans aldrei hafa verið minni en nú.

Morgan Stanley staldrar þó við áhættu af kaupum bankanna í hlutabréfum og segir þau ógagnsæ og geta þvælst fyrir greiningu. Bankinn segir þó óhætt að mæla með kaupum í skuldabréfum Glitnis (sem fyrir helgi hét Íslandsbanki) og Landsbanka, en verð bréfanna endurspegli þegar alla áhættu. Greiningardeildin mælir hins vegar ekki með kaupum í skuldabréfum KB banka, þótt hún gjarna hefði viljað, eins og segir í skýrslunni, vegna áhættu bankans af hlutabréfastöðum.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, segist búast við að bankinn fái hagstæðari umfjöllun í næstu skýrslu Morgan Stanley. „Í fyrstu skýrslum eru menn oft frekar á neikvæðum nótum, en þeir hafa náttúrlega rétt á sínum skoðunum,“ segir hann og kveður bankann standa mjög vel. „Við höfum einbeitt okkur að vexti utan landsteinanna og vitum að þótt efnahagslíf á Íslandi sé öflugt og íslenski markaðurinn gefi mjög góða ávöxtun er hagkerfið lítið og mun sveiflast meira en önnur, eins og við sjáum um þessar mundir.“ Hann segir að bankanum hafi tekist vel upp við að dreifa áhættu á marga ólíka markaði. „Áhætta í rekstri bankans hefur aldrei verið minni.“

Hreiðar Már segir tímann verða að leiða í ljós hvort hægi á vexti bankanna vegna tregðu við öflun fjár á evrópskum skuldabréfamörkuðum í kjölfar neikvæðra umsagna greiningardeilda að undanförnu. „Við höfum hins vegar alla tíð búið okkur undir það í rekstrinum að aðgengi að þeim markaði gæti orðið minna í lengri eða skemmri tíma.“

**olikr@frettabladid.is**



MORGAN STANLEY-BYGGINGIN Í NEW YORK Greiningardeild Morgan Stanley segir í nýrri skýrslu of mikið hafa verið látið með áhættu í íslenska bankakerfinu. Í skýrslunni var sett upp álagspróf og ímynduð efnahagskreppa á Íslandi. NORDICPHOTOS/AFP

Ný skýrsla Credit Sights:

# Glitnir með sérstöðu

**VIÐSKIPTI** Í nýrri skýrslu greiningarfyrirtækisins Credit Sights er Glitnir (áður Íslandsbanki) talinn njóta nokkurrar sérstöðu meðal íslenskra banka.

Skýrsla Credit Sights ber yfirskriftina „Íslandsbanki: Öðruvísi en hinir?“ Skýrsluhöfundur veltir því upp að bankinn njóti nokkurrar sérstöðu í að hann sé á margan hátt mun hefðbundnari banki en hinir íslensku bankarnir og það endurspeglist í lægra mati markaðarins á áhættu.



NÝTT NAFN Íslandsbanki breytti nafn sínu í Glitnir á laugardaginn. Ný skilti eru komin upp á útibú bankanna.

Þá segir í skýrslunni að meira samræmi og minni tækifærisbragur sé á útrás bankans. **- óká**




# Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

- hvort sem er kaup eða endurfjármögnun

Stuttar boðleiðir:
Þú færð svar innan þriggja virkra daga
frá því að þú skilar fullnægjandi gögnum.

Nýttu þér ráðgjöf okkar og persónulega þjónustu
sem tekur mið af þínum þörfum.
Komdu við í næsta útibúi SPRON
eða hafðu samband í síma 550 1200.

HÉR & NÚ / SÍA

Fyrirtækjaþjónusta

spron.is 550 1200

spron


99 kr. dagurinn
99 kr/stk.
Ilmkerti í krukku
99 kr/pk.
Ilmkerti 4 stk. í pakka
99 kr/stk.
Ilmkerti 7 cm.
99 kr/stk.
Ilmkerti
99 kr/stk.
Mótorhjól
99 kr/stk.
Keel lyklakippur
99 kr/stk.
Leikbrúður 7 tegundir
99 kr/stk.
Hot Wheels bílar
99 kr/stk.
Neon boltar
99 kr/stk.
Bell Bear skrifbók
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/pk.
Celebration glös 3 stk.
Gildir 14. mars á meðan birgðir endast.


99 kr/pk.
Lucky Charms 396 g
99 kr/2pk.
Ömmu flatkökur 2 pk.
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/pk.
Orville örbylgjupopp
99 kr/pk.
Holta kjúklingaálegg
99 kr/2stk.
Kraft Miracle whip 2 stk.
99 kr/pk.
Samsölu beyglur
99 kr/pk.
Texas pizza 300 g
99 kr/stk.
Leppin orkudrykkur 500 ml
99 kr/pk.
Burger hrökkbrauð
99 kr/stk.
GK ís vanillu, súkkulaði
99 kr/pk.
Pagen kanelsnúðar
99 kr/stk.
Ananas
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## SVONA ERUM VIÐ
> Skrásett ökutæki hérlendis



Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** EIGNARRÉTTUR OG DÆMI UM SKORÐUR HANS

# *Eignarréttur stundum ófullkominn*

Eignarréttur er réttur einstaklings, fyrirtækis eða annars til að nota hlut, selja og ráðstafa á annan hátt. Einnig að meina öðrum að nota hann. Til er einkaeignarréttur og margvíslegur sameignarréttur.

### Hængur á eignarrétti?
Eignarréttur getur verið ófullkominn. Rithöfundurinn Hernando de Soto frá Perú telur til dæmis að hann standi fátækum þjóðum í suðri mjög fyrir þrifum. Þar hafi fólk margvíslegan nýtingarrétt, sem það geti ekki breytt í skrásettan og verndaðan einkaeignarrétt. Þess vegna liggi fjármagn þar dautt ólíkt því sem sé á Vesturlöndum.

Ragnar Árnason, prófessor í fiskihagfræði við Háskóla Íslands, hefur einnig gagnrýnt hversu ófullkominn eignarrétturinn sé á fiskistofnum á Íslandsmiðum. Rétturinn sé fólginn í aflahlutdeild, sem þýði að menn megi til dæmis veiða fimm prósent af leyfilegum þorskafla hvers ár. Margvíslegar takmarkanir séu á framsali aflaheimildanna, auk þess sem þær njóti ekki fullrar viðurkenningar sem eignaréttindi.


**HNÚFUBAKUR Á FERÐ** Hægt er að skilgreina eignarrétt á hvölum eins og fiski á Íslandsmiðum.

### Í veg fyrir útrýmingarhættu
Eignarréttarhagfræðingar telja að hægt sé að tryggja að dýrategundum verði ekki útrýmt með því að skilgreina eignarréttindi á þeim. Enginn tali um að kindur séu í útrýmingarhættu. Það sé af því að þær eru í eigu einhvers. Erfitt geti verið að merkja sér villt dýr en vart erfiðara að skilgreina einkanýtingarréttindi á þeim en á þorski, ýsu eða öðrum nytjastofnum.

### Spakmæli um eignarrétt
Garður er granna sættir. Sjaldan grær gras í almenningsgötu. Sameign gerir sundurþykki. Sinna verka njóti hver. Gott er að telja peninga úr pyngju annars. Það sem allir eiga hirðir enginn um.

Heimild: Wikipedia

## Ákærurnar



Ákærurnar á hendur Slobodan Milosevic.

- **Króatía 1991-1992** Serbar reyndu að hrekja Króata og aðra frá þriðjungi landsvæðis Króatíu með það markmið að stofna þar serbneskt ríki. Milosevic kærður fyrir níu alvarleg brot á Genfarsáttmálunum, þrettán brot gegn stríðsvenjum og tíu glæpi gegn mannkyni.
- **Bosnía 1992-1995** Serbar reyndu skipulega að hrekja alla múslima og Króata frá stórum svæðum Bosníu-Hersegóvínu. Milosevic kærður fyrir tvö þjóðarmorð, tíu glæpi gegn mannkyni, átta alvarleg brot gegn Genfarsáttmálanum og níu brot gegn stríðsvenjum.
- **Kosovo 1998-1999** Um 800 þúsund Kosovo-Albanir voru hraktir frá heimilum sínum með markvissum árásum og ofbeldi til þess að tryggja áframhaldandi yfirráð Serba yfir héraðinu. Milosevic kærður fyrir brot gegn stríðsvenjum og fyrir fjóra glæpi gegn mannkyni.


**FJÖLDAMORÐIN Í SREBRENICA** Starfsmenn Alþjóðlega refsidómstólsins rannsaka fjöldagrafir þar sem Serbar grófu tugi fórnarlamba fjöldamorðanna í Srebrenica í Bosníu árið 1995.


**HEIMILISLAUS** Þessi kona stóð í sömu sporum og tugþúsundir annarra Kosovobúa eftir árásir Serba á árunum 1998 og 1999.

# Réttarhöld áfram

**Alþjóðadómstóllinn í Haag, sem er til húsa skammt frá fangelsinu þar sem Slobodan Milosevic var hafður í haldi, hefur nú til meðferðar mál sem Bosnía hefur höfðað gegn Serbíu-Svartfjallalandi. Þetta er í fyrsta sinn sem eitt ríki höfðar mál á hendur öðru fyrir Alþjóðadómstólnum vegna stríðsglæpa.**


**HETJAN SYRGÐ** Milosevic á enn marga aðdáendur meðal Serba, jafnt í Serbíu sem víðar í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Þessi stuðningsmaður hans í Svartfjallalandi lét söknuð sinn í ljós á skrifstofu sósíalistaflokksins í Podgorica. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Bosnía höfðar þetta mál gegn leiðtogunum, sem eru fulltrúar ríkisins. Þeir hafa stofnanir ríkisvaldsins til umráða,“ sagði Edgar Chen, lögfræðingur hjá samtökum sem nefna sig Coalition for International Justice, eða Samtök um alþjóðlegt réttlæti, en þau fylgjast með stríðsglæpamálum.

Þetta mál er engu að síður ekki sakamál, sem fæli það í sér að sekt þyrfti að sanna með ótvíræðum hætti. „Sönnunarbyrði við Alþjóðadómstólinn er ekki jafn ströng,“ sagði hann í viðtali við AP-fréttastofuna.

### Deilur um grafarstað
Enn er óljóst hvar Slobodan Milosevic verður grafinn, hvort það verður í Rússlandi þar sem fjölskylda hans býr í sjálfskipaðri útlegð, í Serbíu þar sem hann er afar umdeildur, eða jafnvel í hinu smáa Svartfjallalandi, sem er í ríkjabandalagi með Serbíu. Einnig kemur til greina að hann verði jarðsettur í Haag, þar sem hann lést, finnist ekki önnur lausn.

Marko Milosevic, sonur hins látna, hyggst fara til Haag hið fyrsta til að ná í lík föður síns. Hann hefur sótt um vegabréfsáritun, en sjálfur er hann eftirlýstur fyrir stríðsglæpi.

Zdenko Tomanovic, sem var lögfræðilegur ráðgjafi Milosevic, segir að fjölskylda hans vilji að hann verði grafinn í Belgrad, en alls óvíst er hvort serbnesk stjórnvöld samþykkja það.

Tomanovic segir ennfremur að fjölskyldan fari fram á að Milosevic verði jarðaður með viðhöfn á vegum ríkisins, en Boris Tadic, forseti Serbíu, sagði á sunnudaginn að það væri fráleitt.

Marjana Markovic, ekkja Milosevic, hafði áður sagst vilja að jarðarförin yrði í Moskvu þar sem hún býr. Sjálf er hún eftirlýst af serbneskum stjórnvöldum og yrði væntanlega handtekin við komuna til Belgrad.

### Kynt undir átökum
Verði niðurstaðan sú að Milosevic verði grafinn í Serbíu má búast við harðvítugum deilum og jafnvel átökum milli stuðningsmanna hans og andstæðingu.

Í Kosovo líta sumir Serbar enn á Milosevic sem sannkallaða hetju.

„Margir óttast að grafa hann í Belgrad vegna gífurlegra vinsælda hans,“ sagði Boban Dancetovic, Kosovo-Serbi og einn aðdáenda Milosevic. „Það er ástæðan fyrir því að stjórnin vill ekki leyfa fjölskyldu hans að snúa aftur.“

Margir albanskir íbúar Kosovo, sem eiga harma að hefna, vilja á hinn bóginn að Slobodan Milosevic verði grafinn í ómerktri gröf sem ótíndur glæpamaður.

„Hann á skilið að hljóta útför glæpamanns, fyrir alla glæpina sem hann framdi í Kosovo,“ sagði Gent Berisha, Kosovobúi af albönskum uppruna.

Þótt Slobodan Milosevic sé látinn eru réttarhöld vegna framferðis Serba undir stjórn hans engan veginn úr sögunni.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

## Áratugur blóðsúthellinga

**Réttarhöldunum yfir Slobodan Milosevic var enn ólokið þegar hann fannst látinn í fangaklefa sínum á laugardaginn.**

**1989** Milosevic verður forseti Serbíu; sviptir Kosovo sjálfstæði.

**1991** Milosevic hvetur Serba í Króatíu til að grípa til vopna.

**1992** Vopnahlé í Króatíu; Bosnía-Hersegóvína lýsir yfir sjálfstæði.

**1995** Stríði lýkur í Bosníu; NATO samþykkir að senda inn herlið.

**1996** Stjórnarandstaðan sigrar í forkosningum í flestum héruðum; kosningarnar ógiltar.

**1997** Þingið útnefnir Milosevic forseta Júgóslavíu.

**1998** Milosevic sendir herlið til að brjóta á bak aftur Albana í Kosovo; samþykkir að draga herliðið til baka eftir að NATO heimilar loftárásir; árásir halda áfram.

**1999** Loftárásir hefjast; Milosevic ákærður af stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna; Júgóslavía samþykkir áform um að SÞ hafi stjórn Kosovo á hendi.

**2000** Júgóslavar kjósa forseta í beinum kosningum í fyrsta sinn; Milosevic missir völdin.

**2001** Flogið með Milosevic til Haag.

**2002** Réttarhöldin hefjast.

**2005** Réttarhöld um frestað vegna vanheilsu Milosevic.

**janúar 2006** Réttarhöldin hefjast á ný.
**24. febrúar 2006** Dómstóllinn hafnar beiðni hans um læknismeðferð í Rússlandi.
**11. mars 2006** Milosevic finnst látinn í klefa sínum í Haag.



AP








100%
Vaxtalausir dagar
SUZUKI VIT. ZV-713
Nýskráður 20.07.1999 ek. 127 þús.
Verð kr. 650 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.083
SUZUKI VIT. UJ-250
Nýskráður 23.04.1999 ek. 99 þús.
Verð kr. 690 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.950
TOYOTA RAV4 JF-806
Nýskráður 22.10.1998 ek. 122 þús.
Verð kr. 1.050 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 22.750
SUZUKI GR. VIT. DU-003
Nýskráður 30.04.1998 ek. 110 þús.
Verð kr. 900 þús.
Afborgun á mánuði
kr.19.500
STJÖRNU-
TILBOÐ
VW POLO NL-684
Nýskráður 16.06.2004 ek. 30 þús.
Verð kr. 1.050 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 22.750
SUZUKI VITARA OH-781
Nýskráður 10.02.1999 ek. 123 þús.
Verð kr. 780 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 16.900
ENGIN
útborgun!!
100% lán
Engin útborgun
Vaxtalaust í 4 ár
Aðeins í 3 daga!!!
Opið í dag frá
9-20
STJÖRNU-
TILBOÐ
FORÐ FOCUS JG-990
Nýskráður 06.03.2000 ek. 143 þús.
Verð kr. 650. þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.083
TOYOTA COR. TOUR. TP-978
Nýskráður 19.10.1999 ek. 237 þús.
Verð kr. 390 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 8.450
STJÖRNU-
TILBOÐ
SUZUKI BALENO RZ-789
Nýskráður 03.09.1999 ek. 51 þús.
Verð kr. 650 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 14.083
STJÖRNU-
TILBOÐ
SUBARU IMPREZA YT-273
Nýskráður 16.06.1999 ek. 102 þús
Verð kr. 590 þús
Afborgun á mánuði
kr. 12.783
STJÖRNU-
TILBOÐ
ALFA ROMEO OH-555
Nýskráður 04.06.1999 ek. 62 þús.
Verð kr. 850 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 18.417
STJÖRNU-
TILBOÐ
NISSAN ALMERA JE-772
Nýskráður 19.04.2000 ek. 85 þús.
Verð kr. 490 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 10.617
SUZUKI JIMNY NB-475
Nýskráður 16.06.1999 ek. 82 þús.
Verð 590 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 12.783
SUZUKI SWIFT MU-659
Nýskráður 29.05.1997 ek. 116 þús.
Verð kr. 370 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 8.017
SUZUKI LIANA SE-769
Nýskráður 26.06.2003 ek. 44 þús.
Verð kr. 1.000 þús.
Afborgun á mánuði
kr. 21.667
MEIRA EN
100
BÍLAR Í BOÐI
Kynntu þér
úrvalið
á www.suzukibilar.is
MIKIÐ
úrval af
jeppum
og 4x4!
Lán miðast við jafnar greiðslur í 48. mánuði,
lántökukostnaður innifalinn.
Suzuki notaðir bílar Skeifunni 17

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Um hvað verður kosið að ári?

## Ingibjörg sýnir á spilin

Rúmt ár er til alþingiskosninga. Í því ljósi er vert eftirtektar að rýna í það sem formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur fram að færa í sunnudagsviðtali við Fréttablaðið um málefni næstu þingkosningabaráttu. Þar segir formaðurinn, að meðal helstu stefnumála verði viðbrögð gagnvart vaxandi ójöfnuði og átök um eignarhald á auðlindum.

Þetta er tiltölulega afdráttarlaust svar. Á þessu stigi máls er vissulega ekki unnt að ætlast til útfærðra hugmynda um átakamál kosninga að ári. Þau skilaboð, sem formaðurinn sendir í viðtalinu vekja eigi að síður upp ýmsar spurningar, sem vænta má að svarað verði síðar.

Af kögunarhóli jafnaðarmannaflokks hljóta menn eðlilega að sjá jöfnuð í samfélaginu sem megin viðfangsefni. Fyrirheit um aðgerðir til þess að spyrna gegn vaxandi ójöfnuði sýnist þannig vera sjálfgefið kosningamál, og kemur engum á óvart. En á komandi mánuðum mun Samfylkingin ugglaust svara ýmsum áleitnum spurningum, er lúta að því, hvernig hún hyggst gera fyrirheit á þessu sviði að veruleika. Verður það gert með skattalækkunum til ákveðinna hópa eða skattahækkunum á aðra? Hér má einnig spyrja: Verða einhver af viðfangsefnum núverandi ríkisstjórnar aflögð í fjárlögum og önnur tekin í staðinn er meir samrýmast kosningamarkmiðunum?

Þegar eignarhald á auðlindum er boðað sem kosningamál er rétt að spyrja að hvaða breytingum er stefnt á því sviði. Er með hugtakinu þjóðareign átt við eignarrétt eða rétt löggjafans til þess að setja almennar leikreglur innan ramma gildandi eignarréttarreglna? Á að þjóðnýta einhver eignarréttindi, sem varin eru með stjórnarskrá í dag? Á að skattleggja orkunýtingu? Hvernig á að koma í veg fyrir, að hugsanleg skattlagning af því tagi komi fram á orkureikningum heimilanna?

Með hliðsjón af því sem formaður Samfylkingarinnar hefur nú þegar sagt um helstu kosningamál má reikna með, að svör við þessum spurningum og ýmsum öðrum er þessum málum tengjast verði uppistaðan í málflutningi flokksins þegar líður á árið og dregur að næsta þingi.

Hitt vekur líka athygli, að formaður Samfylkingarinnar skuli ekki á þessu stigi nefna Evrópumál né skólamál í sömu andrá og helstu kosningamál. Skólastefna hefur aldrei verið meðal helstu umræðuefna í stjórnmálum hér á landi. Þar eru engir flokkar undanskildir. Í nágrannalöndunum eru markmið og leiðir í skólamálum hins vegar alla jafna eitt helsta viðfangsefni stjórnmálaumræðunnar.

Fyrir áratug gerðu breskir jafnaðarmenn skólamálin að uppistöðuefni í kosningaboðskap sínum. Nú sýnast breskir íhaldsmenn vera að gera það sama. Reyndar hafa sjónarmið flokkanna í Bretlandi færst saman varðandi þetta mikilvæga svið samfélagsþjónustunnar. Það er athyglivert, að formaður Samfylkingarinnar sendir ekki á þessu stigi boð um nein nýmæli af þessu tagi inn í stjórnmálaumræðuna.

Þá vekur athygli, að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir, að Samfylkingin verði mótvægi en ekki hækja í hugsanlegu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Það þýði breyttan veruleika. Hún stillir Samfylkingunni hins vegar ekki upp sem mótvægi, er hafi þann tilgang helstan að koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Felur það í sér vantrú á þeim möguleika? ■




Spennandi námskeið fyrir millistjórnendur:

**Mannauðsstjórnun**

**Nýjustu aðferðir við stjórnun, hvatningu og teymisvinnu.**

Að auka fræðilega og faglega þekkingu þátttakenda á stjórnun með því að benda á nýjar og hagnýtar leiðir og tengja þær eigin reynslu þátttakenda.

Meðal námsþátta eru:
- Nýjustu aðferðir og hugtök
- Mannauðsstjórnun og hvatning
- Að leiða fólk að settu marki

Námskeiðið stendur yfir í 2 daga.
Frá kl. *8:30* til *15:50*.
Næsta námskeið hefst *29. mars*.

Nánari upplýsingar og skráning hjá *Iðntæknistofnun* í *síma 570 7100* og á vefsíðu okkar *www.iti.is*.

Iðntæknistofnun


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hrói höttur**

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hélt sinn mánaðarlega fund með blaða- og fréttamönnum í gær í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Margt ber á góma eins og áhorfendur NFS vita, en þeim gefst kostur á að horfa á fundinn í beinni útsendingu.

- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fréttakona á NFS, spurði undir lok fundarins um niðurskurð og aðhald á vegum ríkisins til þess að slá á þenslu. „Verði nú reist eitt álver, er þá ekki út í Hróa hött að reisa hátæknisjúkrahús á sama tíma," spurði Þóra Kristín. „Hátæknisjúkrahús út í Hróa hött. Ég hef ekki heyrt neinn nefna Hróa hött í þessu sambandi fyrr," svaraði Halldór. „Ég hef alltaf verið hrifinn af Hróa hetti og var það sem barn. Mér finnst vont að nota nafn hans í svona neikvæðri merkingu. Þetta var nú hetja í mínum augum þegar ég var ungur drengur og mér finnst leitt að hann skuli vera notaður með þessum hætti," sagði Halldór og áréttaði að ekki yrði horfið frá því að reisa hátæknisjúkrahús þótt hugsanlega yrði að breyta ýmsum áformum ef á reyndi.



- Þeir sem muna eftir ævintýrunum um Hróa hött og vini hans í Skíriskógi vita að hann var hundeltur af yfirvaldinu fyrir að taka frá hinum ríku og færa það fátæklingunum. - Hér er ef til vill komin fín hugmyndafræði og stefnumál fyrir Framsóknarflokkinn fyrir alþingiskosningarnar eftir rúmt ár.

**Vatnið er í þjóðlendunum**

Annars er verðugt að huga að því sem forsætisráðherrann sagði á téðum fundi um langar og ítarlegar umræður á alþingi um vatnalagafrumvarpið. Þótti honum ekkert annað en eðlilegt að endurskoða liðlega áttatíu ára lög. Stjórnarandstaðan væri háværaðasöm um málið af litlu tilefni. Hann ítrekaði orð iðnaðarráðherra um að frumvarpið hefði ekkert með virkjanir að gera og nánast væri um formbreytingar að ræða en engar efnisbreytingar. Vegna ábendinga lögmanna og dómstóla væri nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar. Á Halldóri mátti auk þess skilja að málflutningur stjórnarandstöðunnar væri mótsagnakenndur. Hún hefði gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að ganga of hart fram gegn séreignarrétti bænda í þjóðlendumálinu. „Þjóðlendumálið er stærsta málið. Þjóðlendurnar eru stærsta vatnsforðabúr þjóðarinnar," sagði Halldór og neitaði því að með frumvarpi til vatnalaga væri verið að koma á séreignarrétti á vatni.



johannh@frettabladid.is

# Ráðgjöf er eitt – ábyrgð annað

**Í DAG**
AÐ SEMJA LÖG



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Fréttamenn bera nefnilega mikla ábyrgð í þessu flókna þjóðfélagi sem við búum í. Flest okkar vita lítið sem ekkert um hvað er að gerast nema það sem við heyrum í fréttum og okkur er þess vegna vorkunn að halda heimurinn sé eins og sá sem okkur er sýndur í sjónvarpinu.*

Það hefur ábyggilega alltaf verið þannig að stjórnendur, hvort heldur fyrirtækja eða þjóða, hafa átt sér einhverja ráðgjafa og aðstoðarmenn. Einráðir kóngar voru að því leytinu varla einráðir að allt sem þeir ákváðu kæmi úr þeirra eigin hugarfylgsnum, heldur höfðu þeir ráðgjafa og ég held að það séu meira segja til sögur um að einhverjir kóngar hafi hlustað á konuna sína. Það er ábyggilega frekar aldur minn en nokkuð annað sem skýrir að þegar ég heyri um nána ráðgjafa og jafnvel ræðuritara stjórnmálamanna, þá dettur mér alltaf Kennedy forseti í hug. Hann hafði enda í kringum sig vaska sveit manna sem reyndar fór það orð af að væru of einsleitir: allir háskólamenntaðir og ríkir.

Eftir því sem lífið verður fjölbreytilegra þeim mun meiri þörf er á að stjórnmálamenn hafi sér til fulltingis fólk sem gjörþekkir þau mál sem eru til umfjöllunar. Fólk sem getur ráðið stjórnmálamönnum heilt um atriði sem ekki er hægt að gera kröfu til að þeir þekki eða kunni til hlítar. Þetta er auðvitað hlutverk ráðuneyta, en stundum þarf að leita út fyrir þann hóp til að finna þá sérþekkingu sem þörf er á. Það hlýtur á stundum að vera vanþakklátt verkefni að vera náinn ráðgjafi stjórnmálamanns því eðli máls samkvæmt eru afkvæmi slíks samstarfs ávallt eignuð stjórnmálamanninum enda er það hann sem ber ábyrgðina, verður fyrir skakkaföllum ef illa tekst til en uppsker einnig þakklætið, hrósið og ljómann þegar vel tekst til. Það er væntanlega vegna þess síðastnefnda, sem sumir sem eru í hlutverki ráðgjafans geta ekki þagað og hreykja sér t.d. af því að hafa skrifað ræður stjórnmálamanna. Þegar svo er komið eru menn komnir út fyrir þann ramma sem samstarf af þessu tagi hlýtur að byggjast á. Ég man hve ég var undrandi þegar ég í fyrsta skipti heyrði mann státa sig af því að hafa skrifað ræðu ráherrans.

Ég minnist þess ekki að hafa mikið heyrt um höfunda lagafrumvarpa fyrr en nú á síðustu vikum. Um miðjan febrúar var kynnt frumvarp til breytinga á ákveðnum ákvæðum hegningarlaga um kynferðisafbrot. Í fréttatilkynningu sagði að prófessor Ragnheiður Bragadóttir hefði samið frumvarpið að beiðni dómsmálaráðherra. Prófessorinn hefur síðan kynnt frumvarpið, athugasemdir hafa borist og samkvæmt nýrri fréttatilkynningu hafa þau ráðherrann nú sett punkt aftan við frumvarpið og hyggst hann leggja fyrir ríkisstjórn að það verði lagt fyrir Alþingi. Allt er þetta gott og blessað og jafnvel til fyrirmyndar ef öllum er ljóst að nú er hlutverki prófessorsins lokið og ráðherrann hefur tekið við. Héðan í frá hlýtur hann að svara spurningum sem varða frumvarpið en ekki hún.

Það er hins vegar ekki nóg að prófessornum og ráðherranum sé þetta ljóst heldur verður fréttamönnum að vera það líka. Fréttamenn bera nefnilega mikla ábyrgð í þessu flókna þjóðfélagi sem við búum í. Flest okkar vita lítið sem ekkert um hvað er að gerast nema það sem við heyrum í fréttum og okkur er þess vegna vorkunn að halda heimurinn sé eins og sá sem okkur er sýndur í sjónvarpinu.

Nú síðustu daga hafa verið harðar deilur á Alþingi um vatnalög. Nafna mín Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, sem flytur málið sagði um málflutning stjórnarandstöðunnar um frumvarpið að hann væri „svo ómerkilegur að engu tali tæki". Valgerður er reyndar óvenju uppstökk þessa dagana og skammar ekki bara stjórnarandstöðuna heldur líka Moggann. Manni dettur í hug að henni sé farið að leiðast óþarflega mikið í vinnunni, fyrst hún nennir ekki að svara efnislega gagnrýni á málflutning hennar hvort heldur er um vatnalög eða myntbandalög – en þetta var útúrdúr.

Fjórða grein frumvarpsins um vatnalögin er um eignarhald á vatni, svolítið grundvallaratriði finnst sumum en öðrum auðsjáanlega ekki. Hvað gera þá fréttamenn? Þeir ná í einn af höfundum frumvarpsins og spyrja hann. Með þeirri gjörð gefa þeir í skyn að hér sé um tæknilegt en ekki pólitískt atriði að ræða. Rýrð er varpað á málflutning stjórnarandstöðunnar með því að gefa í skyn að þetta sé tækniatriði sem sérfræðingur geti svarað. Fréttamenn eiga að vita að þegar frumvarp er komið fyrir þingið þá eru það stjórnmálamennirnir sem einir bera ábyrgð á þeim en ekki sérfræðingarnir eða ráðgjafarnir sem skrifuðu textann.


MARKAÐURINN

**Mest lesna viðskiptablaðið**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## RUÐNINGSÁHRIFIN ERU OFMETIN

*Jón Þorvaldur Heiðarsson hagfræðingur* SJÁ BLS. 4

## SÉRHÆFÐ FRAMLEIÐSLA EYKUR VERÐMÆTI

*Íslenska járnblendifélagið* SJÁ BLS. 2




[ SÉRBLAÐ UM ÍSLENSKAN IÐNAÐ – ÞRIÐJUDAGUR 14. MARS 2006 ]

# iðnaðarblaðið




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip

Klæðskerasniðnar lausnir

"Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur."

Arnar Snær Kárason
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

# Helmingur veltu varðar stóriðju

## Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, telur að nóg verði að gera fyrir alla á byggingamarkaðnum, haldi stóriðjuframkvæmdir áfram.

Ekki kvarta allir undan þenslu í íslensku efnahagslífi. Nú er sannkölluð gósentíð hjá verktakafyrirtækjum landsins. Einna stærst þeirra er Ístak og fer fyrirtækið ekki varhluta af framkvæmdagleði landans frekar en önnur verktakafyrirtæki um þessar mundir.

Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, segir að um helmingur veltu Ístaks varði stóriðju, en heildarvelta fyrirtækisins var á síðasta ári um tólf milljarðar og hefur hún aldrei verið meiri í sögu félagsins. „Það hefur komið mikið fjármagn inn í greinina í gegnum lánastofnanir, nú er auðveldara aðgengi að lánsfé og það hefur ekki síst skilað sér í aukinni eftirspurn eftir nýju íbúðarhúsnæði,“ segir Loftur.

Framkvæmdastjórinn er bjartsýnn á framhaldið. „Ef menn halda áfram í stóriðjuframkvæmdum tel ég að nóg verði að gera fyrir alla á byggingamarkaðnum,“ segir Loftur. Hann segir jafnframt að gott aðgengi að erlendu vinnuafli skipti sköpum fyrir byggingariðnaðinn og íslenska hagkerfið. „Að geta flutt inn erlent starfsfólk gerir það að verkum að ekki myndast eins mikil spenna á markaðnum og sökum þess verður þenslan verður ekki eins mikil,“ segir Loftur.

Ístak var stofnað árið 1970 og eitt af fyrstu verkum fyrirtækisins var að ráðast í malbikun hringvegarins árið 1971. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Nú sérhæfir fyrirtækið sig í mannvirkjagerð hvers konar og í upphafi árs voru helstu verkefni þess bygging stöðvarhúss hjá Kárahnjúkum, stækkun Norðuráls og flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, bygging nýs verslunarhúss Ikea í Urriðaholti og jarðgangagerð í Suðurey í Færeyjum.



Bygging stöðvarhúss við Kárahnjúka.

# Scania söluhæstur

Samkvæmt sölutölum Umferðarstofu voru alls skráðir 269 hefðbundnir vöru- og flutningabílar, 16 tonn og stærri, á árinu 2005 og er það mesta skráning frá upphafi í þessum flokki.

Scania var söluhæsti vörubíllinn, en alls voru skráðir 85 Scania vörubílar á síðasta ári. Er þetta fimmta árið í röð sem Scania er söluhæsti vörubíllinn í þessum flokki. „Þetta er mesta sala á Scania vörubílum frá upphafi eða frá árinu 1954 þegar fyrsti Scania-vörubíllinn var fluttur inn til landsins,“ segir Ásmundur Jónsson, framkvæmdastjóri Vélasviðs HEKLU. „Við erum



mjög bjartsýnir á næsta ár, enda liggja nú þegar fyrir nokkuð margar staðfestar pantanir á bílum til afgreiðslu á árinu 2006. Við gerum engu að síður ráð fyrir að árið verði eitthvað minna en árið 2005.“

Af vefsíðunni www.hekla.is.



Ingimundur Birnir, framkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins, segir hátt gengi krónunnar hafa haft neikvæð áhrif á fyrirtækið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aukin verðmæti með sérhæfðri framleiðslu

## Íslenska járnblendifélagið hefur sett sér það markmið að taka yfir magnesíum kísilmálmframleiðslu innan Elkem.

Íslenska járnblendifélagið framleiðir og selur staðalkísiljárn sem er blanda af járni og kísilmálmi sem nýtist í járnsteypu og til járnframleiðslu. Hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess, GTT, Fangi og Klafi, starfa um 200 starfsmenn og er velta fyrirtækisins í dag um sjö milljarðar á ársgrundvelli. Ársframleiðsla fyrirtækisins á kísiljárni er um 120.000 tonn sem er um þriggja prósenta markaðshlutdeild á heimsmarkaði.

Þenslan í þjóðfélaginu og hátt gengi íslensku krónunnar hafa haft neikvæð áhrif á fyrirtækið að sögn Ingimundar Birnis, framkvæmdastjóra Íslenska járnblendifélagsins. „Þegar svona mikið er að gerast í umhverfinu er erfitt að halda innlendum kostnaðarliðum niðri. Hátt gengi hefur líka mikil áhrif á rekstur okkar eins og annarra framleiðslufyrirtækja sem standa í útflutningi,“ segir Ingimundur.

Ingimundur Birnir segir þó spennandi tíma framundan hjá fyrirtækinu. Hann segir félagið vera að færa sig yfir á stöðugri markaði með vöru sína og er hann bjartsýnn á að það eigi eftir að gefa góða raun til langs tíma litið. Fyrirtækið er einnig mögulega að bæta við framleiðslu sína.

„Við höfum sett okkur það markmið að taka yfir magnesíum kísilmálmframleiðslu innan Elkem og er verkefni okkar í dag að sannfæra yfirstjórn fyrirtækisins ytra, um að Ísland sé rétti staðurinn til að framleiða þetta efni,“ segir Ingimundur. „Ef þessi framleiðsla flyst yfir til félagsins er fyrst og fremst verið að lengja framleiðslukeðjuna og því þarf ekki að stækka verksmiðjuna. Stækkun fyrirtækisins verður ekki í tonnum talið heldur frekar í auknu verðmæti með sérhæfðri framleiðslu.“

Íslenska járnblendifélagið á Grundartanga hefur verið starfrækt frá árinu 1975. Félagið var stofnað af ríkisstjórn Íslands í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide en það síðarnefnda dró sig út úr rekstrinum ári síðar. Í stað þess kom norska fyrirtækið Elkem inn í samstarfið og hefur það haldist óslitið síðan og er Elkem meirihlutaeigandi járnblendifélagsins í dag.

Upphaflega var verksmiðja fyrirtækisins teiknuð með fjóra bræðsluofna og var ráðist í byggingu tveggja þeirra í fyrsta áfanga. Fyrri ofninn var tekinn í notkun árið 1979 og sá síðari ári seinna. Þrátt fyrir að kísiljárnsmarkaðurinn hafi reynst sterkur í byrjun rekstrarins, olli seinni olíukreppan á heimsmarkaði miklum afturkipp á stálmörkuðum og var fyrirtækið rekið með halla til ársins 1984 sökum þess. Öllum áformum um stækkun verksmiðjunnar var því slegið á frest.

Árið 1993 skilaði félagið lítilsháttar hagnaði og næstu fimm árin varð samfelldur hagnaður á rekstrinum og óx eigið fé félagsins mikið. Stækkun verksmiðjunnar var svo samþykkt árið 1998 og var þriðji ofn fyrirtækisins tekin í notkun ári seinna. Engar fyrirhugaðar áætlanir eru uppi um hvenær ráðist verður í byggingu fjórða ofnsins.


**Kerrur í miklu úrvali!**

- Jeppakerrur
- Fólksbílakerrur
- Bílaflutningakerrur
- Kerrur með uppákeyrslubúnaði fyrir smávélar og mótorhjól.



VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is


# Risavaxinn rafall frá Japan

## Fyrsta vélasamstæðan á leið í Hellisheiðarvirkjun.

Fyrsti hluti vélasamstæðu, risavaxinn rafall, sem fara á í Hellisheiðarvirkjun vó um 145 tonn hingað til lands kominn og var hann um einn og hálfan mánuð á leiðinni til landsins sjóleiðis, frá verksmiðjum Mitsubishi í Japan.

Þessi fyrsti hluti vélasamstæðunnar verður fluttur ásamt túrbínu í virkjunina á næstu dögum auk fjölda gáma með fylgihlutum af öllu tagi. Önnur vélasamstæða er á leiðinni til landsins og verður hún sett upp á vordögum.

Framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun hafa gengið vel samkvæmt Orkuveitu Reykjavíkur og eru á áætlun. Stefnt er að því að raforkuframleiðsla hefjist í virkjuninni á haustmánuðum samkvæmt sölusamningi.



Rafallinn var fluttur á stórum flutningabíl.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# Draumurinn er að rætast



**ÍAV byggja tónlistar- og ráðstefnuhús**

ÍAV mun sjá um byggingu 26.000 fermetra tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurhöfnina í Reykjavík. Húsið mun m.a. rúma stóran tónleikasal, kammertónlistarsal og ráðstefnusal. Með tilkomu hússins rætist langþráður draumur um fyrsta flokks aðstöðu til tónlistarflutnings, auk þess sem Ísland kemur sér enn betur á kortið sem spennandi kostur fyrir stærri ráðstefnur og fundi.

Húsið mun mynda kjarnann í gríðarlegri uppbyggingu á svæðinu, sem verður um 100.000 fermetrar þegar allt er talið. Áætlað er að framkvæmdir hefjist veturinn 2006.

**ÍAV eru stoltir af að fá að takast á við þetta mikla verkefni.**

Samstarfsaðilar ÍAV við bygginguna eru Landsafl og Nýsir hf.
Arkitekt er Teiknistofa Henning Larsen í Kaupmannahöfn.

ÍAV

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

# Ruðningsáhrifin eru ofmetin

Svokölluð stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar hefur verið gagnrýnd mikið undanfarið. Sitt sýnist hverjum og efast margir um að bygging álvers sé sú lyftistöng fyrir nærsamfélögin til langs tíma litið eins og af hefur verið látið.



„Framkvæmdirnar við Straumsvík voru mun stærri hluti af efnahagslífinu þá heldur en framkvæmdirnar fyrir austan eru af efnahagslífinu núna,“ segir Jón Þorvaldur. MYND/ÆGIR ÞÓR EYSTEINSSON

Jón Þorvaldur Heiðarsson, hagfræðingur hjá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, segir að spurningin sé í grundvallaratriðum sú hvort landið eigi að nýta sér sínar auðlindir eða ekki. Hann segir að hérlendis séu tvær náttúruauðlindir helstar, fiskimiðin og orkan, og hann er ekki í vafa um hvort nýta eigi þá síðarnefndu.

„Þar sem eru auðlindir er alltaf mat hvort nýta eigi þær eða ekki. Við eigum hér eina auðlind sem eru fiskimiðin í kringum landið og það er mjög arðbært að nýta þá auðlind. Hin auðlindin sem við eigum er orkan og ég er sannfærður um að það sé arðbært að nýta þessa auðlind líka. Hins vegar standa deilurnar um hvernig að þessu er staðið, hvort það sé réttlætanlegt að ríkið dragi vagninn í því að koma þessari atvinnugrein á koppinn,“ segir Jón Þorvaldur.

Hann segir kosti og galla við nýtingu auðlindarinnar vera eins og tvær hliðar á sama peningi. „Kostirnir eru þeir að við erum að nýta auðlindir sem annars væru ónýttar og ef þær reynast arðbærar mun landið hagnast á því. Hins vegar eru ókostirnir þeir að þegar ráðist er í svona framkvæmdir missum við af öðrum tækifærum sem við vitum ekki hvort hafi verið betri eða verri kostir. Samt sem áður ef markaðslögmálið gildir, ætti það sem við missum af að vera verra, því lögmálið er að alltaf er farið í hagkvæmustu fjárfestinguna,“ segir Jón Þorvaldur.

Hann segir kreppu hafa ríkt í íslensku efnahagslífi á sínum tíma þegar ráðist var í byggingu álversins í Straumsvík og því hafi verið réttlætanleg aðkoma ríkisins að því máli. „Framkvæmdirnar við Straumsvík voru mun stærri hluti af efnahagslífinu þá heldur en framkvæmdirnar fyrir austan eru af efnahagslífinu núna,“ segir Jón Þorvaldur.

Hann segir stjórnvöld hafa haft þá stefnu að leita eftir erlendri fjárfestingu hingað til landsins og þá hefur hvað mest verið einblínt á að fá fyrirtæki erlendis til að fjárfesta í stóriðju hér á landi. „Gallarnir við stóriðjuframkvæmdir af þessari stærðargráðu eru að þær hafa áhrif á efnahagslífið. Þær ryðja einhverju öðru í burtu í staðinn, um er að ræða þessi margumtöluðu ruðningsáhrif. Mín skoðun er hins vegar sú að ruðningsáhrifin af framkvæmdunum fyrir austan séu stórlega ofmetin í umræðunni,“ segir Jón Þorvaldur.

Hann er ósammála því að hátt gengi íslensku krónunnar sé framkvæmdunum fyrir austan um að kenna eins og sumir hafa haldið fram. „Ég held að nýju húsnæðislán bankanna hafi hitað hagkerfið mun meira heldur en framkvæmdirnar fyrir austan,“ segir Jón Þorvaldur.

Hann telur til að mynda að fjármunirnir sem fara í að borga mönnum laun við Kárahnjúka komi að litlum hluta inn í íslenska hagkerfið þar sem meirihluti verkamanna við framkvæmdirnar sé erlendur.

Jón Þorvaldur telur að áhrifa fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda við Húsavík muni gæta víða á Norðurlandi. Hann telur að þær framkvæmdir muni hafa minni tímabundin áhrif á hagkerfið heldur en framkvæmdirnar fyrir austan því jarðgufuvirkjun sé ódýrari í byggingu. Hann telur jafnframt að íbúum á svæðinu muni fjölga um tvö þúsund með tilkomu álversins og þar af muni íbúum á Akureyri fjölga um eitt þúsund því að bærinn sé þjónustumiðja svæðisins.






# Neikvæð umræða byggð á vanþekkingu

Hildur Björg Hrólfsdóttir tók nýverið við nýstofnaðri stöðu umhverfis- og gæðastjóra Landsnets. Hún hafði áður hlotið reynslu í slíkum málum bæði hjá Landsvirkjun og Landsneti en hefur nú formlega tekið við ábyrgð þessara málaflokka.

„Á undanförnum árum hefur verið lögð æ meiri áhersla á umhverfismál í rekstrinum og til dæmis er lagt mikið upp úr því að umhverfissjónarmið séu höfð í heiðri við allar verklegar framkvæmdir, hvort heldur sem það eru nýframkvæmdir eða vegna viðhalds,“ segir Hildur Björg.

Landsnet er raforkuflutningsfyrirtæki sem var stofnað fyrir rösku ári í kjölfar þess að á vormánuðum árið 2003 samþykkti Alþingi ný raforkulög. Landsvirkjun hafði fram að því lögum samkvæmt útvegað og afhent raforku til viðskiptavina sinna.

Með lögunum var raforkuumhverfinu skipt upp í fjóra þætti, framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu. Samkeppni var komið á í framleiðslu og sölu en ekki í flutningi rafmagns og dreifingu sem er háð sérleyfi.

Eigendur fyrirtækisins eru Landsvirkjun, RARIK og Orkubú Vestfjarða. Höfuðstöðvarnar eru í Reykjavík og hjá fyrirtækinu starfa 75 starfsmenn. Því er fyrst og fremst ætlað að annast rekstur og stjórnun flutningskerfis raforku. Framleiðendur rafmagns borga fyrir að koma raforkunni inn í flutningskerfið og þeir sem kaupa raforku borga fyrir úttekt hennar úr flutningskerfinu.

Raforka er mikilvægt hráefni við framleiðslu á áli. Á Íslandi er hún framleidd annað hvort með jarðvarma eða vatnsafli. Landsnet annast flutning raforkunnar frá framleiðanda beint til álversins.



„Því hefur t.d. oft verið haldið fram að varla fáist nokkur Íslendingur til að vinna í álveri og hvað þá íslensk kona. Þetta er byggt á slíkum reginmisskilningi að það hálfa væri nóg,“ segir Hildur Björg Hrólfsdóttir.

Hildi Björgu finnst neikvæð umræða um stóriðjuframkvæmdir og Landsvirkjun byggja að miklu leyti á vanþekkingu. „Því hefur t.d. oft verið haldið fram að varla fáist nokkur Íslendingur til að vinna í álveri og hvað þá íslensk kona. Þetta er byggt á slíkum reginmisskilningi að það hálfa væri nóg. Ég þekki ágætlega til starfa bæði hjá orkufyrirtækjum og álverum, því ég vann talsvert fyrir eitt þeirra fyrir nokkrum árum. Starfsmannavelta þessara fyrirtækja er nánast engin, sem hlýtur að endurspegla það að starfsmenn hafa gaman af vinnunni sinni og að vinnuandinn er góður.“

# Geta spornað gegn mengun með vothreinsun

Eitt miðlungsstórt álver losar jafn mikið af gróðurhúsalofttegundum og bílafloti landans.

Alkunna er að álrisinn Alcoa sendi nú á dögunum frá sér viljayfirlýsingu um að reisa mögulega álver á Húsavík. Viðbrögð við tilkynningu fyrirtækisins voru blendin. Húsvíkingar fögnuðu flestir ákvörðuninni en umhverfisverndarsinnar voru harla ósáttir. Auk annarra þátta hefur umræðan snúist að nokkru leyti um mengunina sem álver veldur í umhverfi sínu.

Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir umhverfisáhrif álvera vel þekkt. „Þetta er nokkuð stöðluð tækni og menn vita nokkurn veginn hvaða mengun kemur frá þessum verksmiðjum. Brennisteinsmengun frá þeim er mjög mikil sem og ryk í andrúmslofti og svo losa þau mikið af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Það stuðlar að hlýnun loftslags jarðar sem er alvarlegur hnattrænn umhverfisvandi. Magn gróðurhúsalofttegunda sem eitt miðlungsstórt álver losar á ári er sambærilegt við allan bílaflota landsmanna,“ segir Tryggvi.

Að sögn Tryggva geta álver spornað töluvert gegn mengun með svokallaðri vothreinsun. „Þá er tekinn hluti af því sem fer út í andrúmsloftið og settur í vatn. Það er mun heppilegra því brennisteinsefnin verða óvirk í sjó og rykmengun minnkar að sama skapi.“ Tryggvi segir að álver á Íslandi séu ekki búin þessum búnaði. „Fram til þessa hafa ekki verið gerðar kröfur um þetta á Íslandi. Þetta hafa umhverfissinnar gagnrýnt því að þeir telja að yfirvöld hér á landi séu ekki að gera ýtrustu kröfur til hreinsunar og þar af leiðandi umhverfisverndar,“ segir Tryggvi.

Við útgáfu starfsleyfis setur Umhverfisstofnun takmörk um hversu mikið af lofttegundum álver mega losa út. Tryggvi segir að svokölluð þynningarsvæði séu umhverfis álverksmiðjur, en þar er heimilt að mengun sé yfir viðmiðunarmörkum. „Þar er mengunin meiri en talið er ásættanlegt. Þynningarsvæði álversins í Straumsvík er til að mynda farið að ná upp að byggðinni og litlu munar að fólk sé komið með svæðið inn í garðinn hjá sér.“

Tryggvi segir Landvernd ekki vera í beinni andstöðu við stóriðju heldur er Landvernd á móti því að ekki séu teknar vandaðar og góðar ákvarðanir um álver. „Það sem hefur oft gerst að undanförnu er að fyrst er samið við orkukaupandann og svo er farið í að leysa framboðið á orkunni og þá er komin upp pressa um að standa við samninga,“ segir Tryggvi. „Við höfum stutt þá hugmynd sem við héldum að væri víðtæk samstaða um, að við myndum kortleggja alla þá kosti sem við höfum og reyna að tilgreina í forgangsröð þá virkjanakosti sem eru heppilegastir með hliðsjón af umhverfisáhrifum.“

Tryggvi hvetur til þess að umræðan um stóriðju sé skoðuð í réttu samhengi. „Gallinn við umræðuna, þegar talað er um stóriðju, er að oft gleymist líka að ræða það sem henni fylgir,“ segir Tryggvi og vísar meðal annars til rafmagnslínanna sem leggja þarf til verksmiðjanna, oft um langar leiðir, og því mikla raski sem lagning þeirra fylgir. „Þeim fylgja ýmis mannvirki, eins og stór orkuver, sem breyta ásýnd landslagsins mikið.“



Tryggvi Felixson segir íslenska ríkið ekki leggja nægilegar umhverfiskröfur á álver á Íslandi.

## Nýsköpun í iðnaði

Iðnþing Samtaka iðnaðarins 2006, undir yfirskriftinni Nýsköpun í hnattvæddum heimi, verður haldið næstkomandi föstudag á Hótel Loftleiðum. Þar verður rædd framtíðarsýn í atvinnulífinu og meðal ræðumanna verða Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Hans Skov Christensen, framkvæmdastjóri Dansk Industri. Að ræðuhöldum loknum verða pallborðsumræður um framtíðarsýn, atvinnustefnu, hnattvæðingu, gjaldmiðla og Evrópumál. Þingið stendur yfir frá kl. 13 til kl. 16 í þingsal 1 á Hótel Loftleiðum, og er öllum opið. Gestir geta skráð sig á vefsíðunni www.idnadur.is og er aðgangur ókeypis.



Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra er meðal ræðumanna.


Vinnuvélar á frábæru verði!




Verð frá kr. 989.000.- án vsk.

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is




ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík

Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is




ENNEMM / SÍA

www.alcan.is



## Í LEIT AÐ BRÚÐARKJÓL

Margar tilvonandi brúðir fara að litast um eftir hinum eina sanna kjól mörgum mánuðum fyrir giftinguna.

BRÚÐKAUP 6



## HLAKKAR MIKIÐ TIL

Rúrik Andra Þorfinnssyni finnst fermingarfræðslan gagnleg en kemur lítið nálægt undirbúningi fermingarveislunnar.

FERMING 8



## ALLT HITT

**[ FERMINGAR, HEILSA OG BRÚÐKAUP ]**

**Nýr** hjólasalur var nýlega tekinn í notkun í Baðhúsinu. Fleiri komast nú að í hjólatímana í Baðhúsinu og ekki veitir af þar sem áhuginn er mikill að sögn forsvarsmanna Baðhúsins.

**Klakastytta** er falleg veisluprýði í bæði fermingar, brúðkaup og aðrar veislur. Hægt er að búa til alls konar styttur en hægt að nálgast frekari upplýsingar um slíkar styttur á heimasíðunni klakastyttur.is.



**Verslanir** eru nú margar hverjar byrjaðar að bjóða upp á fermingartilboð. Slík tilboð eru líka oftast á vörum sem eru líklegri en aðrar til þess að vekja lukku hjá fermingarbarninu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 14. mars, 73. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.50 | 13.37 | 19.25 |
| Akureyri | 7.36 | 13.22 | 19.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Tekur þátt í maraþoni

***Margrét Jóhannsdóttir, viðskiptastjóri hjá Glitni, hefur varla linnt á sprettinum frá því að hún byrjaði að hlaupa fyrir rúmum tveimur árum. Nú er hún á leiðinni til London í maraþon.***

„Ég gat varla labbað milli hæða, né skokkað milli tveggja ljósastaura svo ég sá að ég yrði að gera eitthvað í mínum málum til þess hreinlega að komast í gegnum dagana. Því byrjaði ég að æfa mig heima á bretti til að geta komist inn í hlaupahópinn í Grafarvogi.“ Þannig lýsir Margrét tildrögum þess að hún hóf að hlaupa reglulega þrisvar í viku fyrir tveimur árum. Uppskeran lét ekki á sér standa og strax á fyrsta sumri hljóp hún hálft maraþon.

Nú setur hún stefnuna á London í apríl til að hlaupa heilt maraþon, ásamt 34 öðrum Íslendingum, þar af 14 úr Grafarvoginum. „Mér fannst strax svo skemmtilegt að hlaupa og svo er frábært að vera komin í form og hafa jafnframt svona mikla orku,“ segir Margrét ánægjuleg og þakkar ekki síst frábærum félagsskap í hlaupahópnum þennan árangur. „Alls eru um 70 manns í hópnum en við erum oft 11 –12 sem hlaupum saman og spjöllum margt á leiðinni,“ upplýsir hún. Aðspurð kveðst Margrét hlaupa 50-70 mínútur á dag nú meðan á æfingartímanum undir maraþonið stendur, nema á laugardögum, þá er hlaupið tvo og hálfan til þrjá tíma. „Við notum alla stíga hér á höfuðborgarsvæðinu, hlaupum um Heiðmörkina, upp á Úlfarsfell og Esju,“ segir hún og getur þess að eitt sinn hafi hópurinn hlaupið yfir Fimmvörðuháls. „Við gefum umhverfinu gætur og sjáum margt í þessum ferðum,“ bætir hún við.

Margrét á þrjú börn og er ekki í vafa um að lífsstíll hennar hafi fordæmisgildi fyrir þau, enda hafi að minnsta kosti 16 ára unglingurinn hennar mikinn áhuga á hreyfingu. En hvernig hefur kona í fullu starfi og með stórt heimili tíma aflögu fyrir skokk á hverjum degi? „Með góðri skipulagningu er það ekkert mál. Ef maður sér fram á að hafa ekki stund aflögu síðdegis þá bara lætur maður klukkuna hringja klukkan sex að morgninum, skellir sér í gallann og hleypur í 40-50 mínútur,“ segir hún og bætir við að lokum. „Svo þegar heim kemur hefur maður fítonskraft til að takast á við verkefni dagsins.“

*gun@frettabladid.is*



Margrét komin í gallann og skóna og með hlaupatölvu, sem mælir hraða og vegalengd, á úlniðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/

## Fitulítið jurtaviðbit



FLORA PROACTIVE ER FITULÍTIÐ JURTAVIÐBIT SEM NÚ ER FÁANLEGT Á ÍSLANDI.

Ísland hefur bæst í hóp þeirra Evrópulanda sem selja jurtaviðbitið Flora proactiv. Viðbitið er fitulítið og er af framleiðendum, Unilever UK Food, kynnt sem nýjung í baráttu við hjartasjúkdóma. Í viðbitinu hefur verið bætt við plöntusterólum sem rannsóknir sýna að draga umtalsvert úr kólesteróli í blóði. Plöntusterólar eru náttúruleg efni sem er að finna í matvælum á borð við grænmeti og ávexti, jurtaolíur, korn og hnetur. Í tilkynningu frá Flora proactive.co.uk kemur fram að aukin neysla þeirra getur haft áhrif á frásog kólesteróls í líkamanum og lækkað LDL-kólesteról í blóði en það er einn helsti áhættuþáttur er kemur að hjarta- og æðasjúkdómum.

Dreifingaraðili viðbitsins er Nathan og Olsen en nánari upplýsingar um það er að finna á vefsíðunni www.floraproactive.co.uk.

MARS

Kafbátur mánaðarins

Pizzabátur

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 598

SUBWAY

Gildir í mars 2006 • Gildir ekki í Stjörnumáli • Gildir ekki með öðrum tilboðum



**Tennis** er skemmtileg íþrótt sem krefst mikillar hreyfingar. Tennis er getur verið sniðug íþrótt fyrir pör eða vini sem vilja gera eitthvað skemmtilegt saman.

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

*Næstu námskeið hjá Maður lifandi*
**14. mars 2006 Hvað heldur þú að þú sért?**
Verð 1.000 kr.
Þorvaldur Þorsteinsson kl 18.00-19.30
**15. mars 2006 Heilbrigði og hamingja**
Verð 2.900 kr.
Benedikta Jónsdóttir. kl 18.30-22.00
**21. mars Nýjar rannsóknir varðandi matarfíkn**
Hallgrímur Magnússon kl 18:00 - 19.30
**22.-23. mars 10 grunnreglur** (eitt kvöld)
Þorbjörg Hafsteinsdóttir kl. 19:00-23:00
**28. mars Að koma fram af öryggi**
Edda Björgvinsdóttir kl 18:00 - 19.30













# Helsjúkur í golfið

***Eyjólfur Kristjánsson stundar golf fimm sinnum í viku og hefur náð töluverðum árangri miðað við að hafa einungis lagt stund á íþróttina í fimm ár.***

Tónlistarmaðurinn góðkunni, Eyjólfur Kristjánsson, telur það hollt hverjum manni að hreyfa sig og passa mataræðið. Minna hefur farið fyrir íþróttaiðkun Eyjólfs í vetur þar sem hann fór í aðgerð á hné og hefur því verið frá í nokkurn tíma. Hann stefnir þó á að hreyfa sig meira með hækkandi sól.

„Ég fer af stað þegar golftíminn byrjar," segir Eyjólfur en segja má að golfið sé hans helsta líkamsrækt enda stundar hann það grimmt. Hann fer fimm sinnum í viku á golftímanum og ver þar löngum stundum. Eyjólfur segist helsjúkur golfáhugamaður en það komi þó ekki niður á samband hans við konuna. „Ég fer á tímum þegar hún er að vinna," segir Eyjólfur en bætir við að hún sé einnig farin að stunda golf með honum. „Það yndislega við tónlistina er að maður getur farið klukkan tíu á morgnana þegar fáir eru á ferli," segir Eyjólfur sem líst vel á þann áhuga sem virðist vera að vakna á golfíþróttinni meðal almennings. „Þetta er besta líkamsrækt sem þú færð auk þess sem hún er stunduð úti en ekki inni í líkamsræktarsölum," segir Eyjólfur. Hann er með ellefu í forgjöf sem er býsna gott fyrir mann sem byrjaði í golfi árið 2001. „Ég var búinn að ákveða það fyrir fimmtán árum að byrja að stunda golf þegar ég yrði fertugur," útskýrir Eyjólfur glettinn. Fleiri virðast hafa vitað af þessari ákvörðun því hann fékk tvö golfsett í fertugsafmælisgjöf. Bæði hafa þó gengið í erfðir til vina og kunningja enda hefur Eyjólfur komið sér upp „alvöru kylfum" eins og hann orðar það.



Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður.

Eyjólfur leggst þó ekki í þunglyndi og böl á veturna þó að golfið njóti ekki við. Hann stundar innanhússfótbolta tvisvar í viku og hefur gert í mörg ár. „Þetta eru stútungskarlar eins og ég sem hafa gaman af að hlaupa aðeins og svitna," segir Eyjólfur og kveðst bara töluvert góður í fótbolta. „En ég er ennþá betri í markinu," segir hann kíminn.



Fólki sem þjáist af kvíðaröskun líður betur eftir inntöku á berklalyfi.

# Berklalyf slær á kvíða

***Samkvæmt nýlegri rannsókn hafa sýklalyf góð áhrif á fólk með kvíðaraskanir.***

Vísindamenn við háskólann í Boston framkvæmdu rannsókn á fólki sem þjáist af félagsfælni. Þátttakendur voru 27 talsins og voru látnir taka inn lyf sem kallast D-cycloserine eða DCS.

DCS er notað til að berjast við berkla en hjálpar fólki líka að læra, nota og vinna betur úr upplýsingum.

Helmingur þátttakenda var látinn taka inn DCS en hinn helmingurinn tók inn áhrifalausar sykurtöflur. Í kjölfarið áttu þátttakendur að halda ræðu fyrir framan hóp og upplifðu þeir sem tóku inn berklalyfið minni kvíða en venjulega. Þeir sem tóku hins vegar sykurtöflurnar fundu engan mun.

Vísindamenn við Emory-háskólann sem gerðu tilraun á lyfinu og fólki sem þjáist af lofthræðslu fengu svipaðar niðurstöður.

Unnið upp úr grein á www.persona.is.

# Umönnunarstörf út undan

***Samkvæmt viðbragðsáætlun dönsku stjórnarinnar verður starfsfólk í umönnunarstörfum ekki bólusett gagnvart fuglaflensu.***

Þetta á við um þá starfsmenn sem vinna á stofnunum utan sjúkrahúsanna. Gert er ráð fyrir að bólusetja alla starfsmenn sjúkrahúsa auk allra lækna sem starfa utan þeirra.

Áætlunin er unnin af danska heilbrigðisráðuneytinu og hefur hún kallað á á hörð mótmæli hjúkrunarfræðinga og stéttarfélaga. Um 80.000 aðilar vinna við umönnun utan sjúkrahúsa og eru þeir uggandi yfir því að fá ekki bólusetningu.

Bóluefnið sem slegist er um er í raun ekki bóluefni. Um er að ræða lyfið Tamiflu sem veitir um 50 prósent vörn gegn inflúensuveiru. Ef fuglaflensan verður að heimsfaraldri ætla dönsk yfirvöld sér að láta sjúkrahússtarfsfólk fá 6,3 milljónir skammta. Þessir skammtar duga 150.000 manns í sex vikur.



Starfsmenn í umönnun verða ekki bólusettir og eru uggandi.

# Áhrif geislunar vara lengi

***Þeir sem lifðu af kjarnorkusprengjanna sem varpað var á Hiroshima og Nagasaki árið 1945 þjást enn af ýmsum heilsukvillum, 61 ári síðar.***

Á árunum 2000 til 2003 rannsökuðu japanskir vísindamenn 3.185 einstaklinga sem lentu í sprengingunum í Hiroshima og Nagasaki, þar sem könnuð var áhætta þessara einstaklinga á að fá skjaldkirtilssjúkdóma. Tæplega 45 prósent höfðu illkynja æxli í skjaldkirtli. Þeir sem voru undir tvítugu þegar þeir lentu í sprengingunni voru í meiri hættu á að veikjast en þeir sem eldri voru. Meðalaldur þeirra sem voru rannsakaðir var um 70 ár og fylgst hafði verið með sjúkrasögu margra um áratuga skeið. Niðurstöður rannsóknarinnar sem birtar voru í Journal of the American Medical Association sýna fram á að áhrif geislunar á starfsemi skjaldkirtils vara löngu eftir að viðkomandi verður fyrir geislun. Þeir sem yngri voru og þeir sem urðu fyrir mikilli geislun eru í mun meiri hættu á að glíma við alvarleg heilsufarsvandamál.



Eftirlifendur kjarnorkusprengjanna í borgunum Hiroshima og Nagasaki, í ágúst 1945, eru enn að glíma við eftirköst geislunarinnar.



Sumir ánetjast kókaíni fremur en aðrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Genin ráða fíkninni

***Kókaínfíkn ræðst hugsanlega af genasamsetningu.***

Líkurnar á því að verða háður kókaíni gætu ráðist að stórum hluta af genasamsetningu þess sem neytir fíkniefnisins. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn breskrar sálfræðistofnunar sem greint er frá á fréttavef BBC.

Kjarneðlissýrur, eða DNA, úr 700 eiturlyfjaneytendum voru bornar saman við 850 þátttakendur í rannsókninni. Þar kom í ljós að hjá fólki með vissa genasamsetningu vinnur kókaín gegn prótíni sem stjórnar losun dópamíns í heilanum en dópamín stjórnar geðsveiflum. Tvær tegundir genasamsetninga gerði fólk fimmtíu prósentum líklegra til að ánetjast kókaíni.

Þessi rannsókn er sú fyrsta af þessari stærðargráðu sem athugar þátt erfða í kókaínneyslu. Taldi læknir sem kom að rannsókninni hana hjálpa til að skilja hvernig fólk verði háð fíkniefninu. Þá geti hún hjálpað til við að þróa meðferð til að losa fólk undan fíkninni.





STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefst
21. mars n.k.
Tímar fyrir byrjendur
þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
Tímar fyrir lengra komna
þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30

skráning og nánari upplýsingar á
www.stafganga.is

Guðný Aradóttir, Stafgönguþjálfi, sími 616 8595
Jóna H. Bjarnadóttir, Stafgönguþjálfi, sími 694 3571

www.stafganga.is – áhrifarík leið til líkamsræktar

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga




SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL



Stórt páskaegg fylgir öllum dýnum fyrir páska










ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ

FERMINGARGJAFIR Í ÚRVALI
Sængurverasett
Pakkatilboð á hlífðardýnu, laki, og pífu
Munið gjafakortin








BIFLEX með IQ-CARE heilsudýnu 90x200 cm.
Verð kr. 99.950 stgr.

Pocket Boxspring
90x200 kr. 24.900.- stgr.
120x200 kr. 29.900.- stgr.
140x200 kr. 34.900.- stgr.

Beauty Sleep
90x200 kr. 34.900.- stgr.
97x200 kr. 39.900.- stgr.
120x200 kr. 49.900.- stgr.
135x200 kr. 54.900.- stgr.
153x200 kr. 59.900.- stgr.

Healthy Sleep
90x200 kr. 44.900.- stgr.
97x200 kr. 49.900.- stgr.
120x200 kr. 59.900.- stgr.
135x200 kr. 64.900.- stgr.
153x200 kr. 69.900.- stgr.

Royalty
97x203 kr. 69.900.- stgr.
120x200 kr. 79.900.- stgr.
137x203 kr. 89.900.- stgr.
153x203 kr. 109.900.- stgr.

Verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.

Góðar dýnur í sumarbústaðinn

★ GÆÐI
★ GÓÐ VERÐ
★ ÞJÓNUSTA
★ ÚRVAL
★ ÞEKKING







Svefn & heilsa

Gerum tilboð fyrir hótel og gistiheimili.

Verið velkomin
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00




# Ástand heilans skiptir máli

***Vísindamenn halda því nú fram að mögulegt sé að spá fyrir um hversu líklegt sé að mannshugurinn muni eftir ákveðnum atburðum áður en þeir gerast.***

Með því að skanna heilastarfsemina hafa vísindamenn komist að þeirri niðurstöðu að heilinn verði að vera í „réttu ástandi“ til að geta geymt nýjar upplýsingar sem berast. Að því er fram kemur á fréttavef BBC, www.bbc.com, þarf þetta tiltekna hugarástand að vera til staðar bæði þegar upplýsingarnar berast og nokkrum sekúndum áður. Fyrri rannsóknir leiddu að því líkum að heilastarfsemin sem færi fram eftir tiltekna atburði eða upplýsingaöflun væri lykillinn að því hvort upplýsingar festust í minni heilans eða ekki.

Rannsóknarteymið framkvæmdi tvær rannsóknir þar sem sjálfboðaliðum var gefin viðvörun áður en þeim var sýndur hlutur eða orð til að muna. Fengju þeir viðvörun festist orðið betur í minni heldur en ef engin viðvörun var gefin og var heilastarfsemin mæld meðan á þessu stóð. Í stuttu máli tókst vísindamönnum að sjá á heilastarfseminni hversu líklegur heilinn var til að muna tiltekna hluti áður en þeir gerðust.

Rannsakendur eru enn á skamman veg komnir með að nýta niðurstöðurnar í daglegu samhengi en vonast er til að frekari rannsóknir á þessu heilasvæði, sem kemur huganum í „réttar“ stöður, geti í framtíðinni orðið þeim til góða sem eiga erfitt með að muna hluti.



Minni fólks er misgott og vísindamenn vilja komast að því hvers vegna sumar upplýsingar festast í minni fólks og sumar ekki. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES






Bandarískur blaðamaður var hissa á því hversu Íslendingar eru hrifnir af því að vera blautir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Undralandið Laugar

***Bandarískur blaðamaður Washington Post var hrifinn af Laugum Spa. Hann var hissa á því hvað Íslendingar sæktu mikið í vatnið og hversu heilbrigðir þeir væru.***

Laugar í Laugardalnum fengu lofsverða gagnrýni í Washington Post á dögunum. Höfundur greinarinnar, Tommy Nguyen, fór í dagsferð í Laugar og var upprifinn yfir heilsubælinu. Hann varpaði fram þeirri spurningu af hverju Íslendingar sæktu svo mikið í vatnið á landi sem væri yfirleitt svo kalt. Enn fremur var hann hissa og hrifinn af þeirri„staðreynd“ að íslenska þjóðin væri svo heilbrigð og hraust. Hann hélt því fram að hann hefði ekki hitt einn offitusjúkling á ferð sinni um landið, fáir Íslendingar reyktu og meðalævilengd þjóðarinnar væri löng.

Blaðamaður var því spenntur að kynnast Laugum Spa, eða sundfata-undralandinu, eins og hann sjálfur kallaði það. Í greininni lýsir hann síðan Laugum mjög nákvæmlega, þar til í lokin að hann kemur með svar við spurningunni um ásókn Íslendinga í vatnið. Hann taldi þá vilja vera blauta þar sem það væri notaleg sönnun þess að vatnið væri ekki frosið.

# Færri dauðsföll

***Frá árinu 1999 hefur dauðsföllum af völdum mislinga í heiminum fækkað um nærri helming.***



Mikill árangur hefur náðst í baráttunni gegn mislingum í Afríku.

Fyrir sjö árum dóu 871 þúsund manns úr sjúkdómnum en árið 2004 létust 454 þúsund. Mest hefur breyst í Afríku þar sem veikin var algengust en þar fækkaði dauðsföllum um sextíu prósent á fáum árum.

Ástæða þessa er talin vera stóraukning í bólusetningum en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin setti sér það markmið árið 2001 að fækka andlátum vegna veikinnar um helming fyrir árið 2005.

Á vefsíðunni doktor.is eru mislingar sagðir mest smitandi veirusjúkdómur sem til er. Mislingar eiga upptök sín í veiru sem heitir morbilli og er sjúkdómurinn óþægilegasti barnasjúkdómurinn og sá hættulegasti af þeim sem hafa útbrot í för með sér. Hættan stafar af fylgikvillum sem mislingar geta valdið. Mislingar eru í raun ekki lengur til hér á landi vegna bólusetninga gegn þeim á ungbörnum.














Áfengissala á Íslandi var töluvert meiri árið 2005 en árið á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Aukin sala á áfengi 2005

*Áfengissala á Íslandi jókst um 6,8 prósent á milli ára.*

Áfengisneysla Íslendinga var töluvert meiri árið 2005 en árið á undan samkvæmt frétt á heimasíðu Hagstofunnar, www.hagstofan.is. Sala á áfengi var um 21,8 milljónir lítra árið 2005 en 20,4 milljónir lítra árið 2004 og jókst salan því um 6,8% á milli ára. Sala á léttu víni var meiri árið 2005 en 2004 en hún hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Sala á sterku víni hafði hins vegar heldur dregist saman síðustu ár en hún var þó meiri árið 2005 en árið 2004.

## rannsókn }

### Sterar auka ásárarhneigð

NÝ RANNSÓKN SÝNIR AÐ STERANOTKUN GETUR HAFT LANGTÍMA- OG JAFNVEL VARANLEG ÁHRIF Á HEILASTARFSEMI.



Sterar geta haft langtímaáhrif á heila unglinga og meðal annars aukið árásarhneigð. Sú er niðurstaða nýrrar rannsóknar sem greint er frá á fréttavef BBC, www.bbc.com.

Samkvæmt rannsókninni geta sterar haft þau áhrif að árásargirni eykst og helst mikil í allt að tvö ár eftir að notkun steranna lýkur. Á þeim tíma geta breytingar á heilastarfseminni sem sterarnir valda orðið varanlegar. Rannsóknin var framkvæmd á hömstrum en það svæði í heilanum sem veldur aukinni árásargirni er mjög líkt í mönnum og nagdýrum. Rannsóknin hefur helst verið gagnrýnd fyrir að ekki sé unnt að alhæfa að sterar hafi sömu áhrif á menn og hamstra.

Neikvæð áhrif steranotkunar hafa lengi verið þekkt og má þar meðal annars nefna skapsveiflur, lifrarskaða, háan blóðþrýsting, auknar líkur á hjartasjúkdómum og krabbameini og að oftar en ekki gerir þunglyndi vart við sig þegar steranotkun er hætt.



Áhyggjur kvenna af leghálskrabbameini gætu heyrt sögunni til.

# Bóluefni gegn leghálskrabbameini

*GlaxoSmithKline hefur sótt um leyfi fyrir bóluefni gegn leghálskrabbameini.*

Leghálskrabbamein er mikið heilbrigðisvandamál en á ári hverju greinast um 500 þúsund ný tilfelli í heiminum. Það er annað algengasta krabbamein í konum í heiminum í dag og þriðja algengasta dánarorsök vegna krabbameina hjá konum. Á ári hverju er áætlað að um 270 þúsund konur deyi úr leghálskrabbameini en það er algengasta dánarorsök vegna krabbameins í þróunarlöndunum. Á Íslandi greinast um fimmtán konur á hverju ári með þessa meinsemd samkvæmt Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands.

GlaxoSmithKline, GSK, hefur nú sótt um markaðsleyfi til Evrópsku lyfjastofnunarinnar fyrir nýju bóluefni, Carvarix, gegn leghálskrabbameini. Á næstu mánuðum verður umsóknin metin af stofnuninni.

Carvarix hefur verið þróað til að verjast sýkingu af völdum tveggja algengustu tegunda HPV veira, HPV 16 og 18, sem eru krabbameinsvaldandi en samanlagt valda þær yfir 70 prósent leghálskrabbameina í heiminum.

Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á bóluefninu sýnir það fram á hundrað prósenta vörn gegn viðvarandi sýkingum af völdum HPV 16 og 18 og gegn forstigsbreytingum í vefjasýnum frá leghálsi en hvort tveggja er undanfari leghálskrabbameins. Einnig bendir til að bóluefnið kunni að veita breiðari vörn gegn öðrum tegundum krabbameinsvaldandi HPV veira, segir í tilkynningu frá GSK.

Ef leyfi fæst fyrir bóluefninu og það er jafn gott og af er látið gæti það dregið stórlega úr því heilbrigðisvandamáli sem leghálskrabbamein er.

# Engin áhrif á holdafar

*Þurrmjólk virðist ekki orsaka yfirvigt barna samkvæmt nýlegri rannsókn.*

Það hvort börnum sé gefin mjólk úr pela eða af brjósti virðist ekki hafa áhrif á holdafar þeirra síðar á barnsaldri. Þetta var niðurstaða nýlegrar rannsóknar sem næringarsérfræðingur í Fíladelfíu stóð fyrir, samkvæmt fréttavef Yahoo.

Lengi hefur verið talið að þau börn sem fái brjóstamjólk verði síður of þung síðar á barnsaldri. Rannsóknin sýndi hins vegar fram á að enginn holdafarsmunur var á fimm ára gömlum börnum, hvort sem þau höfðu fengið þurrmjólk eða brjóstamjólk á fyrstu mánuðum ævinnar.



Mæður sem eiga erfitt með að gefa börnum sínum af brjósti þurfa ekki að hafa áhyggjur af holdafari barnanna.










Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn




AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

**Kirkjan** er mörgum sem gifta sig mjög mikilvæg. Ef tilvonandi brúðhjón hafa sérstakar óskir um kirkju er betra að tryggja sér hana í tíma.

*Rýmingarsala - Frábær verð*

- *Brúðarkjólar*
- *Smókingar og kjólföt*
- *Hátíðarbúningar herra*

**Brúðarbær**
brúðakjóla- og fataleiga
Hjallabrekku 37, Kópavogi
Sími 554-0993




allt tilboð
Alla föstudaga

# *Leitað að brúðarkjól*

***Brúðkaupsdagurinn er í hugum flestra einn eftirminnilegasti dagur ævinnar. Að mörgu er að hyggja fyrir stóra daginn en flestar brúðir telja þó brúðarkjólinn vera það sem mestu máli skiptir. Margar fara að leita að honum mörgum mánuðum áður en stóri dagurinn rennur upp.***

Flestar tilvonandi brúðir velja sér þann kjól sem klæðir þær best og fara ekki mikið eftir duttlungum tískunnar. Angar hennar ná þó inn á þetta svið sem önnur og eru ákveðnar týpur af kjólum meira teknar heldur en aðrar. Látlausir kjólar hafa verið vinsælastir en hjá Brúðarkjólaleigu Katrínar eru blúndur og skraut að koma sterkt inn. Glamúr og rómantík eru lykilorð í þessum efnum næstu misserin.

Hjá Brúðarkjólaleigu Dóru er mikið tekið af kjólum úr satíni sem eru skreyttir með tjulli, eins konar „Öskubuskukjólar“. Kjólarnir eru helst úr satíni og silki en einnig er svokölluð hömruð áferð að verða algengari. Beinhvítt og kremhvítt eru vinsælustu litirnir en Svanhildur Eyjólfsdóttir hjá Prinsessunni sagði þó að þetta væri mjög einstaklingsbundið, hún hefði selt rauða kjóla og jafnvel eiturgræna. Fleiri og fleiri brúðir velja sér kjóla í gylltum tónum en sá tónn fer íslenskum konum einstaklega vel. Einnig eru margar sem nota rauðan eða bleikan tón með þeim kremaða.

Þær verslanir sem selja og leigja brúðarkjóla eru flestar með kjóla frá nokkrum hönnuðum. Helstu merkin eru Mon Cheri, Pro Novias, Mori Lee, Amanda Wyatt, Maggie Sottero og fleiri.

Brúðarkjólaleiga Dóru bæði leigir og selur brúðarkjóla. Þar er leigan frá 25 þúsundum króna upp í 46 þúsund en ef keyptur er kjóll kostar hann frá 25 þúsundum. Hjá Brúðarkjólaleigu Katrínar kostar 34 til 39 þúsund að leigja kjól en nýir kjólar kosta þar frá 24.900 kr. Verslunin Prinsessan selur kjóla og þar kosta nýir kjólar frá 20 þúsund.


Brúðarkjóll úr siffoni og satíni, skreyttur með pallíettum og perlum. Verslunin Prinsessan.


Brúðarkjóll frá Mon Cheri með tjullpilsi. Brúðarkjólaleiga Dóru.


Ævintýrabrúðarkjóll úr siffoni og satín skreyttur með löngum perlum. Verslunin Prinsessan.


Brúðarkjóll frá Sincerity úr siffoni og satíni, skreyttur með perlum og steinum. Brúðarkjólaleiga Katrínar.


Brúðarkjóll frá Modeca með blúndum og svokölluðu hafmeyjusniði. Brúðarkjólaleiga Dóru.



Brúðkaup kostar skildinginn og nauðsynlegt er að gera góða fjárhagsáætlun svo að endar nái saman. Á www.brudkaupsvefur.is má finna Excel-reikniskjal sem hjálpar til við slíkt.

# Fjárhagsáætlun fyrir brúðkaupið

***Skipulagning í kringum brúðkaupsdaginn getur verið æði flókin og nauðsynlegt er að skipuleggja fjármálin vel.***

Á vefsíðunni www.brudkaupsvefur.is má finna skipulag fyrir fjárhagsáætlun. Vefurinn býður upp á einfalt reikniskjal í Excel sem heldur utan um fjárhagsáætlunina. Hægt er að setja inn áætlaðan kostnað og athuga hvort endar nái saman og svo má einnig setja inn raunkostnað. Skráin reiknar svo út meðalkostnað á hvern gest. Nauðsynlegt er að hafa Microsoft Excel-forritið uppsett í tölvunni til að geta breytt og vistað skrána. Til þess að endursetningartakkar virki í skránni þarf að samþykkja að leyfa fjölva (Macros).

**hefðir }**

## Siðir víða um heim

VÍÐA UM HEIM FINNAST MARGVÍSLEGAR HEFÐIR Í TENGSLUM VIÐ BRÚÐKAUPSDAGINN.



Á Bermúda er gamall siður að planta einu tré við framtíðarheimili brúðhjónanna. Tréð er þá bæði til minningar um brúðkaupsdaginn og getur vaxið og dafnað með hjónabandinu. Þessa hefð er auðvelt að taka upp hér á landi. Svo þegar börnin koma þá mætti gróðursetja tré fyrir þau líka.

Í Belgíu er sú hefð höfð í heiðri að sauma út nafn brúðarinnar í vasaklút. Brúðurin ber klútinn á brúðkaupsdaginn og geymir hann að loknu brúðkaupinu. Þegar næsta brúður í fjölskyldunni, systir eða dóttir, giftist er saumað nýtt nafn í klútinn og þannig flyst klúturinn milli kynslóðanna.
Allt það sem var táknrænt fyrir ástina og sameininguna er kjörið til að gera hefð úr til heilla nýjum brúðhjónum.

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Ást á Yankee-vellinum

***Fyrsta brúðkaupið á sögufrægum hafnaboltaleikvangi var haldið um helgina.***

Skötuhjúin Allison Pheifle og Ed Lucas urðu fyrst allra til þess að ganga í hjónaband á hafnaboltaleikvangi Yankees-liðsins fræga nú um helgina. Hafnabolti er íþrótt sem nýtur gífurlegra vinsælda þar í landi. Frægast allra liða í heiminum er að öllum líkindum Yankee-liðið en heimavöllur þess er í Bronx-hverfinu í New York. Þar hafa ófá bónorð verið borin upp á tilkynningatöflunni, kannski ekki síst í bíómyndum. Hins vegar hafði aldrei verið haldið brúðkaup á sjálfum vellinum fyrr en núna um helgina.

Þau Allison og Ed eru bæði miklir aðdáendur íþróttarinnar og er Ed íþróttafréttamaður í útvarpi. Hann varð blindur sem barn og sá sinn síðasta hafnaboltaleik tólf ára gamall í október árið 1951. Fyrir utan ást sína á íþróttinni deila þau einnig fötlun sinni en Allison er líka blind.

Sólin skein á hjónakornin þegar athöfnin fór fram og úr hljóðkerfinu hljómaði lagið The Greatest Love of All.

Ed Lucas er vinsæll meðal leikmanna Yankee en í ár mun hann lýsa leikjum liðsins í 51. sinn. Hann hefur umgengist hafnaboltahetjur eins og Joe DiMaggio, Mickey Mantle og Ron Guidry en svo skemmtilega vill til að Ed og Allison kynntust fyrir nokkrum árum í gegnum Yankee-goðsögnina Phil Rizzuto.



Allison Pheifle og Ed Lucas eru bæði miklir hafnaboltaaðdáendur og voru fyrst allra gift á Yankee-vellinum sjálfum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





**Fermingarmyndatökur** er mikilvægt að panta tímanlega ef taka á myndirnar á stofu. Fermingarmyndir má líka taka heima og oft eru þær myndir alveg jafn skemmtilegar.







allt matur
Alla föstudaga

# Hlakkar mikið til

***Rúrik Andri Þorfinnsson er einn af þeim fjölmörgu unglingum sem ætla að staðfesta trú sína á næstu vikum. Hann hlakkar mikið til en segir að hann leyfi mömmu að ráða mestu um undirbúninginn.***

„Ég byrjaði fyrst að hlakka til eftir að hafa farið í mína fyrstu fermingarfræðslu,“ segir Rúrik þegar hann er spurður að því hvenær hann byrjaði fyrst að hlakka til fermingarinnar. Rúrik hefur jákvætt viðhorf gagnvart fermingarfræðslunni og segir hana gagnlega. Hann mætir í fræðsluna tvisvar í viku og hefur ekki orðið var við að samnemendur hans skrópi mikið í tímum. Rúrik efast heldur ekki um gildi fermingar. „Með þessu móti get ég staðfest það sem ég trúi á,“ segir Rúrik og bætir við að aldrei hafi komið til greina annað en að fermast.

Hvað undirbúning á sjálfri fermingarveislunni varðar segist Rúrik ekki koma mikið nálægt honum sjálfur. Hann segist þó hafa átt nokkurn hlut að máli við val á fermingarfötunum. „Við mamma fórum í nokkrar búðir en hún hefur aðeins meiri skoðanir á þessu en ég. Ég er þó mjög sáttur með fermingarfötin sem við völdum.“

Fermingardagur Rúriks er sunnudagurinn 2. apríl sem er einn af fyrstu fermingardögum þessa árs. Hann býst við að rúmlega 70 manns mæti í veisluna sem haldin verður í sal en ekki í heimahúsi. Aðspurður um hvort boðið verði upp á heitan eða kaldan mat segir Rúrik að væntanlega verði boðið upp á bæði. Hann leyfir samt mömmu sinni og pabba að sjá algjörlega um alla framkvæmd og skipulagningu veislunnar. „Ég sé bara um það að fermast,“ segir glaðbeittur Rúrik að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*



Rúrik Andri Þorfinnsson í fermingarfötunum sem hann valdi sjálfur, með smá hjálp þó.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




Í Völusteini færð þú allt sem viðkemur fermingu. Servíettur, sálmabók og gestabók, sem við sjáum svo um að láta gylla á, ásamt fermingastyttu, áletruðu kerti og öllu öðru sem þarf til að gera þína veislu sem glæsilegasta.

Hjá okkur færðu sérþekkingu og þjónustu varðandi allt sem þú þarft fyrir ferminguna.

VÖLUSTEINN
fyrir fima fingur
Bæjarlind 14 - 16 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is

## ferming }

### Ferming er staðfesting

FERMING SNÝST EKKI EINGÖNGU UM GJAFIR, VEISLU OG PENINGA. Á VEF ÞJÓÐKIRKJUNNAR, KIRKJAN.IS, ER AÐ FINNA SKILGREININGU Á FERMINGU.

Ferming þýðir staðfesting. Í fermingunni staðfestir barnið skuldbindingu foreldra og guðfeðgina í skírnarathöfninni. Það fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun. Fermt er við messu. Til þess að öðlast rétt til að mega fermast stundar fermingarbarnið sérstakt nám í kristnum fræðum hjá presti sínum eða fermingarfræðara sem kallast fermingarfræðsla. Heimild er fyrir því að barn megi vera til altaris með foreldrum sínum frá unga aldri, en meginreglan er þó sú að við ferminguna eða á meðan fermingarfræðslan stendur yfir, neyti barn í fyrsta sinn kvöldmáltíðarsakramentisins.



# [ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

| SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22 | TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30 | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is | AFGREIÐSLAN ER OPIN: MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18 LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16 |
|---|---|---|---|

## BÍLAR & FARARTÆKI

bílalind BÍLASALA



VW Polo 1400 árg. 1998, ek. 101 þ. km, 5 gírar, álf., góðar græjur, filmur. Töff bíll. V. 360.000. Möguleiki á 100% láni.



Skoda Octavia skrd. 05/2000, 5 gírar, ABS. Yfirtaka af láni 550.000 kr + 40.000 kr. í peningum, a.b. 12 þ.kr. per mán. Uppl. í s. 580 8900, 699 6661, 699 5801, 896 0748, www.bilalind.is



Toyota Hilux 2,4l TDI 38 tommu. Árg. 1985. Refilegur jeppi í þokkalegu ástandi. V. 149.999.

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

BÍLASALA ÍSLANDS



Ný Hobby Hjólhýsi á frábæru verði allar stærðir og gerðir 10 % útborgun rest lánuð til 84 mánaða



Ný Hobby Hjólhýsi á frábæru verði. Allar stærðir og gerðir 10% útborgun, rest lánuð til 84 mánaða. 2. ára ábyrgð.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

Bílalíf.is Bílasala Matthíasar



Peugeot 206 sport, árg. 11/2001, ek. aðeins 55 þ. km, beinsk. Topplúga, álf., spoiler, V. 890 þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf. S. 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthåls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

bílaland.is Grjóthálsi 1 575 1230



BMW 318I nýskr. 11/2004, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 12.000 þ. Verð 3.090.000.



Hyundai Santa Fe nýskr. 04/2002, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn / grár, ekinn 87.000 þ. Verð 1.690.000.



Land Rover Range Rover nýskr. 09/1999, 4600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 114.000 þ. Verð 2.690.000.



Lexus RX300 nýskr. 10/2002, 0cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ekinn 69.000 þ. Verð 3.190.000.



Mercedes nýskr. 08/2000, 2100cc, 4 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 292.000 þ. Verð 1.890.000.



Mitsubishi Space Wagon nýskr. 03/2000, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur / grár, ekinn 240.000 þ. Verð 430.000.



Nissan Micra nýskr. 06/2004, 1200cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 60.000 þ. Verð 890.000.



Nissan X Trail nýskr. 07/2003, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 31.000 þ. Verð 2.090.000



Opel Astra nýskr. 01/1999, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður. Ekinn 119.000 þ. Verð 550.000.



Peugeot 406 nýskr. 03/1999, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, rauður. Ekinn 68.000 þ. Verð 650.000.



Renault Clio nýskr: 07/1999, 1100cc, 5 dyra, fimmgíra, hvítur. Ekinn 123.000 þ. Verð 380.000.



Renault Megane nýskr: 06/1999, 1400cc, 4 dyra, beinskiptur, grænn. Ekinn 137.000 þ. Verð 570.000.



Renault Scenic nýskr: 06/2003, 2000cc, 5 dyra, fimm gíra, ljósgrár. Ekinn 105.000 þ. Verð 1.480.000.



Renault Scenic II nýskr: 04/2004, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður. Ekinn 32.000 þ. Verð 1.830.000.



Renault At Master nýskr: 07/2003, 2500cc, 6 dyra, fimm gíra, . Ekinn 121.757 þ. Verð 1.990.000.



Renault At Trafic nýskr: 04/2004, 0cc, 6 dyra, fimm gíra, hvítur. Ekinn 75.000 þ. Verð 1.850.000.



Skoda Fabia nýskr: 03/2005, 1200cc, 5 dyra, fimm gíra. Ekinn 27.000 þ. Verð 1.190.000.



Suzuki Grand Vitara nýskr: 06/2002, 2000cc, 5 dyra, fimm gíra, grænn/grár. Ekinn 73.000 þ. Verð 1.430.000.



Toyota Avensis nýskr: 07/2000, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn. Ekinn 102.000 þ. Verð 990.000.



Toyota RAV4 nýskr: 08/2001, 0cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 82.000 þ. Verð 1.630.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjóthåls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

SPARI bíll



Nýr 2006 Kia Sorento EX Luxury. Sjálfskiptur, leður, allt rafknúið, skynvætt sídrif, "cruise Control", álfelgur, kastarar, o.fl. Verð bensín 3.250 þús. Verð dísel 3.330 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar til sölu




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustuv. 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com.



Til sölu Ford F150 Lariat, árg. '04, ekinn 50 þús. km. Ný dekk, leðurklæddur og m/öllum aukahlutum. Gott verð. Uppl. í síma 893 7518 & 862 0062.



**Mjög gott eintak af KA!!**
Ford Ka 1300 árg. 07/97, ek. 62 þ., C, s. og v. dekk, sk. '06. Ásett 390 þ. Tilboð 330 þ. stgr. S. 540 5800.



**Gullfallegur og sparneytinn !!**
Ford Fiesta,1300 V árg. 9'9, ek. 64 þ. km, CD, s. og v. dekk, sk. '06. Verð 470 þ. Tilb. 390 þ. stgr. S. 540 5800.

Opel Astra '03, 4 d., rauður, reyklaus. Yfirtaka á láni 760 þ. 16 þ. á mán. Dodge Caravan 2,4 '96, hvítur, 8 manna, fjarst. V. 480 þ. S. 690 6220.

M. Benz C 180 Elegance ssk., ek. 183 þús. km, vel með farinn, hiti í sætum, topplúga, filmur í rúðum, Mp3/CD player, dvd og skjár, fjarstart og þjófavörn o.fl. Tilboð 720 þús. stgr. Uppl. í s. 660 0045.

Einn með öllu, Toyota 4Runner. Spunarokkur, antikstóll og uppstoppaðir fuglar. Uppl. s. 694 5281.

### 0-250 þús.



VW Golf station árg 03 svartur með topplúgu fæst gegn yfirt. á láni og 190þkr S: 8964279



Nissan Primera árg. '95, 2.0 SLX, Sk. '07. Góður bíll. Tilboð 185 þús. Uppl. í s. 661 8094.



**Einstakt tækifæri!**
Til sölu VW Golf CL árg. '91. Sk. '07 og nýyfirfarinn. Ek. 163 þús. Verð 55 þús. S. 663 5776.

Til sölu GMC Jimmy árg. '88. Verð 90 þús. Uppl. í s. 661 3332.

### 250-499 þús.



Nissan Almera '97, ek. 159 þús. Ný dekk, nýtt púst. Bíll í toppstandi. Uppl. í s. 893 0173.

### 500-999 þús.



ALFA 156`98,2.0-155ho,ek.87p,alfelgurvetra og sumar dekk,gott verd 680p,s.8497522



Gullfallegur og vel meðfarinn Honda CRV,1999,Ek.125.Ath skipti á litlum 4 dyra bíl.uppl í síma 8214266.



Toyota Yaris 2002, ek. 73 þús., næsta sk. '07, tilboð 630 þús. Ekkert áhv. Sími 661 6479.



Til sölu M. Benz 300 CE árg. '89, einstaklega fallegur og vel með farinn bíll, leður, lúga, ryðlaus með öllu, allt viðhald farið fram í Ræsi. Bíll sem á mörg ár eftir. Verð 1 milljón, 900 þús. stgr. S. 868 3002.







**Lyftaravarahlutir:**
Varahlutir í flestar tegundir lyftara. Keðjur, masturslegur, dekk, gafflar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2,, 603 Ak, 464 8600.




Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

## Bátar



Til sölu sómi 800 árg"94. Vel tækjum búinn. Mögulegt að fá aflaheimildir í ufsa, karfa og grásleppulsyfi með. Einng bátaskýli við Hvaleyrarlón. Selst allt saman eða sitt í hvoru lagi. Uppl 849 6251

**www.midlarinn.is auglýsingavefur**
Grásleppuleyfi, net, bátar, spil, fiskikör, færibönd, fiskvinnsluvélar, siglingatæki, fiskilínur, Sími 8920808 og midlarinn@midlarinn.is midlarinn@midlarinn.is

## Bílaþjónusta




## Varahlutir




Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf. Sími 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Partaland s. 567 4100**
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper o.fl. teg.

Varahlutir í Renault megane, Megane Coupe, Ford Focus, Suzusuki Baleno, Hyundai Accent, Getz, Daewoo Lanos. S. 568 6860.

## Viðgerðir




Til sölu Car-o-liner réttingarbekkur. Uppl. í s. 895 7625.




# KEYPT & SELT

## Til sölu




Fyrirliggjandi stigar og handrið tilbúið til uppsetningar. Ál, stál, gler, tré, plast og ryðfrítt, einnig sérsmíði og uppsetning. Stigalagerinn Dalbrekku 26 s. 564 1890.



**Stubbastrumpar.**
Góð lausn fyrir alla vinnustaði, verslanir og fl.. Snyrtilegir og auðveldir í notkunn. Henta einnig vel fyrir tyggjógummí. Uppl. í s. 847 7995 & 699 2698.

20% afsláttur af öllum útsaum. Mikið úrval. Hannyrðaverslunin Mólý, Hamraborg 7.

Á til ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Frystikista á 10 þ. Þvottavél á 10 þ. S. 896 8568.

Technis græjur til sölu, plötuspilari, geislaspilari, segulband og útvarp. S. 568 4404 & 896 6919.

## Til bygginga




**Höfum til sölu**
100 mm steinull, 493 kr. fm. 70 mm steinull, 334 kr. fm. Gipsplötur 12,5x120x260 603 kr. stk. Rakavarið gips 120x2,60, 368 kr. fm. Getum einnig útvegað plast- og tréglugga og flest allt til bygginga.
**Uppl. í s. 892 6762. Íspol Import Sf.**




**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

**Gítar til sölu.**
Washburn Wi 66 Pro rafmagnsgítar til sölu. Í toppstandi. Uppl. í s. 822 5218.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

**Tölvuviðgerðir frá 1.500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

Góð Dell tölva og flatskjár ásamt prentara, 1,7ghz, 512mb, 80gb. V.59 þ.kr. Uppl. í síma 892-92

## TIL LEIGU

BÍLASALAN.IS



**Range Rover** HSE 7/2002 ek 70.þ.km Leður, Lúga, 4X4, 20"
Verð 5.990.000.-



**BMW 645** CI 5/2004 ek 33.þ.km
EINN MEÐ ÖLLU
Verð 8.900.000.-



**Audi A6 2.8** Quattro 1998 ek 111.þ.km SSK, 4X4, leður ofl Verð 1.890.000.-



**VW Golf 1.6** comfortline 10/2000 ek 93.þ.km Álflegur, CD, SSK
lán ca: 660þús. Verð 960.000.-



**Suzuki Grand Vitara** 2.0 Diesel
NÝR BÍLL 5 gíra, 4x4, CD, Álfelgur ofl
Verð 2.490.000.-



**VOLVO S 60** Turbo 3/2004 ek 33.þ.km SSK, Leður, Álfelgur ofl Fluttur inn nýr af umboði. Verð 3.090.000.-



Kia Sorento EX 2.5 Diesel Turbo 4/2005 ek 17.þ.km 4X4, SSK, ofl, fluttur inn nýr af umboði. Verð 3.290.000.-



**BMW 520** I Steptronic 2004 ek 41 .þ.km 18" felgur, Sjálfskiptur, Xenon, Glerlúga
Verð 4.390.000.-



**BMW 316** CI 3/2000 ek 80.þ.km
Álfeglur, cd, ofl, 5 gíra
Lán 980þús 27 á mánuði
Verð 1.490.000.-



**VW Golf 1.6 Trendline** 11/2004 ek 12.þ.km CD, 5Gíra Lán 1.250þús.-
25þús. á mánuði Verð 1.590.000.-

BÍLASALAN.IS
Stórhöfða 24 • Reykjavík
Sími 533 2100 og 866 5354
www.bilasalan.is

## TIL LEIGU

BÍLABORG.is
BÍLABORG.IS



Ástmar - Hilmar - Bjarni



**Toyota Yaris** 1,0, árg.11/99, ek.81þ, 5gíra, geislaspilari, verð 530Þ Áhv.441Þ.



**Dodge Ram** 1500 5,7Hemi Magnum. Nýr bíll, ek. 0Þ, ssk, 20î felgur, leður, 6diska spilari, verð 3790Þ.



**Toyota Corolla** 1300 , árg 03/98, ek. 96Þ, 5gíra, geislaspilari, verð 490Þ.



**Jepp Grand Cherokee Laredo,** árg.2005, ek.36Þ, ssk, álfelgur, geislaspilari, verð 2880Þ stgr.



**Renault Clio,** árg. 1999, ek. 82Þ, 5gíra, verð áður 490Þ. TILBOÐ 350Þ.



**Toyota Carina E**, árg. 02/97,ek. 164Þ, 5gíra, 5dyra, geislaspilari.
Verð áður.490Þ. TILBOÐ 350Þ.



**Plymouth Voyager 2,4**, árg.1997, ek.189Þ, ssk, álfelgur, verð 490Þ, TILBOÐ 370Þ.



**Hyundai Santa Fe** 2700, árg. 02/02, ek. 97Þ, ssk, álf., dráttarkúla, nýkominn úr 90Þkm skoðun. Verð.1990Þ 100%LÁN.



**Renault Megane** Scenic RX4, árg. 2002, ek. 78Þ, 5gíra, dráttarkúla.
Verð 1390Þ.



**MMC Lancer** 1600 GLXI Station, árg. 05/98, ek. 148Þ, 5gíra, dráttarkúla.
Verð áður 450Þ, TILBOÐ Ý330Þ.

BÍLA BORG

**Bílaborg.is við Gullinbrú**
**S: 517 1111 • Sölumenn:**
**Ástmar Ingvarsson • Hilmar Hólmgeirsson**
**Bjarni Auðunsson • Opið virka daga 9-18 • Lau. 10-14**










## Verslun




Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar. Gler-í-gegn.

Iðnaðarplast, Málmtækni.

Endurskynsfatnaður. Dynjandi.

Gerum við allar tegundir reiðhjóla. Borgarhjól.

Höfum aldrei haft eins mikið úrval af fallegum leðurjökkum. Herrafataverslun Birgis.

Hörpuskin, íslensk gæðamálning. Flugger gefur lífinu lit.

Lambagrillsneið Oriental, Grillhúsið Tryggvagötu

Ónotuð ítölsk dragt (Viasassi), jakki, síðbuxur, blússa og pils. V. 20 þús. (upprunalegt v. 52 þús). Uppl. í s. 863 3308 & 588 3308.

## Ýmislegt

Persónuhlífar. Dynjandi.

Mediflow vatnsheilsukoddinn. Koddi.is

Nýtt Dala ungbarnablað komið í verslanir með íslenskri þýðingu. Skólavörubúðin.

Glerlist.is Gler-í-gegn.

Járnplötur, Málmtækni.

Gæðamálning á sértilboði. Flugger litir.

Höfuðljós. Dynjandi.

Höfuðljós. Dynjandi.

Hamborgarabúlla-Tómasar, búlluborgarar. Búlluborgarar, Hamborgarabúlla-Tómasar.

Nýjar vörur. Belladonna.

Nýjar vörur. Belladonna.

Frábær hádegistilboð, Grillhúsið Tryggvagötu.

Hamborgarabúlla-Tómasar, allir kátir. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Á Næstu Grösum. Laugavegi og Faxafeni, og þér líður vel.

Vinnuskór. Dynjandi.

Alvöru steikarsamloka, Grillhúsið Tryggvagötu.

Hamborgarabúlla-Tómasar, lífið er dásamlegt. Hamborgarabúlla-Tómasar.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja

**www.gardyrkjan.is**

## Bókhald




Reikningshald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

Bókhald. Bókhaldsþjónusta, laun, skattframtöl. Sveinbjörn, s.: 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

**Framtal 2006**
Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Opið um helgar. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

## Fjármál

Framtalsþjónusta HR. Einfalt framtal kr. 2.700. Tímapantanir í s. 663 4141.

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

Málarar, Flugger málarafréttirnar eru fullar af spennandi tilboðum. Flugger litir.

## Meindýraeyðing




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Draumahús 530 1800



## Akurhvarf 1, glæsilegt nýbyggt 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu

- Mjög vel staðsett lyftuhús
- Sjö 4ra herbergja 127 fm. íbúðir
- Fjórar 2ja herbergja 74 fm. íbúðir 2 seldar
- Suðursvalir með einstöku útsýni
- Lyfta beint úr bílskýli.
- Verð á 4ra herbergja íbúðum frá 31,8 millj.
- Verð á 2ja herbergja íbúðum frá 17,9 millj.




Teikningar og skilalýsing á: http://www.draumahus.is/akurhvarf1/



Fleiri myndir og hringmyndir á: http://www.draumahus.is/





**Ellefu glæsilegar, fullfrágengnar 2ja og 4ra herbergja íbúðir án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísalögðu baðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum 4ra herbergja íbúðum. Húsið afhendist fullfrágengið að utan, steinað með frágenginni lóð og bílastæðum. Innréttingar verða frá Byko.**

Í fyrsta sinn á Íslandi eru hringmyndir teiknaðar upp af íbúðum áður en þær eru tilbúnar til afhendingar. Hringmyndirnar sem eru á www.draumhus.is gefa kaupendum miklu betri hugmynd um hvernig íbúðirnar raunverulega líta út. Einnig eru grunnmyndir af eignunum á www.draumahus.is sem kaupendur geta velt fram og til baka til þess að átta sig betur á hvernig eignirnar líta út. Skilalýsing og frekari upplýsingar færðu á skrifstofu Draumahúsa Mörkinni 4, eða í síma 530 1800.

Frum




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Red Chili**
Hefur þú áhuga að vinna á skemmtilegum og líflegum veitingastað. Vegna opnunar á nýjum stað í miðbænum þurfum við að bæta okkur góðu fólki í allar stöður.
Eldhússtörf
Þjónastörf
**Dag og vaktarvinna í boði Upplýsingar gefur Helgi í síma 820 4381 redchili@redchili.is**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Leikskólinn Brekkuborg.**
Óskum eftir yfirmanni í eldhús á leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi í 100% starf.
**Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**AMERICAN STYLE Á BÍLDSHÖFÐA OG SKIPHOLTI**
leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00.**

**Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans?**
ÍTR óskar eftir starfsfólki á frístundaheimilin eftir hádegi alla virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára. Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is og í síma 411 5000.

**Pylsuvagninn í Laugardal**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og auka í vaktavinnu í afgreiðslu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
**Upplýsingar í síma 896 8583.**

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu og í hlutastörf.
**Uppl. í s. 553 8890.**

**Ítalía - veitingahús**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf: Þjónn í sal, fullt starf, vaktavinna 11-23. Þjónn í sal, kvöld og helgar vinna.
**Ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 miðvikudaginn 15. mars og fimmtudaginn 16. mars. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

**Vinnuvélamenn**
Óskum eftir að ráða duglega og samviskusama vélamenn. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Upplýsingar veittar á staðnum.
**Fura ehf. Brotajárnsvinnsla, Hringhella 3, Hafnarfirði.**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst. Tvískiptar vaktir í boði. 18 ára og eldri.
**Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.**

**Vífilfell**
Meiraprófsbílstjórar Vífilfell hf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í afsleysingastörf í sumar. Um er að ræða akstur á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi. Nánari upplýsingar gefnar í síma 525 2500.**

**Cafe Bleu**
Óskum eftir að ráða vana þjóna í sal. Einungis gott fólk kemur til greina, góð laun í boði.
**Upplýsingar gefur Jón á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1 í Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga. Góður vinnustaður fyrir gott fólk.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Leikskólinn Skerjagarður Skerjafirði**
Sem er einkarekinn og starfar eftir Reggio Emilia með megin áherslu á könnunaraðferðina óskar eftir leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni.
**Upplýsingar gefa Ella og Sóldís í s. 551 8088 eða 822 1919.**

Viðhald á lyftum. Óskum eftir að ráða rafvirkja eða vélvirkja við viðhald og eftirlit á lyftum, einnig kemur til greina maður með reynslu. Héðinn Schindler lyftur hf. Uppl. í síma 893 1674.

Óska eftir að ráða vanan trailerbílstjóra, einnig mann á belta og hjólagröfu. Uppl. í s. 899 0012.

Útvega verkafólk /fagmenn frá Litháen . Uppl. í s. 844 6342.

Óska eftir vönum mönnum í járnabindingar. Næg vinna framundan. S. 660 6155.

Heimir og Þorgeir ehf óska eftir vönum gröfumönnum til starfa nú þegar. Ágæt laun og næg verkefni. Uppl. gefur Heimir í síma 696 9933.

Óskum eftir beitningarmönnum til starfa í Grindavík, húsnæði í boði. Nánari uppl. í síma 896 8007 eða 421 8006.

Óska eftir starfsfólki við flísalagnir, handlang og múr. Uppl. í s. 898 5594, Einar.

## ATVINNA

# Háseta vantar á bát

Vanan háseta vantar á línuskipið Núp BA 69 frá Patreksfirði.

Upplýsingar í símum 852-2203 GSM 899-3944 og 450-2100.

Oddi hf. Patreksfirði

# Starfsfólk vantar í eftirfarandi stöður:

– Thailenskur kokkur
– Útkeyrsla fyrir heimsendingu
– Afgreiðsla

**Upplýsingar í síma 896-3536.**

BANTHAI Laugavegi 130

na na thai

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júní hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

## UPPBOÐ

### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

*Árblik, Raufarhöfn*, þingl. eig. Þórhallur V Einarsson og Allskonar TF ehf, gerðarbeiðandi Raufarhafnarhreppur, mánudaginn 20. mars 2006, kl. 10:00.

*Eignarhluti gþ.í Björk, Mývatnssveit*, þingl. eig. Þórhallur Kristjánsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 20. mars 2006, kl. 10:00.

*Eignarhluti gþ. í Syðri-Bakka, Kelduneshr.*, fnr. 216-5894, 216-5896, 216-5898, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Gúmmíbátaþjónusta Norðurl sf. mánudaginn 20. mars 2006, kl. 10:00.

*Röndin 13, Kópaskeri*, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Öxarfjarðarhreppur, mánudaginn 20. mars 2006, kl. 10:00.

*Skipið Thór*, skipaskr.nr. 229, þingl. eig. Sjóferðir Arnars ehf, gerðarbeiðendur Byggðastofnun og Íslandsbanki hf., mánudaginn 20. mars 2006, kl. 10:00.

*Þórey ÞH-303*, skipaskr.nr. 6664 ásamt öllum rekstrartækjum, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 20. mars 2006, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
13. mars 2006

## FASTEIGNIR

**X HÚS Sími 533 1060**

**FASTEIGNASALA - Skeifan 19**

# Laugarás heil húseign
## þrjár samþykktar íbúðir





Frum

Hér er einstakt tækifæri til að eignast glæsilegt hús á frábærum miðsvæðis í Reykjavík. Hér er tækifæri til að þess að taka allt húsið í gegn og gera það að einbýlishúsi á einum eftirsóttasta stað borgarinnar eða gera allar íbúðirnar upp. Húsið er alls 272 fermetrar að stærð og er núna skipt í þrjár íbúðir og bílskúr sem tilheyrir miðhæðinni.
Hér ætti að vera lag til þess að byggja við húsið upp í brekkuna og stækka aðalhæð, kjallara og bílskúr. Húsið stendur á 955 fermetrar lóð með skemmtilegri innkeyrslu upp í lóðina.

**Ferkari upplýsingar gefa sölumenn.**

*Jón Magnússon, hrl. löggiltur skipa- og fasteignasali*

## FASTEIGNIR

**HÚSEIGN Fasteignamiðlun**



Frum

**Einarsnes 60**
**EINBÝLISHÚS**
**OPIÐ HÚS**
**KL.17-18 Í DAG!**
**Stærð í fermetrum: 141,3**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Teg. eignar: Einbýli**
**Bílskúrsréttur**
**Verð: 39.000.000**

**EINARSNES 60 - OPIÐ HÚS Á MILLI KL. 17 OG 18 Í DAG FALLEGT EINBÝLI Á TVEIMUR HÆÐUM Á ÞESSUM VINSÆLA STAÐ**

Húsið skilast tilbúið að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er húsið fokhelt án einangrunar. Á teikningum er gert ráð fyrir fjórum svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, stofum og eldhúsi. Útgengt á svalir frá efri hæð. Bílskúrsréttur.

***EIGN FYRIR VANDLÁTA - GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 TEKUR Á MÓTI GESTUM MILLI KL. 17:00 OG 18:00 Í DAG.***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109*

# SJÓNARHORN



Barn að leik við Sólfar í rigningu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# HVUNNDAGURINN

## *Kvöldin tekin rólega*

Edda Sverrisdóttir er kaupmaður með meiru en hún á og rekur verslunina Flex í Bankastræti. Einnig er hún þekkt fyrir að hafa góðan smekk og er alltaf vel til höfð. Hún byrjar daginn snemma.

„Ég vakna um hálf átta og passa að strákarnir nái á réttum tíma í skólann. Eftir það set ég oftast í þvottavélina og á meðan hún er að vinna skola ég af mér í sturtunni. Þegar ég er svo búin að koma mér í föt og hafa mig til þá tek ég úr vélinni og hengi upp áður en ég held til vinnu.“ Edda vinnur allan daginn í búðinni sinni og heldur heim á leið upp úr klukkan sex.

„Þegar heim er komið þá tek ég til við að elda ef eiginmaðurinn er ekki búinn að því nema ef lata húsmóðirin kemur upp í mér, þá er bara keyptur skyndibiti. Eftir matinn er vanalega dormað yfir sjónvarpsfréttunum og flestum kvöldum eytt í leti fyrir framan sjónvarpið. Ég fer að sofa um eitt, hálf tvö, enda finnst mér voða gott að vaka fram eftir. Það kemur þó fyrir að ég er sofnuð fyrir miðnætti.“



EDDA SVERRISDÓTTIR KAUPMAÐUR TEKUR ÞVÍ RÓLEGA Á KVÖLDIN EFTIR LANGAN DAG Í VERSLUNINNI.

## VISSIR ÞÚ...

...að demantar eru úr hreinu kolefni?

...að kol eru einnig úr kolefni?

...að munurinn á kolum og demöntum felst helst í uppröðun kolefnisatóma?

...að demantar myndast þegar kolefni lenda undir miklum þrýstingi við háan hita?

...að á jörðinni gerist þetta djúpt í jörðu, í fyrsta lagi á 150 km dýpi?

...að þrýstingurinn sem til þarf er 5 gígapaskól.

...að hitinn sem til þarf er að minnsta kosti 1.200°C?

...að eftir því sem kolefnin eru lengur undir þrýstingi þeim mun stærri verður demanturinn?

...að demantar eru ýmist úr lífrænu eða ólífrænu kolefni?

...að ólífrænt kolefni í demöntum kemur úr kjarna jarðarinnar?

...að við eldgos komast demantar úr iðrum jarðar nógu nálægt yfirborði svo að hægt sé að grafa eftir þeim?

...að demantar eru harðasta náttúrulega efni jarðar?

...að aðeins er hægt að rispa demant með öðrum demanti?

...að árlega eru grafin upp 26.000 kg af demöntum?

...að verðmæti 26.000 kg af demöntum er 621.000.000.000 krónur?

...að gríðarlega mikið er búið til af demöntum (allt að fjórum sinnum það magn sem fæst af náttúrulegum demöntum) en þessir demantar eru yfirleitt litlir og aðeins notaðir í iðnaði?

...að demantafyrirtækið De Beers, sem ræður helmingi alls demantamarkaðarins, setti af stað markaðsátak árið 1938 sem miðaði að því að allir trúlofunar- og jafnvel giftingarhringir ættu að hafa demant? Þessi herferð er ein best heppnaða auglýsingabrella sögunnar því fyrir hana tengdust trúlofunarhringir og demantar ekki á neinn hátt í augum almennings.

...að í dag er hægt að brenna látna ættingja eða dýr og láta fyrirtækið LifeGem breyta þeim í svokallaða „minningardemanta?“ Mörgum hryllir þó við þeirri hugsun að ganga með demantshring úr líkamsleifum afa gamla.






KOMDU HLUTUNUM Í VERK

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. Ef þú stendur í stórræðum er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú meðal annars iðnaðarmenn, þjónustuaðila, umboð, verslanir og **ALLT** hitt sem þig vanhagar um. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

allt atvinna
Alla sunnudaga

vísir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT allt

# Svona erum við!







**Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarks-arðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina og með þeim hætti að umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál séu höfð í fyrirrúmi.**

**Gildi okkar eru heiðarleiki, ábyrgð, traust og samvinna.**

Lykillinn að árangri er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

ALCAN

**– Hugvit, tækniþekking og samfélagsleg ábyrgð í 40 ár**

# Ný kalkþörungaverksmiðja

Celtic Sea Minerals reisir nýja kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal. Framkvæmdir hafa dregist á langinn en eru nú komnar á fullt skrið.



Írska fyrirtækið Celtic Sea Minerals er aðaleigandi kalkþörungaverksmiðju sem rísa mun á Bíldudal. Fyrirtækið rekur samskonar verksmiðju á Írlandi þar sem unnið hefur verið úr efni sem borist hefur frá Arnarfirði. Fyrirhugað er að verksmiðjan á Bíldudal, sem áætlað er að taki til starfa seinnipart sumars, muni bera þungann af framleiðslu Celtic Sea Minerals.

Verktakafyrirtækið Lás ehf. á Bíldudal sér um byggingu grunns undir verksmiðjuna. Formlega hófust framkvæmdir í lok október í fyrra en miklar tafir hafa síðan orðið meðal annars vegna skorts á gögnum í sambandi við hönnun hússins. En nú eru framkvæmdir komnar á fullt skrið.

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Brekkustíg 36
260 Reykjanesbær
Sími: 422 5200
Fax: 421 4727
Netfang: hs@hs.is

# Vörur unnar úr plastúrgangi

Fyrirtækið Plastmótun endurvinnur plastúrgang frá fyrirtækjum og gerði á dögunum samstarfssamning við Fjarðarál.

Plastmótun ehf. og Fjarðarál undirrituðu á dögunum samning þess efnis að allur plastúrgangur sem fellur til hjá álfyrirtækinu verður sendur til Plastmótunar til endurvinnslu. Alls er um að ræða 500 kg af plastúrgangi á mánuði en talið er að sú tala komi til með að þrefaldast á næstu mánuðum, eftir því sem umfang verkefnisins eykst.

Úr plastúrganginum vinnur Plastmótun ýmsar vörur sem fyrirtækið svo selur Fjarðaráli. Nú þegar hefur endurvinnslan skilað af sér tveimur pöntunum til Fjarðaráls, annars vegar grindverk sem nota á meðfram göngustígum í starfsmannaþorpi og hins vegar vegstikur sem notaðar verða meðfram vegum á vinnusvæði.

Haraldur Aikman, framkvæmdastjóri Plastmótunar, segir verkefnið lið í öflugri umhverfisstefnu Fjarðaráls. „Þeirra markmið er að minnka úrgang úr verksmiðjunni eins og þeir geta og kaupa meira af endurunnum plastvörum heldur en þeir láta frá sér af plastúrgangi," segir Haraldur.

Upphaflega var fyrirtækið Plastmótun stofnað, árið 1980, til að framleiða plasthluti. Eigandi þess, Jón Einar Hjartarson, hóf að þreifa fyrir sér með endurvinnslu á plasti árið 1984 og nú sérhæfir fyrirtækið sig í því. Fyrirtækið endurvinnur allt frá veiðarfærum, sem eru að einhverjum hluta flutt inn frá Færeyjum, niður í áburðarpoka og framleiðir úr því ýmsar vörur.



Endurvinnsla á plasti, Plastmótun.

Velta fyrirtækisins var um sextíu milljónir á síðasta ári, en Haraldur telur að fyrirtækið muni gera enn betur á komandi misserum vegna nýrra laga um úrvinnslugjöld, sem tóku gildi um síðustu áramót. Úrvinnslugjald er krónutala sem leggst á plastumbúðir í útflutningi og notað er til að niðurgreiða endurvinnslu á plasti.

Haraldur segir fyrirtækið hafa beðið í fimm til sex ár eftir að úrvinnslugjaldið legðist á og telur hann að þetta muni kveikja áhuga fólks á að koma að fyrirtækinu. „Nú stendur til hjá okkur að fjárfesta í frekari tækjum til að þrefalda afkastagetu endurvinnslunnar og það eykur hjá okkur útflutning á endurunnu hráefni," segir Haraldur.




Höfum flutt að **Fiskislóð 14** og breytt nafni fyrirtækisins.

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14 • 101 Reykjavík • Sími: 551 4680 • sturlaugur@sturlaugur.is

# Straumi hleypt á fyrstu kerin

Hinir nýju kerskálar Norðuráls munu auka framleiðslu fyrirtækisins úr 90 þúsund tonnum á ári í 220 þúsund tonn.

Á dögunum var straumi hleypt á fyrstu kerin í nýjum áfanga Norðuráls á Grundartanga. Þegar framkvæmdunum við þennan fyrsta áfanga stækkunarinnar lýkur, síðar á þessu ári, munu hinir nýju kerskálar álversins, sem eru 260 ker talsins, koma til með að auka framleiðslu fyrirtækisins úr 90 þúsund tonnum á ári í 220 þúsund tonn. Þessi stækkun skapar 160 ný störf og verða starfsmenn fyrirtækisins 355 talsins að henni lokinni. Gert er ráð fyrir að útflutningstekjur landsins muni aukast um sem nemur sextán milljörðum íslenskra króna á ársgrundvelli, ef miðað er við meðalverð á áli til lengri tíma.

Þegar núverandi stækkun lýkur, verður öll grunngerð fyrir hendi til áframhaldandi stækkunar Norðuráls í 260.000 tonn eins og til stendur. Fyrirhugað er að þeirri framkvæmd ljúki árið 2008, en hún er háð tilteknum skilyrðum. „Þetta eru skilyrði sem varða afhendingu á orkunni. Orkuveitan þarf að klára stækkun Hellisheiðarvirkjunar og bíða eftir umhverfismati varðandi frekari orkuöflun fyrir virkjunina," segir Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Norðuráls. Aukinni orkuþörf verksmiðjunnar er mætt af hálfu Orkuveitunnar með virkjun jarðgufu í orkuverum Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, en þetta er í fyrsta sinn sem framleiðslueining í álveri er eingöngu knúin orku frá jarðvarma.

Að sögn Ragnars hefur Norðurál starfsleyfi og einnig gert mat á umhverfisáhrifum fyrir 300.000 tonna verksmiðju, svo hugsanlega gæti fyrirtækið stækkað við sig um 40.000 tonn. Ragnar segir hins vegar ekkert slíkt í bígerð í nánustu framtíð.


Svona mun álverið líta út eftir stækkun.



# Stórsýning

Stærsta sýning sem haldin hefur verið hér á landi um byggingariðnað, mannvirkjagerð og skipulagsmál verður haldin 16. til 19. mars í íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal. Alls munu um 120 fyrirtæki í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, sveitarfélög, hönnuðir og ráðgjafar kynna starfsemi sína. Á sýningunni verða kynntar helstu tækninýjungar í byggingariðnaðinum og mannvirkjagerð, en örar framfarir hafa orðið á þeim sviðum undanfarin ár.


Við undirritun samningsins.

## Tryggja faglega þekkingu

Ískraft og Rockwell Automation gerðu nýverið með sér samstarfssamning.

„Eins og þróunin er í dag í iðnaði hvað varðar sjálfvirkni þar sem heildarlausna er krafist, er þörf fyrir umboðsaðila á Íslandi sem sér um dreifingu og þjónustu á öllum búnaði frá Rockwell Automation, ásamt ráðgjöf um bestu heildarlausnir," segir Sören Hald hjá Rockwell Automation, er nýverið gerði samstarfssamning við Ískraft um sölu og ráðgjafarþjónustu á PLC iðnstýrivélum, Scada kerfum, ásamt tengdum búnaði. Verkefnið er metnaðarfullt þar sem Rockwell Automation hefur verið leiðandi framleiðandi á heimsvísu.

Rockwell og Ískraft munu þjálfa starfsmenn til að tryggja faglega þekkingu á þessu nýja sviði iðnstýribúnaðar, nefnilega PLC iðntölvum, Scada- og stjórnkerfum, og í aprílmánuði verður haldin kynning fyrir fagfólk.

Þess má geta að sameining Húsasmiðjunnar og KHB kemur viðskiptavinum Ískraft á Austurlandi til góða, þar sem Ískraft mun opna á þessu ári, með Húsasmiðjunni og Blómavali 2.500 fermetra þjónustumiðstöð þar sem Ískraft mun þjónusta rafverktaka og iðnfyrirtæki varðandi allt sem viðkemur raf- og stýribúnaði.

www.toyota.is








Kostum hlaðinn Hiace

Íslenskir atvinnubílstjórar hafa aðeins góða reynslu af Hiace, enda þjónar hönnunin þeim tilgangi að draga úr óeðlilegu álagi á líkamann. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Verð frá 1.810.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000

# Frá

Stefna Alcoa Fjarðaáls er að fjárfesta til framtíðar í öflugu þekkingarsamfélagi bæði innan og utan fyrirtækisins. Nú þegar hefur fyrirtækið lagt um 140 milljónir króna til samfélagsmála. Slík fjárfesting skilar sér í verðmætum mannauði sem aftur styrkir samfélagið enn frekar. Starfsmenn eru hvattir til að sinna samfélagsmálum og Fjarðaál greiðir styrki með þeim starfsmönnum sem vinna í þágu góðgerðarsamtaka. Þannig á samfélagið allt að njóta góðs af.



Nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar.



## Jafnvægi

### Kyn og aldur

Starfsmenn Fjarðaáls eiga að endurspegla og efla samfélagið. Æskilegt er að kynjahlutfall verði sem jafnast og öll störf í álverinu henta jafnt konum sem körlum. Jafnframt er stefnt að góðri aldursdreifingu og eðlilegri endurnýjun í fyrirtækinu.



## Bakgrunnur

### Menntun og reynsla

Margvísleg og spennandi störf verða í boði hjá Fjarðaáli. Við ætlum að mynda samhentan hóp fólks með fjölbreytta menntun og reynslu. Tæplega 40% starfsmanna verða með háskólamenntun eða iðnmenntun. Öll störf í fyrirtækinu verða góð störf.



Hluti af mannauðs- og samfélagsteyminu, við Upplýsingamiðstöð Fjarðaráls, með álverið í baksýn.

## Liðsvinna

### Ferli og teymi

Í álverinu í Fjarðabyggð verður unnið samkvæmt verkferlum í sjálfstýrðum teymum með víðtæk verksvið. Í teymunum verða leiðtogar sem styðja liðsmenn og sjá til þess að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu. Kjarnateymum verður skipt upp í álframleiðslu, málmvinnslu og framleiðsluþróun. Stoðteymi og þekkingarsetur veita kjarnateymum stuðning. Stöðugt verður leitað við að styrkja teymin og bæta verkferlin. Teymin munu sjálf koma að ráðningu nýrra liðsmanna þegar störf losna.

### Fjölbreytni og fjölhæfni

Öll störf í álverinu eru fjölbreytt og munu allir starfsmenn takast á við ólík viðfangsefni. Að auki verður árlega boðið upp á nokkur starfsþjálfunartækifæri, þar sem áhugasamir starfsmenn fá þjálfun og reynslu á nýjum starfsvettvangi í 12 mánuði. Slík starfsþjálfun verður til dæmis á sviði öryggis-, umhverfis, mannauðs- og gæðamála.



Þjálfun starfsmanna getur verið margþætt. Sálfræðingurinn og fræðslustjórinn, Steinþór Þórðarson, er hér ásamt leiðbeinanda á reykköfunaræfingu í Kanada.



Aðalheiður Vilbergsdóttir með son sinn, Birki Inga Óskarsson. Aðalheiður stýrir skrifstofu Fjarðaáls á Reyðarfirði.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ALC 31742 03/2006

# samfélagi til mannauðs



Stefán Guðjónsson, kerfisfræðingur, mun vinna við eitt af stærstu og öflugustu upplýsingakerfum á Íslandi.

## Tengsl

**Samstarf og samráð**
Áhersla verður lögð á að starfsmenn þekki sem best allar hliðar starfseminnar. Teymin munu hafa með sér náið samstarf og samráð um mál sem varða allt fyrirtækið og umhverfi þess. Allt að fimmtungi vinnutíma síns munu framleiðslustarfsmenn vinna í hópum að ýmsum sameiginlegum málum, svo sem umhverfis-, samfélags- eða gæðamálum.



Birkir Einar Gunnlaugsson mættur á knattspyrnuæfingu í Fjarðabyggðarhöllinni, kannski fullsnemma.



Rekstrarhagfræðingurinn, Bob Roy, ætlar að miðla starfsmönnum Fjarðaáls af langri reynslu sinni næstu tvö árin.

## Tækifæri

**Þjálfun og fræðsla**
Fræðslusetur verður starfrækt í álverinu og allir starfsmenn fá víðtæka þjálfun og fræðslu. Margir munu fá þjálfun í öðrum álverum Alcoa og um 40 erlendir sérfræðingar munu aðstoða við gangsetninguna.

**Þekking og starfsþróun**
Allir starfsmenn Fjarðaáls eiga að fá tækifæri til að leysa fjölbreytt og krefjandi verkefni og vaxa og dafna í starfi. Starfsmenn munu öðlast verðmæta þekkingu sem á að nýtast til frambúðar bæði innan og utan fyrirtækisins.

**Kaup og kjör**
Íslenskur áliðnaður hefur greitt samkeppnishæf laun og starfsmannavelta í greininni hefur verið lítil.



Sören Kristinsson, sonur Ellenar Sæmundsdóttur, starfsmanns Fjarðaáls.

## Ræktun

**Hollusta og heilsuvernd**
Starfsmönnum Alcoa Fjarðaáls á að líða vel í vinnunni. Í álverinu verður heilsusetur með hjúkrunarfræðingi og öðrum heilbrigðissérfræðingum. Í mötuneyti verður boðið upp á holt og gott fæði undir leiðsögn næringarráðgjafa. Fjarðarál styður einnig heilsurækt starfsmanna.

**Jafnvægi vinnu og einkalífs**
Alcoa Fjarðaál á að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Hvað í því felst nákvæmlega verður starfsmanna að ákveða í sameiningu. Hluti af þjónustu við starfsmenn mun einnig standa fjölskyldum þeirra til boða.

## Öryggi

**Vinnutilhögun og vinnutími**
Störf í áliðnaði eru örugg og vinnutíminn yfirleitt fyrirsjáanlegur. Álið verður að framleiða allan sólarhringinn, allt árið um kring. Í boði verða einnig hlutastörf fyrir fólk sem á erfitt með að vinna á vöktum eða vera í fullu starfi.



Mannauðsfræðingurinn, Sigurður Ólafsson, í Aflhúsi Iceland Spa & Fitness á Reyðarfirði.

## Við tökum vel á móti þér

Við leggjum mikið upp úr því að finna rétt fólk í rétt störf. Rétta fólkið getur haft mjög ólíka menntun og reynslu. Menntun getur verið fengin úr skóla lífsins og fólk getur hafa öðlast mikilvæga reynslu í gegnum uppeldis- eða félagsstarf. Ráðningarferlið er staðlað og allir umsækjendur eru boðaðir í viðtal. Umsóknum þarf að fylgja ferilskrá. Svæðisvinnumiðlun Austurlands aðstoðar umsækjendur á Austurlandi við að gera ferilskrá.

## Viltu vera í liðinu okkar?

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá Fjarðaáli. Fæst okkar hafa starfað áður í álveri. Við tökum öll þátt í að móta nýtt fyrirtæki frá grunni. Við ætlum að vinna saman og læra hvert af öðru. Við ætlum að fara nýjar leiðir í stjórnun og skipulagi. Allir starfsmenn verða í lykilhlutverki. Styrkur fyrirtækisins verður í liðsheildinni.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA




# HEILBRIGÐUR ÚTBOÐSMARKAÐUR?

## Ráðstefna SI á stórsýningunni Verk og vit 2006 fimmtudaginn 16. mars frá 14:00 til 16:30

**SI efna til ráðstefnu um útboðsmál við verklegar framkvæmdir fimmtudaginn 16. mars á stórsýningunni Verk og vit 2006 í nýju Íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal.**

Ráðstefnan hefst kl. 14:00 í sal-1 og stendur til 16:30. Hún er öllum opin og aðgangur ókeypis en tekið er við skráningum á www.si.is.

### Dagskrá:



**Setning ráðstefnu**
Þorsteinn Víglundsson, stjórnarmaður í SI og ráðstefnustjóri



**Lausn ágreiningsmála**
Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur SI



**Ábyrgðir í mannvirkjagerð**
Erlendur Gíslason, hrl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu



**Útboðsskilmálar**
Kolbeinn Kolbeinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks hf.



**Útboðsgögn - tæknilegar lýsingar**
Haukur Magnússon, framkvæmdastjóri tæknisviðs ÍAV hf.



**Viðhorf eftirlitsaðila**
Mikael J. Traustason, Fjölhönnun ehf. verkfræðistofu

Að ráðstefnu lokinni bjóða SI gestum að vera við opnun sýningarinnar Verk og vit 2006 kl. 16:30

## Skráning fer fram á www.si.is

SI
Samtök iðnaðarins

*Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.921 **-4,46%** **Fjöldi viðskipta:** 2.241 **Velta:** 9.601 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Össur | +1,79% | KB banki | -6,63% |
| Atlantic Petroleum | +0,74% | Landsbankinn | -5,60% |
| | | FL Group | -5,49% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 57,50 -0,52% ... Alfesca 3,48 -3,33%... Atorka 5,80 -2,52% ... Bakkavör 48,80 -0,21% ... Dagsbrún 6,70 -3,32% ... FL Group 24,10 -5,49% ... Flaga 3,42 +0,00% ... Glitnir 18,40 -4,17% ... KB banki 831 -6,63% ... Kögun 64,60 -1,37% ... Landsbankinn 25,30 -5,60% ... Marel 69,00 +0,00%... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,00 -3,96% ... Össur 113,50 +1,79%

Staða klukkan 14.00 í gær.

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# HMV Group hafnaði tilboði

HMV Group, sem á og rekur bóka- og tónlistarverslanir í Bretlandi með sama nafni neitaði í gær að taka yfirtökutilboði eignasjóðsins Permira Advisers upp á 210 pens á hlut. Sjóðurinn hefur í tvígang gert yfirtökutilboð í HMV en fyrra tilboðið var 20 pensum lægra. Forsvarsmenn HMV Group segja yfirtökutilboðið enn of lágt og vilja þeir reyna að snúa við slæmu gengi fyrirtækisins, þar á meðal að auka sölu á vörum HMV Group með betrumbættri vefsíðu.

Þegar ljóst var að ekkert yrði úr kaupum Permira Advisers á HMV Group lækkaði gengi bóka- og tónlistarverslunarkeðjunnar um 3,2 prósent og enduðu bréf fyrirtækisins í 189 pensum á hlut.

Alan Giles, framkvæmdastjóri HMV Group, greindi frá því í janúar síðastliðnum að hann ætlaði að segja starfi sínu lausu í desember næstkomandi í kjölfar dræmrar sölu í jólamánuðinum og minni hagnaðar fyrirtækisins. Giles hefur verið framkvæmdastjóri HMV Group frá því árið 1998. **- jab**




**WAYNE ROONEY** Knattspyrnusnillingurinn Wayne Rooney er hann áritaði DVD-diska í verslun HMV í Manchester í Bretlandi í nóvember í fyrra.

# Vilja kaupa í Lundúnum

Verðið á Kauphöllinni í Lundúnum hækkaði um 22 prósent í gærmorgun í kjölfar vangaveltna um hvort Nasdaq og Kauphöllin í New York muni taka til við að bítast um kaup á kauphöllinni, að því er greint var frá á fréttavef Breska ríkisútvarpsins.

Um helgina sögðu breskir fjölmiðlar frá því að Kauphöllin í New York (NYSE) væri að hugleiða boð í Lundúnakauphöllina, en á föstudag hafnaði Lundúnakauphöllin tilboði upp á 2,43 milljarða punda frá amerísku kauphöllinni Nasdaq og sagði verðmæti fyrirtækisins vanmetið.

Boðinu sem var hafnað hljóðaði upp á 950 pens á hlut og veltu menn því fyrir sér hvort Nasdaq myndi hækka boðið í 10 pund á hvern hlut. Í morgun hækkaði hins vegar gengi bréfa í Lundúnakauphöllinni um 195,5 pens og stóð fyrir hádegi í rúmlega 10,75 pundum.

Er það mat sérfræðinga að Kauphöllin í New York, sem er sú stærsta í heimi myndi hafa betur í slag við Nasdaq. **- óká**




**FJÁRFEST Í FÆREYJUM** SPRON á orðið eitt prósent í Sparikassanum.

# SPRON leggur í Sparikassann

SPRON á orðið eitt prósent hlutafjár í Föroya Sparikassa, öðrum stærsta banka Færeyja. Frá þessu er greint á heimasíðu færeyska bankans.

Eignarhlutur yfir eitt prósent tryggir SPRON einn stjórnarmann í stjórn Sparikassans en sparisjóðurinn notfærði sér ekki þann rétt á aðalfundi færeyska bankans sem fór fram í síðustu viku.

Föroya Sparikassi hefur verið stofnfjáreigandi í SPRON um skeið og er stærsti eigandi stofnfjár í sparisjóðnum með tíu prósenta hlut. **- eþa**

# Staðfestu lánshæfismatið



**HÖFÐABORG**

Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur staðfest fyrra lánshæfismat sitt á Íbúðalánasjóði og segir horfur sjóðsins vera neikvæðar.

Matsfyrirtækið gaf Íbúðalánasjóði lánshæfiseinkunnina AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í innlendri mynt 10. mars síðastliðinn og setti sjóðinn á athugunarlista með neikvæðum horfum út annan ársfjórðung 2006. **- jab**

EYKT

HVERAGERÐISBÆR

## Hveragerði austan Varmár

## Samkeppni um rammaskipulag

**Eykt ehf. efnir til samkeppni** um rammaskipulag fyrir allt land innan bæjarmarka austan við Varmá í Hveragerði í samráði við Hveragerðisbæ og Arkitektafélag Íslands. Stefnt er að því að á skipulagssvæðinu verði byggð með a.m.k. 800-900 íbúðum í sérbýli og fjölbýli, atvinnu- og þjónustuhúsnæði, grunnskóla og leikskóla.




Keppnin er framkvæmdakeppni samkvæmt samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands. Rétt til þátttöku hafa:

- félagar í Arkitektafélagi Íslands, Skipulagsfræðingafélagi Íslands og Félagi íslenskra landslagsarkitekta og aðrir þeir sem rétt hafa til að leggja skipulagsuppdrætti fyrir skipulagsyfirvöld.
- nemendur í arkitektúr, skipulagsfræðum og landslagsarkitektúr.

Keppnislýsing liggur frammi frá og með þriðjudeginum 14. mars 2006 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands kl. 09:00 - 13:00 virka daga, á heimasíðu Eyktar, www.eykt.is, heimasíðu Hveragerðisbæjar, www.hveragerdi.is og heimasíðu Arkitektafélags Íslands, www.ai.is. Önnur keppnisgögn verða látin í té á skrifstofu Arkitektafélags Íslands kl. 09:00 - 13:00 virka daga frá og með fimmtudeginum 16. mars 2006.

Tillögum skal skila til trúnaðarmanns dómnefndar á skrifstofu Arkitektafélags Íslands eigi síðar en 10. maí 2006. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum í maí 2006. Í kjölfarið hefst vinna við deiliskipulagningu svæðisins. Höfundur fyrstu verðlauna tillögu verður ráðinn til að vinna verkefnið ef samkomulag næst milli hans og útbjóðanda.

Gert er ráð fyrir því að uppbygging austan Varmár hefjist á fyrri hluta árs 2007.

**Eykt ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík - www.eykt.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

KARL MARX (1818-1883) LÉST ÞENNAN DAG

*„Veiddu fisk fyrir mann og þú getur selt honum hann. Kenndu manni að veiða og þú eyðileggur frábæran viðskiptamöguleika.“*

***Flestir þekkja heimspekinginn Karl Marx fyrir að hafa ritað eina frægustu bók síðustu aldar, Kommúnistaávarpið.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST> 14. MARS 1958

# *Vænn krónprins fæðist í Mónakó*

Þennan dag árið 1958 fæddist prinsinn Albert af Mónakó. Albert var sonur hjónanna Rainiers III prins og Grace prinsessu sem er betur þekkt sem kvikmyndastjarnan Grace Kelly. Albert var annar í systkinaröðinni en tók þó króntignina af Stefaníu systur sinni sem var eins árs þegar hann fæddist.

Ætlunin var að tilkynna fæðingu prinsins á hefðbundinn hátt en það gekk ekki eftir þar sem heimurinn frétti af fæðingunni þegar óþekkt kona kallaði út um hallargluggann: „Þetta er drengur, þetta er drengur.“ Stuttu eftir fæðinguna birtist svo fjölskyldan á hallarsvölunum og veifaði til fjöldans. „Þetta er vænn, vænn prins,“ voru orð prinsessumóðurinnar, frú Kelly, um fæðingu afkomandans. Mikil veisla var haldin í Mónakó þennan dag enda mikið haldið upp á að loksins væri fullvíst að ríkið þyrfti ekki að sameinast Frakklandi vegna skorts á ríkiserfingjum. Hleypt var af hundrað og einu skoti fyrir framan höllina, fánar og blóm voru sett upp um allt ríkið og daginn eftir fæðinguna var öllum landsmönnum gefið frí frá vinnu og skóla. Einnig náðaði Rainier prins alla sex fangana í Mónakó en ekki fylgir sögunni fyrir hvað þeir sátu inni.



ALBERT PRINS

Eftir huggulega æsku í Mónakó við nám í prinsafræðum flutti Albert til Bandaríkjanna og lærði stjórnmálafræði í Massachusetts. Hann tók við ríkisstjórastóli föður síns við lát hans á síðasta ári.

## MERKISATBURÐIR

**1489** Katrín Kornaro, drottningin á Kýpur, selur konungsdæmi sitt til Feneyja.

**1911** Kristján Jónsson verður ráðherra Íslands og situr fram í júlí sama ár.

**1969** Leikritið „Fiðlarinn á þakinu“ er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu en verkið nýtur meiri vinsælda en nokkuð annað leikrit á undan því.

**1978** Hersveitir Ísraelsmanna ráðast inn í Suður-Líbanon með þeim afleiðingum að minnst hundrað þúsund Líbanar þurfa að flýja svæðið og að minnsta kosti tvö þúsund láta lífið.

**1987** Barðinn strandar við Dritvík á Snæfellsnesi og bjargar þyrla Landhelgisgæslunnar níu manns.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar J. Gíslason**

bifreiðastjóri, Ásvegi 16, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Áskirkju miðvikudaginn 5. mars kl 13.00.

**Guðlaug Sigurjónsdóttir**
**Ólöf Einarsdóttir** **Bogi Þórðarson**
**Sigurlaug Einarsdóttir**
**Erna Einarsdóttir** **Bergþór Einarsson**
**Einar Örn Einarsson** **Hulda Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Elskulegur frændi okkar og vinur,*

**Erlendur Guðlaugsson**

Meiðastöðum, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja aðfaranótt sunnudagsins 12. mars.

**Björg Sæland Eiríksdóttir**
**Sigríður Sæland Eiríksdóttir**
**Guðrún Hafdís Eiríksdóttir**
**Guðlaugur Eiríksson**
**Ásta Ellen Eiríksdóttir**
**Ásta Vilhjálmsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Jónsdóttir**

dvalarheimilinu Hlévangi, Keflavík,

sem lést sunnudagskvöldið 5. mars, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 15. mars kl. 14.00.

**Sigríður J. Magnúsdóttir** **Jóhannes Guðmundsson**
**Hilmar Magnússon** **Jórunn Garðarsdóttir**
**Sigurbjörg Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Ósk Guðmundsdóttir**

læknamiðill, lést í Svíþjóð 26. febrúar sl.

Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 14. mars kl. 13.00.

**Björgvin Kristjánsson**
**Guðmundur Björgvinsson** **Andrea Elísdóttir**
**Indriði Björgvinsson**
**Trausti Björgvinsson** **Sigrún Ásgeirsdóttir**
**Halldór Björgvinsson** **Jóna Elísdóttir**

## MARGA THOME: NÝR PRÓFESSOR VIÐ HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD H.Í.

# Byggir á góðum grunni

Marga Thome er alls ekki ókunnug hjúkrunarfræðideildinni í Háskóla Íslands. Þar hefur hún starfað í næstum því þrjátíu ár en á dögunum var Mörgu veitt staða prófessors við deildina. Hún er fimmti prófessorinn sem skipaður hefur verið í hjúkrunarfræði hér á landi.

„Það kemur í ljós,“ segir Marga aðspurð um hvort einhverjar breytingar verði á starfi hennar við stöðuveitinguna. „Það má segja að þetta sé að vissu leyti staðfesting á gildi starfa, sérstaklega vísindastarfa, og opni líka nýja möguleika,“ segir hún enn fremur um stöðuna.

Eins og áður sagði hefur Marga mikla reynslu í kennslu hjúkrunarfræði á háskólastigi. „Ég hef starfað hér eiginlega frá upphafi háskólanáms í hjúkrunarfræði,“ segir hún. Deildin hefur, eins og gefur að skilja, tekið stórkostlegum breytingum frá þeim tíma. „Alla tíð hefur verið mikil þróun, alveg síðan ég hóf störf. Til að byrja með vorum við til dæmis bara með fjórtán nemendur en núna erum við komin með um fimm hundruð.“ Marga nefnir enn fremur námsleiðirnar til að skýra breytingarnar en til að byrja með bauð deildin bara upp á B.S. nám í hjúkrunarfræði en nú eru námsbrautirnar orðnar sex og á öllum námsstigum.

Störf Mörgu hafa því breyst í beinu samhengi við þróun deildarinnar. „Ég hef alla tíð tekið virkan þátt í öllu og það er auðvitað mjög skemmtilegt,“ segir hún. „Til að byrja með þurftum við náttúrulega að leggja mikla áherslu á þróun B.S. náms og láta það hafa forgang.“ Rannsóknirnar þurftu því aðeins að sitja á hakanum fyrstu tíu árin en Marga er þó ekki í neinum vafa um að forgangsröðunin á þeim tíma hafi verið hárrétt. „Auðvitað hefur gríðarlega þýðingu að byggja fyrst upp fræðilegt nám því upp úr því sprettur allt annað. Grunnnámið hérna er mjög gott og hefur verið undirstaða alls annars.“



**MARGA THOME** Segir að hjúkrunarfræðin á Íslandi standi mjög framarlega miðað við stærð og aldur hjúkrunarfræðideildarinnar við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þegar fleiri hjúkrunarfræðingar fóru í doktorsnám segir Marga að nýtt tímabil hafi hafist í greininni hér á landi. „Eftir að þær voru búnar að ljúka sínum verkefnum hófst rannsóknarsamstarf við heilbrigðisstofnanir sem er í miklum uppgangi núna,“ segir hún. Núna segir Marga að nýtt tímabil sé að hefjast í Háskóla Íslands þar sem í öllum deildum er áhersla á að efla framhaldsnám. „Mikil þörf er núna á því að þróa meistaranám og doktorsnám því það er í svo örum vexti og þarf mikla krafta innan deildarinnar til að efla það,“ segir Marga. Fyrir hana felast þær breytingar helst í því að leiðbeina fleiri meistaranemum og vera virkari í doktorsnámi.

Upp á síðkastið hefur staða Háskóla Íslands í samanburði við háskóla úti í löndum verið mikið í umræðunni. Hvar telur Marga skólann standa á sviði hjúkrunarfræða? „Auðvitað er spurning við hvaða lönd við miðum okkur,“ segir hún og útskýrir að til dæmis hafi Bandaríkin hafið háskólanám í hjúkrun fyrir hundrað árum síðan og því séu öll löndin ekki á sama þróunarstigi. „En miðað við stærð og þróunina hérna erum við mjög framarlega,“ bætir hún við. „Ég held þó að ef við horfum til dæmis á birtingar greina eftir kennara í alþjóðlegum tímaritum má segja að það gangi mjög vel. Þess vegna getum við sagt að gæði okkar vinnu sé sambærileg þeim sem birtast úti í löndum.“



# Afmæli



# Afmæli

## ANDLÁT

**Kristján Þórðarson** loftskeytamaður, Miðvangi 1, Hafnarfirði, lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi laugardaginn 11. mars.

**Erlendur Guðlaugsson**, Meiðastöðum, Garði, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja aðfaranótt sunnudagsins 12. mars.

**Smári Hlíðar Baldvinsson**, Borg, Reykhólahreppi, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt föstudagsins 10. mars.

## JARÐARFARIR

13.00 **Helgi Pálsson** fyrrverandi leigubílsstjóri, Hólmgarði 56, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

15.00 **Guðleif Magnúsdóttir** frá Hamarsseli í Álftafirði, til heimilis í Þangbakka 8, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

## AFMÆLI



**Bragi Steinarsson** saksóknari er 70 ára.



**Sigurjón Árni Eyjólfsson** prestur er 49 ára.



**Helga Vala Helgadóttir** leikkona og dagskárgerðarkona er 34 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

**Ford**Mondeo

Nýtt tákn um gæði



## Veldu Mondeo Ghia í dag

# Ríkulegri en Avensis Sol

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol

Ný hönnun færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru í samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákn um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast í hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samanburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðaðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford Mondeo.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm togi. Skoðaðu nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggiskerfið, hálshnykksvörnina, **ESP stöðugleikastýrikerfið** sem dregur úr líkum á að bíllinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upphitanleg. Í náttmyrkrinu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillinum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðuþurrkurnar af stað. Viðaráferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skottopnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðarhúnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Ford.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

**Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.***

| **Kaupverð** | *Beinskiptur* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i | **2.260.000 kr.** | **2.400.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i | **2.320.000 kr.** | **2.460.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i | **2.380.000 kr.** | **2.520.000 kr.** |

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TCS spólvörn
Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu
16" Ghia álfelgur
Viðaráferð í innréttingu
Regnskynjari í framrúðu
Upphitanleg framrúða
Akstursölva
Hraðastillir
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum framsæta
Öryggispúðagardínur í hliðum
Stillanlegur hiti í framsætum
Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu
Rafknúnar rúður að framan og aftan
Hálshnykksvörn í framsætum
IPS öryggisbúnaður
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
Fjarstýrð samlæsing
Þokuljós að framan
Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari

### Hægt að fá aukalega:

Barnasetur í aftursæti
Leðuráklæði
Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti
DVD spilari og skjár
Rafdrifin sóllúga
Sony hljómflutningstæki
Upphitanlegt aftursæti
Xenon gasluktir
Þjófavörn
Bakkskynjari
Aðfellanlegir útispeglar
Dökklitaðar rúður að aftan
Leður/tau áklæði
Loftkælanleg framsæti

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Fáðu meira fyrir minna. Keyptu Mondeo Ghia.
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.930 kr.
Rekstrarleiga 27.980 kr.

**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.820 kr.

**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.

**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.

**Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.260.000 kr.
Bílasamningur 30.785 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.

**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.480 kr.
Rekstrarleiga 47.990 kr.

**Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.960 kr.



**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.

**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.

**Ford** Explorer XLT 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.790.000 kr.
Bílasamningur 51.630 kr.
Rekstrarleiga 71.750 kr.

**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.870 kr.
Rekstrarleiga 83.920 kr.

**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.280 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.

**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.610 kr.

**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.420 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Ranger er tvílitur.

# FORMÚLAN AÐ VELGENGNI:

# 1+1=3

**Stundum virðist okkur velgengni byggjast á kraftaverki. Ótrúlegur árangur getur virkað óskiljanlegur, það er eins og eitthvað hafi orðið til úr engu. En þannig er þetta ekki. Varanleg velgengni á sér alltaf skýringar.**

**Á sviði fjármála kallar velgengni á yfirsýn og þekkingu sem gerir skjótar – og réttar – ákvarðanir mögulegar. Samfelldur vöxtur byggir á röð af slíkum ákvörðunum.**

**Útkoman getur verið kraftaverki líkust, en fyrir okkur er hún eðlilegasti hlutur í heimi.**

## FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

*Íslandsbanki og 7 dótturfyrirtæki og starfsstöðvar heima og erlendis hafa sameinast undir einu nafni – Glitnir. Nýtt nafn og samræmd ásýnd mun auðvelda okkur að skapa fleiri tækifæri fyrir viðskiptavini okkar.*




GLITNIR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




## STUÐ MILLI STRÍÐA Uppsalabóndi 21. aldarinnar

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** BÝR EINN MEÐ SJÁLFUM SÉR



Ég kenni eðlislægu ósjálfstæði mínu um að ég hafi eytt síðustu sextán árum í sambúðum. Ég ætla nú svo sem ekki að fara að halda því fram að þessum árum hafi verið eytt til einskis, síður en svo, en ég er hægt og rólega að komast að því að ég hef þó verið svikinn um þann stórkoslega lúxus að vera einn með sjálfum sér. Kunningi minn einn sagði mér fyrir nokkrum árum að fjarbúð væri málið. Það er að segja að vera í sambandi með annarri manneskju en deila ekki með henni húsnæði. Fjarbúð er góð fyrir sinn hatt en hún endar yfirleitt með sambúð og þá er fjandinn laus. Einbúð er hins vegar fullkomið búskaparform.

Kris Kristofferson raulaði einhvern tíma um það að frelsi þýddi það að maður hefði engu að tapa lengur. Hljómar ef til vill dapurlega en ég held að einveran sé síður en svo of hátt gjald að greiða fyrir frelsið.

Það nægir í þessu sambandi að horfa á praktísku hliðarnar. Nú vaska ég bara upp einu sinni í viku og skelli svo öllu mínu óhreina taui í tvær til þrjár vélar á hálfs mánaðar fresti og fer ekki í bað fyrr en mig er farið að klæja í hausinn. Tímasparnaðurinn sem felst í einbúðinni er því ótvíræður auk þess sem það er ótrúlegur lúxus að geta liðið í gegnum dagana án þess að þurfa að taka tillit til annarrar manneskju. Ég hef allar fjarstýringar heimilisins á mínu valdi, get sofnað óáreittur í sófanum eða drepist á stofugólfinu. Klósettsetuna get ég haft uppi, niðri eða jafnvel utan um hálsinn, allt eftir því hvernig liggur á mér hverju sinni.

Palli var einu sinni einn í heiminum og kunni því illa en hann var líka asni. Gísli á Uppsölum var hins vegar sæll, glaður og sjálfum sér nægur einn í sínu konungsríki. Ég tek hans pól í hæðina og það eina sem maður þarf að gera til þess að trufla ekki himnasæluna er að sannfæra sig um að einmanaleikinn sem stundum sækir á mann sé blekking.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



**!** **Kl. 18.00**
*Þorvaldur Þorsteinsson heldur upp-byggjandi erindi fyrir alla þá sem halda að þeir séu eitthvað. Hug-myndakreppa nútímans verður tekin til umfjöllunar í húsnæði fyrirtækis-ins Maður lifandi í Borgartúni 24.*

## > Ekki missa af...

Myndlistarsýningu **Tuma Magnússonar** í gallerí i8 við Klapparstíg.

Skáldspírukvöldi með **Thor Vilhjálmssyni** í Iðuhúsinu kl. 20.00. Búast má við líflegum umræðum um ljóðrænu, flæðandi texta og fjöl-skrúðugt myndmál.

Fyrirlestri **Gísla B. Björnssonar** um sögu vörumerkja á Íslandi. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Opna Listaháskólans í húsnæði Listaháskólans í Laugar-nesi, stofu 113, kl 17.00.

# menning

menning@frettabladid.is



**MIREYA SAMPER** Minnist íslenskrar náttúru í nýjum verkum sem hún sýnir næsta mánuðinn.

# Forgengilegar náttúrumyndir

**Myndlistarkonan Mireya Samper opnaði örsýningu á laugardag í galleríinu Hún og Hún við Skólavörðustíg 17b. Sýningin er óður lista-konunnar til náttúrunnar en þar má meðal annars sjá ljóðrænar myndir unnar í kínverskan og indverskan pappír.**

Meðan Mireya var í listnámi starf-aði hún sem leiðsögumaður á sumr-in. „Ég dró túrista með mér um fjöllin og það var mikil næring fyrir mig að taka landið inn svona beint í æð,“ segir Mireya en sýningin nú er unnin út frá minningum hennar frá þeim tíma og ber heitið „Náttúran okkar“. Mireya segist vera mikill náttúrunnandi og er mjög hrifin af svæðinu í kringum Fjallabak og í raun hálendinu öllu. „Auðnin er svo falleg, þar vex viðkvæmur gróður sem maður þarf að gefa gaum og hlusta vel eftir til þess að sjá hann.“

**Ljóðræn örsýning**

„Ég er von að halda sýningar með stórum verkum í miklu rými en þessi verk eru öll í minni kantinum og plássið lítið og ég kalla þetta því örsýningu,“ segir Mireya. Á sýn-ingunni eru sextán myndir unnar á viðkvæman pappír en Mireya seg-ist vera hrifin af því að lofa efninu og vinnuaðferðinni að gera sitt. „Ég leyfi efninu að taka eigin stefnu, finnst betra að hafa ekki fullkomna stjórn og legg því ekki upp með fastmótaða hugmynd. Það væri ekki hægt að vinna svona verk á þennan pappír.“ Myndirnar á sýn-ingunni eru ekki landslagsmyndir úr íslenskri náttúru heldur ljóð-rænar myndir um náttúruna. „Ég hef unnið frekar abstrakt hingað til og þessar myndir eru þannig innblásnar af náttúrunni,“ áréttar Mireya. Auk myndanna má einnig sjá líparítskúlptúr á sýningunni.











**BORGARLEIKHÚSIÐ**

| Stóra svið | Nýja svið / Litla svið |
|---|---|
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| Lau 18/3 kl 14 UPPS. Su 19/3 kl. 14 UPPS. | Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Fi 23/3 kl. 20 |
| Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS | Fi 6/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20 |
| Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 | Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20 |
| Lau 8/4 kl. 14 Su 9/4 kl. 14 | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| **CARMEN** | Fi 16/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20 |
| Lau 18/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20 | Lau 25/3 kl. 20 UPPSELT Fi 30/3 kl. 20 |
| SÍÐUSTU SÝNINGAR! | Fö 31/4 kl. 20 100. SÝNING Lau 1/4 kl. 20 |
| **TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-** | ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK |
| Su 19/3 kl. 20 Græn kort | **HUNGUR** |
| Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20 | Fi 16/3 kl. 20 UPPSELT Fö 17/3 kl. 20 |
| **WOYZECK** | Fi 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20 |
| Fi 23/3 kl. 20 Á LEIÐ TIL LONDON | ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI |
| **KALLI Á ÞAKINU** | **NAGLINN** |
| Fi 13/4 kl. 14 skírdagur Lau 15/4 kl. 14 | Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Su 19/3 kl. 20 UPPS.. |
| Má 17/4 kl. 14 2. í páskum Fi 20/4 kl. 14 | Lau 25/3 kl. 20 |
| **FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS. | Fö 17/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20 |
| Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS. | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

**Aukasýningar í mars:** sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 örfá sæti laus.
**Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN

6. sýn. fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. lau. 25/3. **Aðeins þessar 4 sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 **uppselt**, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**, sun. 26/3 nokkur sæti laus, fim. 30/3 nokkur sæti laus, fös. 31/3 nokkur sæti laus.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Mið. 15/3 **uppselt**, fim. 16/3 **uppselt**, fös. 17/3 **uppselt**, lau. 18/3 **uppselt**, fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 örfá sæti laus, lau. 22/4 örfá sæti laus, sun. 23/4 örfá sæti laus.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

KROSSGÖTUR - Málþing um Pétur Gaut

**Lau. 18/3 kl. 15:00**. Framsöguerindi flytur **Terje Mærli leikstjóri.** Pallborðsumræður. Þátttakendur: Baltasar Kormákur, Björn Hlynur Haraldsson, Karl Ágúst Úlfsson, Gretar Reynisson. Stjórnandi: Melkorka Tekla Ólafsdóttir. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Ljóðs manns æði - Útrás í ljóðum.** Í kvöld þri. 14/3 kl. 21:00.
**Jassklúbburinn Múlinn - Tríó Reynis Sigurðssonar.** Mið. 15/3 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**HIMNARÍKI**
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

SÍÐUSTU SÝNINGAR Á HIMNARÍKI

Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
*Síðasta sýning.*

**VIÐTALIÐ**
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning fim. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

GLITNIR
ÍSLENSKA ÓPERAN



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**GARÐAR OG KATHERINE** Garðar Thór og Katherine Jenkins syngja í Höllinni 29. apríl.

## Miðasalan hefst 23. mars

Miðasala á tónleika með tenórnum Garðari Thór Cortes í Laugardalshöll 29. apríl hefst fimmtudaginn 23. mars.

32 manna hljómsveit mun spila undir á tónleikunum undir stjórn Garðars Cortes, föður Garðars Thórs. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Katherine Jenkins, ein skærasta stjarna klassískrar tónlistar í Bretlandi í dag. Hún hefur þegar sent frá sér tvær plötur, Premier og Second Nature, og var sú síðarnefnda á toppnum í Bretlandi í níu mánuði.

# Persónur og leikendur í Mýrinni

Tökur á Mýrinni hefjast á næstu dögum en kvikmyndin er byggð á einni vinsælustu bók Arnaldar Indriðarsonar. Baltasar Kormákur er við stjórnvölinn og víst er að fjölmargir aðdáendur bæði rithöfundarins og leikstjórans bíða spenntir eftir að sjá Mýrina öðlast líf á hvíta tjaldinu.

Mýrin hefst á því að rannsóknarlögreglumaðurinn Erlendur er kallaður til í Norðurmýrina. Þar hefur roskinn maður fundist myrtur og í skúffu er mynd af fjögurra ára gamalli stúlku sem tengist miklum fjölskylduharmleik. Á sama tíma hverfur ung kona úr brúðkaupi og óþægilegar minningar hellast yfir rannsóknarlögreglumanninn.



**EVA LIND - ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR**
Dóttir Erlendar er langt leiddur fíkniefnaneytandi og mikill vandræðagemlingur. Hún hefur verið fastagestur á meðferðarheimilum og kemst oftar en ekki í kast við lögin, föður sínum til mikillar armæðu. Eva Lind hefur stöku sinnum samband við föður sinn þegar allt er farið fjandans til hjá henni. Erlendur hefur margoft gefist upp á að reyna að bjarga henni frá glötun en römm er sú taug sem tengir þau saman. Evu Lind virðist gefinn sá hæfileiki að geta lesið tilfinningar föður síns og þó hún beri kala til hans fyrir að hafa svikið sig í æsku getur hún ekki snúið algerlega við honum baki, frekar en hann við henni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**ELÍNBORG - ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR**
Elínborg er þriðja hjólið undir rannsóknarlögregluvagni Arnaldar. Það fer ekki mikið fyrir henni og hún er oft á tíðum hálfgerð veggjalús sem læðist á milli Erlendar og Sigurðar Óla. Hún er lukkuleg fjölskyldukona sem hefur yndi af því að baka og elda á milli þess sem hún eltist við misindismenn með félögum sínum. Hún kann að bera vopn á klæðin og þjappar þessari sérkennilegu þrenningu saman með eðlislægri lipurð og sáttfýsi.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**ERLENDUR RANNSÓKNARLÖGREGLUMAÐUR - INGVAR E. SIGURÐSSON**
Erlendur er hokinn af lífsreynslu, langþreyttur og þungur maður sem hefur marga fjöruna sopið. Mannleg samskipti eru ekki hans sterkasta hlið og hann er með bullandi samviskubit gagnvart börnunum sínum tveimur en hann yfirgaf þau og eiginkonu sína fyrir margt löngu. Undir harðri skelinni slær samt gott hjarta og þeir sem fara rétt að Erlendi geta komist nær kvikunni. Erlendur ólst upp í sveit og saga hans er gamalkunnugt stef við gamla bókmenntaminnið um sveitamanninn sem nær aldrei að fóta sig alveg á mölinni. Hann er þjakaður af minningum um yngri bróður sinn sem varð úti í snjóbyl þegar hann var barn að aldri. Sjálfur bjargaðist Erlendur við illan leik og glímir við bullandi sektarkennd vegna þess. Erlendur sér miklu lengra en nef hans nær og er skörp rannsóknarlögga enda hefur hann fátt að lifa fyrir annað en vinnuna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**SIGURÐUR ÓLI - BJÖRN HLYNUR HARALDSSON**
Sigurður Óli er undirmaður Erlendar og kannski ekki alveg skarpasti hnífurinn í skúffunni þó hann eigi það til að taka góða spretti. Hann á það til að setja sig á háan hest í skjóli menntunar sinnar og andrúmsloftið á milli þeirra félaga er oft rafmagnað. Sigurður Óli er líka dæmigerður glaumgosi og er ólofaður og barnlaus þegar hann er kynntur til leiks í Mýrinni en hagir eins eiga eftir að breytast nokkuð í þeim efnum þegar fram líða stundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI





ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31769 03/2006

## Næst ekur þú Avensis

Stundum er afskaplega erfitt að bæta við. Avensis er þannig bíll. Hann hefur einfaldlega allt sem þú þarft. Hvort sem um er að ræða afl, tæknibúnað, aksturseiginleika eða þægindi. Avensis uppfyllir og fer fram úr væntingum þínum.

Avensis er hugarsmíði þess bílaframleiðanda sem hefur komist í fremstu röð Formúlu 1 á aðeins fimm árum. Við væntum mikils á komandi keppnistímabili og í kjölfar fyrstu keppninnar í Bahrain bjóðum við 42" Panasonic plasmasjónvarp að verðmæti 250.000 kr. með öllum Avensis sem afhentir eru fyrir 20. júní n.k.

**Verð frá 2.240.000 kr.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 421-4888 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 |



**PARIS HILTON** Vildi komast í partí án þess að gefa til góðgerðarmála.
NORDIC FOTOS/GETTY IMAGES

# Bannfærð í Óskarspartíum

Herra Elton John hefur úthýst Paris Hilton úr Óskars-eftirpartíum sínum fyrst hún ruddist þangað inn án aðgöngumiða. Slíkur miði kostaði litla 2.500 dollara en andvirðið átti að renna til góðgerðarmála.

Hótelerfinginn mætti ásamt kærastanum Stavros Niarchos hinum þriðja til gleðskaparins í Hollywood Pacific Design Center síðastliðinn sunnudag. Haft er eftir veislugesti að þegar hún hafi verið beðin um framlag við innganginn hafi hún sett nefið upp í loft og strunsað inn. Talsmaður Hilton segir að nú hafi hún gefið fyrirskipun um að greiða skuli tíu þúsund dollara úr sjóðum sínum til Eyðnistofnunar Elton John.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

11 12 13 **14** 15 16 17

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

21.00 **Dikta**, **Ampop** og **Hermigervill** spila í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Gestahljómsveit kvöldsins er **Motýl.**

### FYRIRLESTRAR

12.00 **Guðmundur Alfreðsson** prófessor í þjóðarétti við lagadeildir Háskólans á Akureyri og Háskólans í Lundi, fjallar um málefni Grænlands, núverandi stöðu landsins innan Danmerkur og lagalega stöðu þess í alþjóðlegu samhengi. Erindi sitt flytur Guðmundur í stofu L201 Sólborg við Norðurslóð á Akureyri.

17.00 **Gísli B. Björnsson** flytur fyrirlestur á vegum **Opna listaháskólans** um sögu merkja á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Fyrirlesturinn verður fluttur í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi, stofu 113.

18.00 **Þorvaldur Þorsteinsson** heldur upplífgandi fyrirlestur fyrir alla þá sem halda að þeir séu eitthvað. Hugmyndakreppa nútímans verður tekin til umfjöllunar í húsnæði fyrirtækisins Maður lifandi í Borgartúni 24.

### SÝNINGAR

Mæðgurnar **Inga Bjarna** og **Íris Rós Þrastardóttir** sýna glerlist og skúlptúra unna með blandaðri tækni í húsakynnum verslunarinnar **Bling-Bling**, Hafnargötu 26 í Reykjanesbæ. Sýningin stendur fram í byrjun apríl.

### UPPÁKOMUR

21.00 Ljóðs manns æði, ljóðadagskrá í Þjóðleikhúskjallaranum á vegum **Þjóðleikhússins** og stuðningsmanna ljóðsins. Viðfangefni kvöldins verða yrkingar um útrásina, frá miðöldum til okkar daga.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4, 6 og 8 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 10 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 5.45 SÍÐUSTU SÝNINGAR |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 8 og 10.25 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 6 og 8 |
| PINK PANTHER | kl. 10 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað






**EIVÖR PÁLSDÓTTIR** Söngkonan færeyska hefur góða ástæðu til að brosa breitt þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlaut tvenn dönsk tónlistarverðlaun

Færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir hlaut tvenn verðlaun á Dönsku tónlistarverðlaununum í flokki þjóðlagatónlistar sem afhent voru í Tönder um helgina.

Verðlaunin fékk hún sem besta söngkonan og fyrir bestu vísnaplötuna. Platan nefnist Eivör og kom út á vegum 12 Tóna fyrir tveimur árum og í Danmörku í fyrra. Alls var Eivör tilnefnd til sex verðlauna á hátíðinni.

Verðlaunin hafa mikla þýðingu fyrir Eivöru og 12 Tóna. Eivör hefur nýlokið tónleikaferð um Danmörku og er önnur fyrirhuguð í haust. Í næsta mánuði er ferðinni heitið til Kanada og er það önnur tónleikaferð hennar þangað á skömmum tíma.

Næstu tónleikar Eivarar hér á landi verða 27. apríl þar sem hún kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og syngur þekkt íslensk dægurlög. Ragnheiður Gröndal syngur með henni á þeim tónleikum.

# Britney skammtar karlinum vasafé

Hið ástsæla poppsöngkvendi Britney Spears hefur víst sett karlinn sinn Kevin Federline á fastan vasapening. New York Post flytur fréttir af þessu og segir að Britney skammti Kevin mánaðarlegt skotsilfur til kaupa á fötum og brennivíni. Nafnlaus uppljóstrari um einkahagi skötuhjúanna segir að öll ofsaneysla svo sem bílar og heimsreisur þurfi sérstakt samþykki fyrirvinnunnar. Með þessum ráðum ætli hún að kenna Kevin að vera ábyrgur í eyðslunni.



**SKÖTUHJÚIN BRITNEY OG KEVIN** Britney er fyrirvinnan og vill ekki að Kevin sólundi peningum. NORDIC FOTOS/GETTY IMAGES

# Enn eitt partíið

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST



**PLACEBO:**

MEDS

**Niðurstaða:** Nafn Placebo er gæðastimpill sem tryggir hlustendum góðar og metnaðarfullar rokkplötur. Það er eins með þessa fimmtu breiðskífu þeirra. Formúlan er þó aðeins byrjuð að þynnast.

Ég hef alltaf verið veikur fyrir þessari sveit. Veit ekki af hverju. Kannski er það yndislega tjáningarrík rödd Brians Molko? Ótrúleg næmni þeirra fyrir grípandi melódíum, eða ljóðrænir textar þeirra um skuggahliðar mannsálarinnar. Af einhverjum ástæðum er það bara svo auðvelt að trúa því að þessir menn séu algjörlega heilir í sköpun sinni. Eftir að hafa eytt kvöldstund með þeim eftir tónleika þeirra á Íslandi þykist ég vita að þeir séu frekar raunveruleikafirrtir eftir áralanga rússíbanareið á milli landa, úr einu partíi í annað. Kannski er það bara þetta bóhemíska ójafnvægi sem er svona heillandi. Sjarminn við það að eyðileggja sig smá með hverju ári sem líður.

Hvað sem það er sem gerir Placebo að svona fínni sveit í mínum eyrum get ég ekki útskýrt betur. Þetta virðist vera sveit sem fólk annaðhvort dýrkar eða þolir ekki. Svoleiðis hlutir eiga alltaf eftir að vekja athygli mína.

Loksins skilar Placebo af sér fylgifiski meistaraverksins Sleeping with Ghosts. Þeir eiga eflaust aldrei eftir að gera betri plötu en það, og mig grunar að þeir viti það sjálfir. Það kemur því kannski ekkert voðalega á óvart að þeir geri engar tilraunir til þess að reyna að róa inn á ný mið á nýju plötunni, Meds. Dauður við raftónlistarleg blíifp og krúttlegt skruð er nánast alveg látið vera, en það skiptir engu. Platan er samt í svipuðum hljóðheimi og síðast. Greinilega ekki jafn mikill tími lagður í tölvueftirvinnslu.

Í staðinn er bara boðið upp á vænan skammt af nýjum grípandi Placebo-lögum. Hér er ausið úr sama lagabrunni og áður, og lítið sem kemur á óvart. Engu að síður eru hér nokkuð sterk lög inni á milli. Nefni Infra-Red, Post Blue og Pierrot the Clown sem afbragðs slagaraefni. Michael Stipe, söngvari R.E.M., mætir svo sem gestur í laginu Broken Promise.

Síðasta lagið á plötunni heitir Song to Say Goodbye, og kannski væri þetta góður tími til þess að kveðja. Enda þannig með góðri plötu, á meðan útgáfur þeirra skipta enn einhverju máli. Forða sér þannig frá þeim grimmu örlögum sem flestar hljómsveitir enda í, að útgáfur þeirra verði álíka fréttnæmar og sú staðreynd að það verði haldin jólahátíð í lok árs. Betra að enda á hæð en í lægð.

**Birgir Örn Steinarsson**

# Sólóplata frá Coxon

Graham Coxon, fyrrum gítarleikari Blur, hefur gefið út sína sjöttu sólóplötu. Nefnist hún Love Travels at Illegal Speeds og nefnist fyrsta smáskífulagið Standing On My Own Again.

Platan er sögð vera hans heilsteyptasta til þessa en síðasta plata hans, Happiness in Magazines, kom út fyrir tveimur árum. Náði hún hæst 19. sætinu á breska breiðskífulistanum, sem er besti árangur Coxon til þessa.



# Ozzy stendur ekki



Dregið hefur til tíðinda á heimili Osbourne-fjölskyldunnar. Ozzy stendur ekki í návist konu sinnar Sharon þrátt fyrir að hafa mokað í sig fjórum Viagratöflum. Þetta lét hann út úr sér við breska menningarritið The Sun. „Ég get það ekki. Gleypi fjórar en ekkert gerist. Ég er á þunglyndislyfjum. Annars klikkast ég. Á hveitibrauðsdögunum vorum við eins og kanínur. Nú höfum við gert það svo oft að það er orðið fjári leiðigjarnt.“ Ozzy og Sharon hafa verið gift í tuttugu ár. ■



**CURTIS ADAMS** Rokktöframaðurinn Curtis Adams virðist njóta mikillar hylli hér á landi.

# Önnur aukasýning

Ákveðið hefur verið að efna til annarrar aukasýningar á sýningu rokktöframannsins Curtis Adams í Austurbæ. Verður hún haldin sunnudaginn 9. apríl klukkan 19.30.

Miðar seldust fljótt upp á fyrstu tvær sýningarnar og því var ákveðið að halda þriðju sýninguna. Ekki verða fleiri aukasýningar og hér er því væntanlega um síðasta tækifærið að ræða til að ná sér í miða á þessa skemmtilegu Las Vegas-sýningu. Miðasalan fer fram á midi.is, event.is og í verslunum Skífunnar og BT á Akureyri og Selfossi.

Tilboðsverð 12.999 kr.

Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt



Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

brother At your side. QL-550

Augl. Pórhildur 1390.43













| | | |
|---|---|---|
| AEON FLUX | KL. 5:50-8-10:10 | B.I. 16 |
| AEON FLUX VIP | KL. 3:45-5:50-8-10:10 | |
| SYRIANA | KL. 5:30-8-10:40 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 5:50-8-10:20 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 6:30 | B.I. 12 |
| MUNICH | KL. 9 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |
| OLIVER TWIST | KL. 4 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

| | |
|---|---|
| WALK THE LINE | KL. 8-10:30 |
| BLÓÐBÖND | KL. 8-10 |

| | |
|---|---|
| AEON FLUX | KL. 8-10 |
| BLÓÐBÖND | KL. 8 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 10 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

| | | |
|---|---|---|
| THE NEW WORLD | KL. 5:30-8-10:10 | |
| THE MATADOR | FORSÝNING KL. 8 | B.I. 16 |
| THE PINK PANTHER | KL. 6-8-10:10 | |
| UNDERWORLD 2 | KL. 10:45 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6 | |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| THE NEW WORLD | KL. 5:45-8:30 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30-8-10:30 | |
| SYRIANA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Daniel Skillin, hálfbróðir söngkonunnar **Joss Stone**, hefur verið fluttur á sjúkrahús eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af heróíni. Skillin lýsti því yfir í viðtali á dögunum að hann hefði komist yfir vímuefnafíkn sína, m.a. vegna stuðnings systur sinnar, en allt virðist vera komið í sama horfið aftur.



**Michael Jackson** og systir hans Janet voru hvergi sjáanleg í jarðarför Johnny Jackson, fyrrum trommara Jackson Five, um síðustu helgi. Johnny var stunginn til bana og fannst líkið hans í Indiana þann 1. mars. Fimm meðlimir Jackson-fjölskyldunnar voru viðstaddir jarðarförina, þar á meðal Randy, yngsti meðlimur Jackson Five.



Rokkekkjan **Courtney Love** er að íhuga að selja 25 prósenta hlut sinn í lögum Nirvana, hljómsveitar fyrrum eiginmanns síns Kurt Cobain. Love, sem var stödd í London á dögunum, er að einnig að íhuga að skrifa undir plötusamning við breskt fyrirtæki auk þess sem hún vill stíga á leiksvið í West End.



Heimildarmynd verður frumsýnd á næstunni um endurkomu hljómsveitarinnar **Pixies**. Í myndinni kemur meðal annars fram að andrúmsloftið á milli sveitarmeðlima sé enn ekki í fullkomnu lagi þrátt fyrir að sveitin hafi ákveðið að koma saman á ný. Leikstjóri myndarinnar segir að meðlimir Pixies hafi allir verið að glíma við hefðbundin vandamál miðaldra fólks á sama tíma og brjálaðir aðdáendur heimti sífellt meira frá þeim.







„ÁHYGGJULAUS“

ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

Já, það er óþarfi að hafa áhyggjur af því hvernig flytja á vörur, búslóð, ferskmeti, einn smápakka, eða hvað sem er – milli landshluta eða innanbæjar. Flytjandi rekur eitt öflugasta þjónustunetið í flutningum á Íslandi. Við leggjum áherslu á að koma sendingu þinni örugglega til skila á sem skemmstum tíma og á sem hagkvæmastan hátt.

- Áætlunarflutningar á 80 staði innanlands
- Vörudreifingarþjónusta um allt land t.d. kvölddreifing, útkeyrsla til þriðja aðila, flokkun fyrir dreifingu o.fl.
- Flutningar hvert á land sem er
- Allt frá smápökkum til gáma
- Heildarlausnir í innanlandsflutningum

Þú einfaldlega hringir í 525 7800 og sérfræðingar okkar hjá viðskiptaþjónustu Eimskips sjá til þess að leiðin verði greið.

Flytjandi

EIMSKIP GREIÐ LEIÐ | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is

MEMBER OF AVION GROUP

Himinn og haf / SÍA



## Öll félögin fengu leyfi

Öll tíu félögin í Landsbankadeild karla hafa fengið leyfi frá KSÍ til þátttöku í deildinni í sumar. Sum félög sóttu um frest til aðlögunar vegna væntanlegra mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur. Öll félögin í deildinni hafa fengið staðfestingu frá sínu bæjarfélagi um að úrbætur verði gerðar á aðstöðu áhorfenda, í flestum tilfellum fyrir keppnistímabilið 2007.

**sport**

sport@frettabladid.is

HENNING BERG, ÞJÁLFARI LYN Í NOREGI: ÆTLAR EKKI AÐ SEMJA VIÐ GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON

# Gunnar er mjög spennandi kostur



Norska liðið Lyn í Noregi ætlar ekki að semja við vinstri bakvörð Fram, Gunnar Þór Gunnarsson, sem var hjá félaginu til reynslu í síðustu viku. Henning Berg, þjálfari Lyn, sagði við Fréttablaðið í gær að Gunnar væri spennandi kostur en ef til vill ekki tilbúinn í toppslaginn í Noregi þar sem Lyn ætlar að vera.

„Við ætlum ekki að semja við Gunnar að svo stöddu. Hann kom hérna til okkar í nokkra daga, æfði með okkur og stóð sig virkilega vel. Gunnar er dæmigerður íslenskur leikmaður, hann gefst aldrei upp en til þess að fá hann þyrfti hann að vera betri en þeir leikmenn sem við erum með fyrir. Það er hann ekki núna en við erum með virkilega góða varnarmenn og vorum með eina bestu vörnina í norsku deildinni í fyrra," sagði Berg í gær.

„Hann er ennþá ungur og Gunnar hefur mikla möguleika fyrir framtíðina, sérstaklega ef hann heldur rétt á spilunum. Við munum halda áfram að fylgjast grannt með honum, bæði í landsleikjum og með upplýsingum frá Íslandi. Það eru miklar líkur á því að við fáum hann aftur til okkar og þá er aldrei að vita nema við bjóðum honum samning," sagði Berg, sem sparar ekki stóru orðin þegar kemur að næsta tímabili í Noregi.

„Ég set markið hátt með liðið. Við lentum í þriðja sæti í deildinni í fyrra en við ætlum okkur ofar í ár. Ég þarf ekki að fá marga leikmenn til mín fyrir tímabilið en ég hef trú á því að við verðum með í baráttunni um titilinn. Í það minnsta ætlum við okkur Evrópusæti, en við erum einbeittir að titilbaráttunni. Við leitumst alltaf við að þróa og betrumbæta liðið," liður í því er að fá unga leikmenn á borð við Gunnar til okkar," sagði Berg, sem fer fögrum orðum um Stefán Gíslason sem leikur með liðinu.

„Ég er mjög ánægður með Stefán, hann er lykilmaður í liðinu og ég vil ekki fyrir nokkra muni missa hann," sagði Berg að lokum.

## > Bjarni í annan uppskurð?

Markmaður Fylkis, Bjarni Þórður Halldórsson, gæti þurft að fara í sinn annan uppskurð á skömmum tíma á næstunni. „Þetta kemur í ljós fljótlega. Ég fór í uppskurð á maganum en nárinn er enn í tómri vitleysu. Ef allt gengur vel í honum ætti ég að geta verið kominn á stjá eftir sex vikur. Ég kvíði því ekki að sumarið sé í hættu auk þess sem félagið er ekki á flæðiskeri statt hvað varðar markmenn. Jóhann Ólafur Sigurðsson hefur staðið sig frábærlega og hann er rétt að skríða í tvítugt auk þess sem Fjalar Þorgeirsson gæti komið inn. Samkeppnin er bara af hinu góða, ég get tekið mér minn tíma í að jafna mig í stað þess að þurfa að spila meiddur," sagði Bjarni í gær.





**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Stefnir ekki á að fá fleiri leikmenn til sín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Buddan tæmd á Skaganum:

## Árni Thor er síðustu kaupin

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Árni Thor Guðmundsson mun skrifa undir samning við ÍA í dag og gæti leikið með sínum nýju félögum í stórleik helgarinnar á Íslandi þegar liðið mætir KR í deildabikarkeppni KSÍ. Árni, sem er 26 ára gamall miðvörður, kemur frá HK en fyrr í vikunni samþykkti Kópavogsliðið tilboð ÍA í Árna, sem var samningsbundinn út árið 2006.

„Árni Thor hefur valdið okkur vandræðum þegar við höfum spilað á móti HK og gert sóknarmönnum okkar skráveifu, en það verður ekki vandamál lengur. Ólafur (Þórðarson, þjálfari ÍA,) er mjög hrifinn af honum sem leikmanni," sagði Eiríkur Guðmundsson, formaður meistaraflokksráðs ÍA, við Fréttablaðið í gær. Eiríkur sagði jafnframt að orðrómur um að erlendur miðvörður væri á leiðinni til ÍA væri gróusaga af bestu gerð.

„Við ætlum ekki að fá okkur erlendan miðvörð. Þetta verða okkar síðustu kaup í ár, ég get lofað því," sagði Eiríkur. - hþh

Meistaradeildin í kvöld:

## Ajax þarf mark

**FÓTBOLTI** Inter Milan og Ajax mætast í kvöld í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu en leikurinn gat ekki farið fram í síðustu viku þar sem AC Milan og Inter deila heimavelli. Fyrri leiknum lauk með 2-2 jafntefli í Amsterdam.

Danny Blind, stjóri Ajax, er óragur fyrir leikinn mikilvæga. „Ítölsk lið eru sterk varnarlega en það getum við verið líka. Við verðum að halda markinu hreinu, annars gæti einvíginu lokið strax í fyrri hálfleiknum. Við stefnum á að spila sterka vörn og læða inn einu eða tveimur mörkum," sagði Blind. - hþh

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

MARS

11 12 13 **14** 15 16 17

**Þriðjudagur**

■ ■ SJÓNVARP

☐ 23.20 **Gillette HM sportpakkinn** á Sýn.

☐ 19.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Inter** og **Ajax**.

☐ 19.40 **Enska bikarkeppnin** á Sýn Extra. Bein útsending frá leik **Manchester City** og **Aston Villa**. Sýndur klukkan 21.40 á Sýn.

# Alexander á batavegi

**Handknattleikskappinn Alexander Petersson, sem kjálkabrotnaði illa á EM í Sviss, er byrjaður að æfa á ný og stefnir á að spila með félagi sínu Grosswallstadt eftir tvær til þrjár vikur. Hann segir síðustu vikur hafa verið erfiðar.**

**HANDBOLTI** Eitt af eftirminnilegustu atvikunum á EM í Sviss var einstök keppnisharka Alexander Petersson gegn Rússum þegar hann spilaði rúman hálfleik með brotinn kjálka. Þrátt fyrir þá staðreynd datt honum ekki í hug að kvarta og hann átti drjúgan þátt í eftirminnilegum sigri á rússneska birninum.

Eftir að ljóst var að kjálkinn á honum hafði farið í tvennt var Alexander sendur heim til Þýskalands og áttu margir von á að langt yrði í endurkomu hans. Aðeins sex vikum eftir brotið er Alex farinn að æfa með Grosswallstadt og hann stefnir á að spila með liðinu eftir tvær til þrjár vikur.

„Ég hef verið að æfa í tvær vikur, fyrst einn en með liðinu síðustu vikuna, þá aðeins að hlaupa og skjóta. Ég get ekki farið í neina snertingu enn sem komið er," sagði Alexander nokkuð brattur í spjalli við Fréttablaðið í gær.

„Þetta hefur verið erfiður tími og þá sérstaklega fyrstu vikurnar þar sem ég gat lítið annað borðað en súpur og próteindrykki. Svo var erfitt að sofa stundum en þetta fór sem betur fer allt vel að lokum þó ástandið hafi verið orðið þreytandi."

Tvær plötur voru settar í kjálkann á Alexander enda fór kjálkinn algjörlega í tvennt. Þessar plötur verða síðan teknar úr í lok sumars að öllu eðlilegu.

„Ég fer í myndatöku 18. mars og ef allt er eðlilegt á þeirri töku get ég byrjað að æfa af fullum krafti viku síðar og svo vonandi spilað beint í kjölfarið. Það er stefnan," sagði Alex, sem segist vera í ágætu líkamlegu formi og því fátt til fyrirstöðu að hann spili drjúgan hluta af leikjum Grosswallstadt fljótlega.

„Ég mun ekki spila með neina grímu þegar ég snú aftur. Ég vona samt að kjálkinn haldi ef ég fæ kjaftshögg. Engu að síður verður þetta erfitt fyrir mig sálfræðilega þar sem ekki er ólíklegt að ég muni hugsi mikið um að vernda kjálkann inni á vellinum. Annars er ég vanur að gleyma öllu öðru fljótlega þegar leikir byrja og vonandi verður það þannig áfram þegar ég snú aftur," sagði Alex og hló létt. henry@frettabladid.is



**MÆTTUR AFTUR** Alexander Petersson byrjaður að æfa á ný eftir slæmt kjálkabrot á EM í Sviss. Ætti að geta spilað leikina mikilvægu gegn Svíum í sumar.



**TOMMY NIELSEN** Enn meiddur og lítið æft í vetur vegna meiðsla.

Tommy Nielsen:

## Ekki með FH í sumar?

**FÓTBOLTI** FH-ingar halda áfram að fá slæmar fréttir en í gær kom í ljós að meiðsli danska miðvarðarsins Tommy Nielsen voru verri en í fyrstu var talið. Daninn meiddist á hné og eftir því sem fram kom í fréttum NFS í gær er ólíklegt að hann verði byrjaður að æfa áður en Íslandsmótið.

Þetta eru mjög slæmar fréttir fyrir FH enda tveir aðrir miðverðir, Auðun Helgason og Sverrir Garðarsson, einnig frá vegna meiðsla.

Landi Nielsen, varnarmaðurinn Peter Matzen, er til reynslu hjá félaginu þessa dagana en hann reyndi fyrir sér hjá Keflavík á dögunum.



**Á ÚTLEIÐ?** Eiður Smári gæti þurft að víkja fyrir Michael Ballack. NORDICPHOTOS/AFP

Jose Mourinho:

## Ég vil Ballack til Chelsea

**FÓTBOLTI** Staða Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Chelsea gæti hæglega verið í hættu ef þjóðverjinn Michael Ballack gengur til liðs við liðið. Ballack spilar sömu stöðu og Eiður hefur verið að gera hjá Chelsea, auk þess sem landsliðsfyrirliði Íslands hefur ekki átt fast sæti í liði Jose Mourinho.

„Ég vil fá Ballack. Hann þarf tíma til að ákveða sig og ég virði það, þetta er undir honum komið," sagði Mourinho við þýska dagblaðið Bild en neitaði því að Frank Lampard væri á leið frá félaginu þrátt fyrir að hafa verið sterklega orðaður við Barcelona.

Eiður Smári hefur staðið af sér allar breytingar hjá Chelsea undanfarin ár með komu hverrar stórstjörnunnar á fætur öðrum en spurningin er hvort hann gefist endanlega upp á bekkjarsetunni komi Ballack eins og allt útlit er fyrir. - hþh

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ:

# Ráðning aðstoðarþjálfara er ekki forgangsatriði hjá HSÍ

**HANDBOLTI** „Við erum ekkert að velta þessu fyrir okkur á þessum tímapunkti. Hluti af ástæðunni fyrir því er viðræður sem við áttum við Alfreð og hvernig hann vill hafa vinnuumhverfið í kringum landsliðið," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, í gær um leit að aðstoðarþjálfara Íslands. Sú leit hefur enn ekki farið fram og og reyndar er óvíst að af henni verði.

„Við höfum ekkert skoðað málið og engar viðræður hafa átt sér stað enda er þetta ekki forgangsatriði hjá okkur. Liðið er að fara í æfingabúðir til Þýskalands um páskana og öll okkar vinna stendur að þeirri ferð. Það kemur til greina að einhver komi bara inn í



**ALFREÐ GÍSLASON** Hinn nýráðni landsliðsþjálfari er ekki í leit að aðstoðarmanni að svo stöddu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Svíaleikina til að aðstoða Alfreð en hann sjálfur ræður ferðinni þar. Það kom upp umræða hvort aðstoðarþjálfarinn tæki síðan við landsliðinu eftir að Alfreð hætti, geri hann það, en það er ekkert sem við erum að skoða," sagði Einar.

Til greina kemur að Alfreð stýri landsliðinu samhliða því að þjálfa Gummersbach en hann tekur við þýska stórliðinu 1. júlí á næsta ári. „Það getur vel verið að það sé möguleiki á því að hann verði áfram með liðið samhliða Gummersbach og hann hefur rætt við okkur um það. En það er mikið af óvissuþáttum í þessu og það er ekkert hægt að ákveða í þessu núna," sagði Einar að lokum. - hþh

# Leikbær

# Risastóra Leikbæjarútsalan hefst í dag í Perlunni



Aðeins 6 dagar!
Lýkur á sunnudag!




## Allt að 80% afsláttur!

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„We're all heroes if you catch us at the right moment.“**

**Svar:**
John Bubber í Hero árið 1992.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON RIFJAR UPP GÖMUL KYNNI

# *Um Grissom og annan fjára*

Öðru hvoru getur verið notalegt að kynnast gömlum vinum upp á nýtt. Þetta þekkja þeir sem mæta á endurfundaball hjá gamla grunnskólabekknum og rifja upp bernskuárin. Sama á við um sjónvarpið. Eftir smá hvíld getur verið gott að endurnýja kynnin við gamla félaga sem áður fyrr yljuðu manni á kvöldin.

Eftir að Digital Ísland tók völdin á heimilinu hefur það verið mér hulin bók hvernig Skjár einn gæti orðið hluti af fjölskyldulífi mínu. Mér virðist fyrirmunað að koma honum í imbakassann og smám saman hefur „þörfin“ fyrir stöðina horfið eftir að hafa staðið sig í stykkinu undanfarin ár. Þættir á borð við Law & Order, CSI, Everybody Loves Raymond og Malcolm in the Middle urðu brátt að minningunni einni, rétt eins og gömlu skólafélagarnir.

Mér gafst tækifæri til að rifja upp gamla tíma þegar ég komst óvænt í tæri við sjónvarpstæki í Vesturbænum sem hafði Skjá einn innan sinna vébanda. Fyrsti gesturinn var Malcolm og uppátæki skrautlegu fjölskyldunnar hans. Háar hlátursrokur heyrðust innan úr stofu þegar Hal kom með sígilda kenningu um hjónabandið og hvernig því væri haldið á floti. Í kjölfarið kom Raymond og öll hans hersing en fáar sjónvarpspersónur minna jafn mikið á sjálfan mig og íþróttafréttamaðurinn nöldursami. Honum tókst að leysa skólavandamál sonar síns og þurfti endilega að núa Debru sinni það um nasir.



**GRISSOM** Það var notalegt að sitja uppi í sófanum í Vesturbænum og endurnýja kynnin við gamla vini af Skjá einum.

Mestu fagnaðarfundirnir urðu þó þegar Grissom og CSI-hópurinn hans birtist á skjánum. Gamall draumur um starf innan rannsóknardeildarinnar í Las Vegas rifjaðist upp fyrir mér og fljótlega var ég kominn með vasaljós við hliðina á Söru að rannsaka dularfullt mannslát. Grissom sló létt í öxlina á mér og sagði mér frá lundapysjunum í Vestmannaeyjum eða skrítnum skordýrum úr svörtustu frumskógum Afríku.



▶ 22.20 *Spenna*

DALZIEL & PASCOE



▶ 21.35 *Spenna*

PRISON BREAK



▶ 20.00 *Gaman*

FRIENDS



▶ 20.30 *Lífstíll*

HEIL OG SÆL



▶ 19.30 *Fótbolti*

INTER – AJAX

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (27:52) **18.25** Draumaduft (2:13)

**18.30 Gló magnaða (42:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Mæðgurnar (2:22)** (Gilmore Girls V)Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**21.15 Græna herbergið (3:6)** Þáttaröð þar sem Jónas Ingimundarson píanóleikari og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona fjalla um tónlist og leika tóndæmi.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.20 Tvíeykið (1:8)** (Dalziel & Pascoe, Ser. IV)Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál.

**23.15** Króníkan (17:20) **0.15** Kastljós **1.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina

**2.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Veggfóður **14.15** LAX **15.00** Amazing Race 5 **16.00** Töframaðurinn **16.20** He Man **16.45** Shin Chan **17.10** Töfrastígvélin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (30:31)**
**20.50 Las Vegas** (Double Down, Triple Threat) Danny fylgist með náunga sem er með hárkollu og svindlar í tuttuguog einum með því að telja spilin.
▶ **21.35 Prison Break (7:22)** (Bak við lás og slá) Uppþotin í fangelsinu ágerast enn og Michael verður að gera upp við sighvort hann vilji bjarga lífi Dr. Tancredi. Bönnuð börnum.
**22.20 My Life in Film (4:6)** Líf Art, Beth og Jones breytist í spennutryllinn Shallow Grave þegarBeth sest að hjá þeim Art og Jones.
**22.50 Twenty Four (7:24)** (24 )

**23.35** 30, Still Single: Contemplating Suicide (B. börnum) **1.05** Nip/Tuck **1.50** Bringing Down The House **3.30** Animal Factory (Str. b.börnum) **5.05** The Simpsons 15**5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (e)** (Cost Dad An Election)
▶ **20.00 Friends (16:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**21.00 American Dad (3:16)** (Not Particularly Desperate Housewives)Francine fær nóg af yfirráðum Stan á heimilinu og finnur sér hóp af konumsem virðast lifa hinu fullkomna lífi.
**21.30 Reunion (9:13)** (1994)
**22.15 Supernatural (5:22)** (Bloody Mary)Bönnuð börnum.

**23.00** Laguna Beach (13:17) **23.50** Sirkus RVK (e) **0.20** Friends (16:24) **0.45** Idol extra 2005/2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.35** Sigtið (e) **16.05** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House**
▶ **20.30 Heil og sæl** Heil og sæl er nýr íslenskur matreiðsluþáttur á SkjáEinum sem Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Oscar Umahro Cadogan sjá um.
**21.00 Innlit / útlit** Innlit útlit hefur skapað sér sess sem vandaðasti hönnunar og lífsstíls þáttur þjóðarinnar.
**22.00 Close to Home** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir.
**22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Mótorsport 2005** (Mótorsport 2005)
**19.00 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
▶ **19.30 Meistaradeild Evrópu** (Inter – Ajax)Bein útsending frá síðari leik Inter Milan og Ajax í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**21.40 Enska bikarkeppnin** (Enska bikarkeppnin)(Man. City – Aston Villa)Útsending frá leik Manchester City og Aston Villa í 16 liða úrslitum enskabikarsins, FA Cup. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra fyrr í kvöld.Fyrri leik liðanna lauk með 1-1 jafntefli.

**23.20** Gillette World Cup 2006 **23.50** World Supercross GP 2005-06 **0.45** Ensku mörkin **1.10** Meistaradeild Evrópu (Inter – Ajax)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Home Room (B. börnum) **8.10** The Master of Disguise **10.00** Calendar Girls **12.00** World Traveler **14.00** The Master of Disguise **16.00** Calendar Girls **18.00** World Traveler **20.00 Home Room** (Skotárásin) Dramatísk kvikmynd um hörmulegan atburð í miðskóla. Bönnuð börnum. **22.10 Shipping News** (Skipafréttir) Qyole starfar í New York en fær lítið út úr lífinu. Bönnuð börnum. **0.00** Original Sin (Bönnuð börnum) **2.00** LA County 187 (Bönnuð börnum) **4.00** Shipping News (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** 50 Biggest Celebrity Break-Ups **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** Uncut **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Party @ the Palms **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** Uncut

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Portsmouth – Man. City frá 11.03 **16.00** Blackburn – Aston Villa 11.03 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 Að leikslokum (e)**
**20.00 Chelsea – Tottenham frá 11.03**
**22.00 Man. Utd. – Newcastle frá 12.03**

**0.00** Þrumuskot (e) **1.00** Dagskrárlok




AMERICAN DAD
Í KVÖLD KL 21:00

BANDARÍKIN ERU Í ÖRUGGUM HÖNDUM!

Útsendari CIA, Stan Smith, er alltaf á varðbergi fyrir hryðjuverkahættum.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Dalziel og Pascoe** **RÚV**, kl. 22.25

### *Tvíeykið mætir aftur á skjáinn*

Tvíeykið (Dalziel og Pascoe) er bresk þáttaröð um rannsóknarlögreglumennina Dalziel og Pascoe í Jórvíkurskíri sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál en ný þáttaröð hefst í kvöld á Ríkissjónvarpinu. Andrew Dalziel er feitur miðaldra raunsæismaður, allt að því kaldhæðinn á köflum, og slyngur spæjari. Peter Pascoe er yngri, háskólamenntaður og á framabraut. Hann er giftur og á eitt barn. Þeir vinna ákaflega vel saman og virða hvor annars hæfileika en þeir eru engir félagar. Þau eru af ýmsum toga sakamálin sem þeir þurfa að upplýsa í borgum og námabæjum Jórvíkurskíris. Í þættinum í kvöld rifjast upp fyrir Dalziel minningar um fimmtán ára gamalt mál þegar átta ára telpa finnst myrt en Pascoe hefur öðrum hnöppum að hneppa því að dóttir hans veikist af heilahimnubólgu.



*Með aðalhlutverk fara leikararnir Warren Clarke og Colin Buchanan.*

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | | |
| | | 5 | 4 | | | | | |
| 2 | | | | 5 | | | | 4 |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 9 | | | | 4 | | | | 2 |
| | | | | | 3 | 2 | | |
| | | | | 2 | | | | 7 |
| | | | 6 | | 1 | | 3 | 8 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 1 |
| 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 | 2 | 9 |
| 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 5 | 6 |



▶ **21.10**
*Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hugsað heim. **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.45** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær Grétar Reynisson leikmyndahönnuður fyrir leikmyndina í stykkinu Pétri Gaut.*



**LÁRÉTT**
**2** fjötra **6** löng og lág hæð **8** eyða **9** gæfa **11** í röð **12** prumpa **14** sníkjudýr **16** málmur **17** forskeyti **18** samhljóman orða **20** klukkan **21** snöggur.

**LÓÐRÉTT**
**1** helminguð **3** mannþyrping **4** skóhljóð **5** efni **7** sárabindi **10** gogg **13** skír **15** tigna **16** tímabils **19** skóli.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** höft, **6** ás, **8** sóa, **9** lán, **11** tu, **12** freta, **14** afæta, **16** ál, **17** ráð, **18** rím, **20** kl, **21** snar. **LÓÐRÉTT: 1** hálf, **3** ös, **4** fótatak, **5** tau, **7** sáralín, **10** nef, **13** tær, **15** aðla, **16** árs, **19** ma.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. Hvítur hestur
2. Guðjón Ólafur Jónsson
3. Fernando Alonso

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

## AÐ MÍNU SKAPI: ELÍAS INGI ÁRNASON ÚTVARPSMAÐUR Á KISS FM 89,5

# *Silvía Nótt, fótbolti, stríðsmyndir og Lundúnir*

**TÓNLIST**
Ég hef lengi verið aðdáandi U2 og það magnaðist upp úr öllu valdi þegar ég sá sveitina á tónleikum í fyrra. Hef gaman af rokki en einnig músík á rólegri nótunum og nefni þar James Blunt, en eitthvað við lögin hans kalla á mig. Svo fíla ég íslenska bandið Jeff Who og auðvitað Silvíu Nótt!

**BÍÓMYND**
Síðustu tvö sunnudagskvöld hef ég legið yfir bíómyndum níunda áratugarins og skemmt mér yfir snilldarverkunum Karate Kid og Ghostbusters. Ég er hrifnastur af sögulegum kvikmyndum á borð við Braveheart og Gladiator, sem og seinni tíma stríðsmyndum sem byggja á heimildum. Annars hef ég gaman af flestu nema hrollvekjum.

**BÓK**
Árum saman hef ég fengið eftirlætis bókaröðina mína, Íslenska knattspyrnu, í jólagjöf frá fósturföður mínum, enda skyldueign íslenskra fótboltamanna að eiga slík heimildarrit aftur í tímann um íslenskan fótbolta.

**BORG**
Mér finnst Lundúnir magnaður staður og tel vonlaust að fá leið á borginni sem ferðamaður. Mér finnst ekki síður gaman að þvælast um Oxford Street eða hvert annað sem borgin togar mig.

**BÚÐ**
Hafi ég tíma aflögu er gaman að grúska í nýjum geisladiskum í Skífunni, kíkja á boli í Ósóma og Dogma og kaupa eitthvað flott fatakyns í Next eða Jack & Jones. Ég fer sjaldnast tómhentur úr þessum verslunum, sé ég á kaupbuxunum á annað borð.

**VERKEFNI**
Ég starfa sem birtingastjóri hjá Íslenska útvarpsfélaginu, auk þess að vera með daglegan útvarpsþátt milli 16 og 18 á Kiss FM. Nú stendur yfir leit að næstu útvarpsstjörnu Íslands á Kiss, en úrslit verða kunngjörð 7. apríl. Þá æfi ég knattspyrnu sem sóknarmaður hjá ÍR, en liðið er sem stendur í annarri deild



og við auðvitað bjartsýnir á gott gengi á sumri komanda.

## NIKITA: STENDUR UPPI Í HÁRINU Á STÓRFYRIRTÆKJUM

# Eitt besta vörumerkið í Bandaríkjunum

Íslenska vörumerkið Nikita var fyrir skömmu tilnefnt til ímyndarverðlaunanna Vörumerki ársins fyrir konur í Ameríku af SIMA, samtökum framleiðenda í brimbrettaiðnaðinum. Nikita mun þar keppa við stórfyrirtæki á borð við O'Neill Girls og Billabong Girls en þetta er annað árið í röð sem Nikita hlýtur þessa tilnefningu og því ljóst að því hefur tekist að skapa sér stórt nafn í þessum geira.

Rúnar Ómarsson, einn eigenda Nikita, var þó ekki mikið að kippa sér upp við þennan heiður þegar Fréttablaðið hafði tali af honum. „Þetta er fyrst og fremst viðurkenning á því hvernig okkur hefur tekist að markaðssetja merkið," útskýrir Rúnar en Nikita auglýsir reglulega í stórum blöðum og stendur auk þess fyrir viðburðum sem augljóslega hafa vakið mikla athygli hjá samtökunum. Nikita er frekar lítið fyrirtæki sem hannar kvenfatnað í svokölluðum lífsstílsfatnaði. Það var stofnað í ársbyrjun 2000 og er í dag með dótturfyrirtæki í Hamborg og San Francisco en hjá því starfa 24 manns og eru höfuðstöðvar þess hér á landi. Á þessum sex árum hefur vegur fyrirtækisins vaxið jafn og þétt og nú er svo komið að það hefur margfaldað sölu sína á fimm árum. „Varan er seld í yfir þrettán hundruð búðum í þrjátíu löndum," segir Rúnar en 95 prósent af sölunni rata út fyrir landsteinana. „Ísland er einfaldlega lítið land með lítinn markað," svarar Rúnar þegar hann er inntur eftir því af hverju merkið sé ekki meira áberandi hér á landi.

Verðlaunin verða afhent í Mexíkó í sumar en þá hittist iðnaðurinn í jakkafötum og menn klappa hver öðrum á bakið auk þess sem lofræður eru fluttar. „Óskarsverðlaunin okkar," segir Rúnar og hlær en reiknaði ekkert frekar með því að fara. „Ég þarf að hlera hvort við neyðumst til að halda ræðu. Ef svo er bregðum við undir okkur betri fætinum, ef ekki þá höldum við bara áfram að vinna enda höfum við nóg fyrir stafni."



**NIKITA** Lisa Filzmoser, ein fremsta snjóbrettakona heims, er hér í sumarlínu Nikitu fyrir árið 2006.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mannlífi, undir ritstjórn **Reynis Traustasonar**, hefur verið hótað lögsókn ef upptökur af loforðum Mark Ashley Wells verði ekki teknar út af vef tímaritsins, mannlif.is. Ritstjórinn staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið en Mannlíf var með ítarlega úttekt á viðskiptum umrædds Wells og fyrirtækis hans, Aquanetworld, í nýjasta tölublaði sínu. Þar er því haldið fram að fyrirtækið sé ein stór svikamylla sem hafi skilið fjölda manns eftir í sárum en Wells lofar gulli og grænum skógum á upptökunum. Reynir sagðist ekki hafa í hyggju að fjarlægja upptökurnar og reiknaði með að Wells myndi leita til sýslumanns í þeirri von að fá á þær lögbann. „Þetta mál varðar almenning enda er það litli maðurinn sem fer hvað verst út úr þessu," segir Reynir.



Sjálfstæðisbarátta Íslendinga hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga undir forystu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Sparisjóðurinn hefur greinilega fengið sig fullsaddan á þeirri útvötnun rótgróinna gilda og frelsisskerðingu sem alþjóðavæðingin og útrás íslenskra fyrirtækja hafa haft í för með sér og gerir orð og andlit Jóns Sigurðssonar, sóma Íslands, sverðs þess og skjaldar, að sínum í mikilli auglýsingaherferð. Bankar sem veita íbúðalán með skilyrðum um önnur bankaviðskipti eru orðnir ígildi dönsku einokunarkaupmannanna - fantanna sem kúguðu okkur hér áður fyrr - og á heimasíðu SPRON spyr Jón Sigurðsson ábúðarfullur: „Búið þér við fullt frelsi?" Sparisjóðurinn býður nefnilega upp á íbúðalán sem á heimasíðu hans eru sögð „án þvingandi **silyrða** [svo] um önnur bankaviðskipti." Gárungarnir hafa vitaskuld gert sér mat úr þessari innsláttarvillu og spyrja hvort það skipti svo sem nokkru máli þó að einn stafur detti út - eða bætist við - til dæmis þegar maður tekur bankalán?



**- bs**




# Byltingarkenndur titringur

Ný rakvél fyrir konur, sem nefnist Gillette Venus Vibrance, er komin á markað. Eins og nafnið gefur til kynna hefur hún yfir að ráða einhver konar titrara.

„Þetta er álíka mikil bylting fyrir konur og M3 Power var fyrir herrana," segir Jensína Böðvarsdóttir, markaðsstjóri Globus, sem flytur inn vélarnar. „Þetta er í fyrsta sinn sem kemur rakvél fyrir konur sem er með rafhlöðum rétt eins og M3 Power var," segir hún.

Að sögn Jensínu hefur titrarinn í Venus-vélinni marga góða kosti. „Örtitringurinn fer til blaðanna sem tekur dauðu húðfrumurnar og raksturinn verður líka mýkri og betri."

Eitthvað hefur verið gert grín að því að konur geti einnig notað þessa nýju rakvél sem titrara á kynferðislegan hátt. Jensína gefur lítið fyrir það og segir rakvélina að öllu gríni slepptu mjög góða. „Mér finnst Vibrance betri en sú sem var á undan en það er bara mitt álit," segir hún.

Ný rakvél fyrir karla, Mach3 Power Nitro, er einnig komin á markað og sú hefur einnig upp á örtitring að bjóða. „Þeir karlmenn sem ég hef talað við kjósa hana umfram það sem þeir hafa áður verið að nota," segir Jensína, sem hefur greinilega tröllatrú á þessum nýju vélum.

**- fb**



**MÝKRI OG BETRI RAKSTUR** Jensína Böðvarsdóttir heldur á nýju Venus Vibrance-rakvélinni með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Úrval af húsgögnum
á vaxtalausum kjörum
Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 19.990,-
Sófaborð
70x42x70
Sófaborð
135x42x70
Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-
Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.500*
á mán. í 10 mánuði
Verð 15.000,-
Borð 2640
gegnheil eik
48x48x70
Vaxtalaust tilboð!
aðeins
5.000*
á mán. í 24 mánuði
Verð 120.000,-
Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 19.990,-
Sófaborð
70x40x70
Sófaborð
135x40x70
Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.499*
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-
Vaxtalaust tilboð!
aðeins
2.000*
á mán. í 10 mánuði
Verð 20.000,-
Borð
gegnheil eik
53x35x76
Borðstofuskápur
gegnheil eik
200x61x215
Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri
Fullt verð
168.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Leðursófasett 3+1+1 Dany
99.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Leðursófasett 3+1+1 1980
Fullt verð
144.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Hornsófi 2+h+2 Bycast
99.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Leðursófasett 3+1+1 1852
99.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Leðursófasett 3+1+1 Kansas
Fullt verð
156.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Púðahornsófi 2+h+2 Paris
Fullt verð
237.600
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Leðursófasett 3+1+1 3002
Fullt verð
168.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Leðursófasett 3+1+1 3057
Fullt verð
168.000
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.
Leðurhornsófi 2+h+2 3130
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.
Gildir til 22. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR
KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

# Forgangur og fyrirgangur

Einhverjum brá í brún þegar varaformaður fjárlaganefndar Alþingis sagði enga heimild vera í fjárlögum fyrir milljarðaútgjöldum vegna byggingar tónlistarhúss. Bjargvætturinn að vestan sagði líka ótækt að skuldbinda ríkið til áratuga án samráðs við fjárlaganefndina. Áður höfðu skellihlæjandi pólitíkusar og viðskiptajöfrar með miklum fyrirgangi undirritað skrilljóna samning um byggingu tónlistarhallar sem þó dugar ekki einu sinni fyrir óperusöng.

**SKÖMMU** síðar lýsti Jónínunefndin því yfir að tímabært væri að ræða þann möguleika að efnameira fólki verði gert kleift að kaupa sér forgang að heilbrigðisþjónustu. Orð eru til alls fyrst og það er afskaplega lýsandi fyrir undirspilið í samfélaginu að þessi forleikur skuli nú vera að hefjast. Hjúkrunarforstjóri á heimili fyrir aldraða lýsti því fyrir skömmu hvernig ráðþrota aðstandendur hefðu skellt peningatilboðum á borðið svo greiða mætti fyrir fjársterkari ömmum og öfum. Þótt forsætisráðherra telji ekki ríkja neyðarástand í málefnum aldraðra segja biðlistarnir annað. Við hin byggjum tónlistarhús.

**TÆKNISTJÓRI** hætti hjá Gæslunni á dögunum þar sem hann treysti sér ekki til að halda þyrluspöðunum gangandi fyrir þá fjármuni sem nú eru lagðir til starfseminnar, þótt aðrir þar segi Gæsluna geta skrimt. Þjóðin varð þó vitni að því á dögunum að báðar þyrlur voru í bútum inni á gólfi þegar á þurfti að halda. En við þurfum stórt tónlistarhús og pólitíkusar sögðust við það tilefni sjaldan hafa verið eins glaðir að eyða svo miklum peningum. Mikið væri notalegt að heyra þannig yfirlýsingar varðandi bættan aðbúnað við aldraða.

**AUÐVITAÐ** vilja sauðsvartir eiga glæsilegt tónlistarhús og þess vegna hátæknispítala líka, en í heimilisbókhaldinu þarf alltaf að forgangsraða. Mannskapurinn þarf að eiga þak yfir höfuðið, búa við lágmarks heilbrigði og öryggi áður en rokið er í að kaupa amerískan pallbíl, risaflatskjá og flugmiða til sólarlanda með fyrirgangi og látum og halda dýrar veislur með skemmtikröftum og tilheyrandi gauragangi. Annað gæti talist óábyrgur heimilisrekstur.




